

skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
1. maí




VINNAN
FYLGIR
FRÉTTABLAÐINU
Í DAG





# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
**1. maí 2012**
101. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Framsækið leikhús

*Ragnheiður Skúladóttir er nýráðinn listrænn stjórnandi Leikfélags Akureyrar.*

**tímamót** 24

## 100 þúsund eintök

*Of Monsters and Men hefur selt plötu sína í rúmum 100 þúsund eintökum.*

**popp** 38



## Valdaskipti í augsýn

*Man. City hrifsaði toppsætið í enska boltanum af Man. Utd í gær.*

**sport** 34

## veðrið í dag




**VÍÐA BJART** Í dag verða vestan eða suðvestan 8-13 m/s N- og NV-til en annars 5-10 m/s. Víða bjart en skýjað við V-ströndina. Hiti 5-12 stig.

**VEÐUR** 4

# Fékk þrettánfalt matsverð fyrir hlut í Aurum Holding

**Dómkvaddir matsmenn í Aurum Holding-málinu segja hlut Fons í félaginu hafa verið 464 milljóna virði þegar hann var seldur á sex milljarða króna. Stefndu segja sex milljarða tilboð frá Dubai hafa legið fyrir.**

**DÓMSMÁL** Rúmlega fjórðungshlutur í breska félaginu Aurum Holding, sem Glitnir lánaði FS38 ehf. sex milljarða króna til að kaupa í júlí 2008, var 464 milljóna króna virði þegar viðskiptin áttu sér stað. Því var kaupverðið þrettánfalt raunvirði hlutarins. Þetta er niðurstaða dómkvaddra matsmanna í skaðabótamáli sem slitastjórn Glitnis rekur gegn Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Pálma Haraldssyni, Lárusi Welding og þremur fyrrum starfsmönnum Glitnis.

Í málinu eru hinir stefndu sameiginlega krafðir um greiðslu á sex milljörðum króna auk vaxta frá miðju ári 2008, en öll lánsupphæðin tapaðist á endanum og bar þrotabú Glitnis allt tapið. Jón Ásgeir og Pálmi fengu hvor sinn milljarðinn af lánsfénu til ráðstöfunar en fjórir milljarðar fóru í að greiða niður lán Fons.

> **929** milljónir króna eru efri mörk matsins. Neðri mörk þess eru 0 krónur.

Í lok mars 2011 voru Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði og fyrrum efnahags- og viðskiptaráðherra, og Bjarni Frímann Karlsson, lektor í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, kvaddir til sem matsmenn í málinu. Heimildir Fréttablaðsins herma að matsmennirnir hafi komist að því að virði hlutarins sem FS38 greiddi sex milljarða króna fyrir hafi verið á bilinu 0 til 929 milljónir króna. Niðurstaða þeirra sé því að eðlilegt mat á hlutnum sé mitt á milli efri og neðri marka matsins, eða 464 milljónir króna. Matsmennirnir hafa nú lokið við að meta markaðsverðmæti hlutarins og verður skýrsla þeirra lögð fyrir við fyrirtöku á miðvikudag, þann 2. maí.

Málsvörn hinna stefndu í málinu hefur meðal annars verið sú að snemma árs 2008 hafi Kaupþing haft milligöngu um að kynna fulltrúa Damas Jewellery í Dubai, stærsta skartgripasala Mið-Austurlanda, fyrir forsvarsmönnum Baugs, félags sem Jón Ásgeir var ráðandi í. Í kjölfarið hafi Damas lýst yfir áhuga á að kaupa allan hlut Fons í Aurum og skrifað hafi verið undir óskuldbindandi tilboð um miðjan júní upp á um sex milljarða króna. Hinir stefndu telja að tilurð þess sýni hvaða verðmæti lá til grundvallar í væntanlegum viðskiptum. Upp úr viðræðum við Damas slitnaði í október 2008.

**- þsj /** **sjá síðu 4**



**BOLTINN UPP Í STÚKU?** Fjölmenni kom saman í stóra salnum í Smárabíói í gær til að fylgjast með æsilegri viðureign Manchester-liðanna City og United. Gestir skrýddust dekktum gleraugum – ekki til að líta vel út, heldur vegna þess að leikurinn var sendur út í þrívídd. Ólíklegt er að sá rauðklæddi fremst á myndinni hafi fagnað úrslitum leiksins, sem lauk með sigri bláklæddra í City-liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tólfta Star Trek-myndin:

## Til skoðunar að taka á Íslandi

**KVIKMYNDIR** Til greina kemur að taka upp atriði fyrir nýja Star Trek-mynd á Íslandi í sumar. Ef af verður mun íslenska framleiðslufyrirtækið Saga Film hafa umsjón með tökum hérlendis, að því er fram kemur í blaðinu Fólki, sem dreift er með Fréttablaðinu.



**NÚTÍMA SPOCK** Zachary Quinto sem Spock í síðustu Star Trek-myndinni.

Myndin sem um ræðir yrði sú tólfta í Star Trek-kvikmyndaröðinni. Síðasta Star Trek-myndin kom út árið 2009 og naut gríðarlegra vinsælda um heim allan. Mikil leynd hvílir yfir framleiðslu myndarinnar ytra. Þannig hefur til að mynda enn ekki verið greint frá titli hennar og söguþráðurinn er á huldu. **- rve**

Þingmenn leggja til nýja tímasetningu fyrir þjóðaratkvæði um stjórnarskrá:

# Vilja kjósa um stjórnlög í haust

**ALÞINGI** Nokkrir þingmenn leggja til að kosið verði um tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá í haust, í síðasta lagi 20. október. Þeir hafa lagt fram breytingartillögu við fyrirliggjandi tillögu um ráðgefandi þjóðaratkvæði.

Samþykkja þarf slíka tillögu tveimur mánuðum fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu. Málið var til umræðu á þingi 29. mars, en þá var lagt til að kosið yrði samhliða forsetakosningum 30. júní. Ekki náðist að afgreiða það fyrir tilskilinn frest. Valgerður Bjarnadóttir, einn flutningsmanna breytingartillögunnar, segir að hún verði tekin til umræðu um leið og umræðan hefst á ný, vonandi í þessari viku.

Flutningsmenn ásamt Valgerði eru Álfheiður Ingadóttir, Róbert Marshall, Lúðvík Geirsson, Magnús M. Norðdahl, Margrét Tryggvadóttir og Guðmundur Steingrímsson.

Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær, áður en tillagan var lögð fram, að meginafstaða flokksins lægi ljós fyrir; eðlilegra væri að vinna hina faglegu vinnu á Alþingi áður en farið væri í þjóðaratkvæðagreiðslu. **- kóp**


**TILBOÐ MÁNAÐARINS**
**- yndislegar lestrarbækur**
**40%** afsláttur í maí



**Verð nú 1.799 kr.** Verð áður 2.999 kr.
**Verð nú 1.799 kr.** Verð áður 2.999 kr.
**Verð nú 1.799 kr.** Verð áður 2.999 kr.
**Verð nú 1.379 kr.** Verð áður 2.299 kr.
**Verð nú 1.199 kr.** Verð áður 1.999 kr.

Tilboðið gildir á öllum helstu sölustöðum bókanna.

Unga ástin mín
sjá nánar á ungaastinmin.is

STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



**SPURNING DAGSINS**



*Elvar, eru fálkar meðal byssumanna?*

„Já, bæði fálkar og svo eigum við hauk í horni."

Nokkuð hefur verið um að fálkar hafa fundist skotnir. Elvar Árni Lund er formaður Skotveiðifélags Íslands sem rekið hefur áróður fyrir siðbót meðal skotveiðimanna.

Ytri aðstæður sagðar skýra 4,7 milljarða verri afkomu hjá Reykjavíkurborg:

# Átján milljarða sveifla milli ára

**REYKJAVÍK** Rekstur Reykjavíkurborgar er um 4,7 milljörðum lakari en fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 sagði til um. Þá er sveiflan frá síðasta ári neikvæð er nemur um 18 milljörðum króna.

Ársreikningur borgarinnar 2011 var kynntur í gær. Í tilkynningu frá borginni segir að meginástæður afkomunnar megi rekja til gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga upp á 4,4 milljarða sem var áætluð 600 milljónir, gengistaps og aukins fjármagnskostnaðar vegna verðbólgu. Jákvæðu tíðindin felist í að aðgerðir Orkuveitu Reykjavíkur hafi skilað miklum árangri.

Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir að niðurstöðurnar staðfesti mun lakari afkomu en áætlanir hafi gert ráð fyrir og séu til marks um „ónógt aðhald, ófullnægjandi árangur í hagræðingu og almennt ranga forgangsröðun í þágu kerfisins en á kostnað fólksins."

Hanna Birna segir jafnframt ársreikninginn endurspegla ár af mörgum röngum ákvörðunum, hversu illa áætlanir meirihlutans standist og hversu lítill árangur hafi náðst í hagræðingu. **- shá**



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Meirihlutinn segir borgina vel í stakk búna að mæta skuldbindingum sínum og að allur almennur rekstur fagsviða sé eftir áætlunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kjör til vígslubiskups:

## Tvö vilja verða biskup á Hólum

**ÞJÓÐKIRKJAN** Framboðsfrestur til kjörs vígslubiskups að Hólum í Hjaltadal rann út í gær og hafa tvö boðið sig fram.

Það eru þau sr. Kristján Björnsson sóknarprestur í Vestmannaeyjaprestakalli og sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir sóknarprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Enn er þó möguleiki á að tilkynning um framboð sé í pósti og því ekki ljóst fyrr en síðar í vikunni hversu margir gefa endanlega formlega kost á sér.

Kröfu Seðlabankans hafnað:

## Máli Más ekki vísað frá dómi

**DÓMSMÁL** Launadeilu Más Guðmundssonar seðlabankastjóra við Seðlabankann var ekki vísað frá dómi í gær þrátt fyrir kröfu bankans þar um. Málið heldur því áfram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og verður tekið til aðalmeðferðar.



**MÁR GUÐMUNDSSON**

Már krefst þess að ákvörðun kjararáðs um að lækka laun hans verði afturkölluð, enda hafi bankaráð Seðlabankans ráðið hann til starfa á hærri launum og ákvörðun kjararáðs geti ekki verið afturvirk.

Seðlabankinn fór fram á frávísun málsins, taldi að ekki ætti að stefna Seðlabankanum heldur efnahags- og viðskiptaráðherra ásamt íslenska ríkinu, auk fleiri málsástæðna. Héraðsdómur hafnar þessu öllu og málið heldur því áfram fyrir dómi. **- sh**

Með 8,5 kíló af amfetamíni:

## Dópsmyglarar áfram í haldi

**LÖGREGLUMÁL** Fjórir pólskir menn hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 14. maí vegna rannsóknar á umfangsmiklu fíkniefnasmygli. Mennirnir voru handteknir um miðjan mánuðinn eftir að 8,5 kíló af amfetamíni fundust í fórum þriggja þeirra.

Tveir komust í gegnum Leifsstöð með amfetamínpakkningar en sá þriðji var gripinn eftir að fíkniefnahundur sýndi honum grunsamlega mikla athygli. Hinir tveir voru þá eltir uppi og handteknir á leið sinni til Reykjavíkur. Sá fjórði er búsettur hér. Ekki er talið að þetta hafi verið fyrsta smyglferð hópsins hingað. **- sh**

# „Sælgæti" fyrir máva stráð á velli í Kópavogi

**Mikið mávager sækir nú í kjötmjöl á íþróttavöllum í Kópavogi. Forstöðumaður íþróttamála stekkur með gasbyssur á milli valla til að fæla varginn frá. Hann segir kjötmjölið hafa verið afhent í kögglum en ekki sem duft eins og í fyrra.**

**UMHVERFISMÁL** „Munurinn liggur í því að kjötmjölið er kögglað núna en var meira duft í fyrra. Þá er þetta eins og ég sé að dreifa sælgæti á völlinn," segir Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi og forstöðumaður íþróttavalla í Kópavogsbæ um mávaplágu á íþróttavöllum bæjarins.

Íbúar í nágrenni íþróttavalla HK í Fossvogsdal, Kópavogsvallar Breiðabliks, Kóravallar og Versalavallar hafa kvartað undan ónæði og óþrifum af gríðarlegum mávaflokkum sem sækja í vellina. Ástæðan er kjötmjöl sem dreift var á vellina og sendir frá sér mikla lykt sem vargfuglarnir renna á. Ómar segir ekki bæta úr skák hversu hávær mávurinn sé.



**ÓMAR STEFÁNSSON**

„Fyrsti völlurinn slapp því þá var fuglinn ekki kominn," segir Ómar sem hefur tvær gasbyssur til umráða og fer á milli íþróttavallanna til að skjóta mávunum skelk í bringu. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum síðdegis í gær var hann að færa gasbyssu til á Kóravelli. Þar vomuðu fuglarnir yfir en héldu sig fjarri á meðan hvellirnir ómuðu frá gasbyssunni. Ómar færði byssuna upp á þak í öryggisskyni.

„Það er svo krakkarnir geti ekki komist að henni; þetta er svo vinsælt," segir Ómar sem kveður börnin keppast við að standa sem næst gasbyssunni án þess að þurfa að halda fyrir eyrun.



**KÓPAVOGSVÖLLUR** Mávaflokkar hafa frá því í síðustu viku flögrað á milli íþróttavalla í Kópavogi sem alþaktir eru kjötmjöli þessa dagana eins og hér á velli Breiðabliks fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Það er bara geggjun að kaupa tilbúinn áburð.
>
> **ÓMARS STEFÁNSSON**
> FORSTÖÐUMAÐUR ÍÞRÓTTAVALLA Í KÓPAVOGI

Ómar segir að kjötmjöl hafi verið sett á þrjá velli í bænum í fyrra en á alla vellina að þessu sinni. Mjölið sé ekki aðeins margfalt ódýrara en tilbúinn áburður heldur líka mun betra. „Vellirnir sem fengu mjölið í fyrra líta miklu betur út en hinir vellirnir. Það er bara geggjun að kaupa tilbúinn áburð," segir hann.

Auk þess sem gasbyssunum er beitt gegn ásókn mávanna segir Ómar að unnið sé að því að fá mjölið ofan í grassvörðinn með því að slá vellina og bleyta þá hressilega. Hann vonist til að mávurinn verði á braut innan fárra daga.

„Við erum að reyna að koma honum fyrr í burt. Mitt neyðarbrauð verður að hringja í Gísla Martein og fá hann hingað með riffilinn," segir Ómar og vísar þar til umræðu sem var í Reykjavík fyrir nokkrum árum þar sem borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson talaði fyrir því að mávum yrði kerfisbundið fækkað með skotvopnum. **gar@frettabladid.is**

Ferju hvolfdi á Indlandi:

## Tvö hundruð manns látnir

**INDLAND, AP** Óttast er að um tvö hundruð manns hafi farist þegar ferju hvolfdi á fljótinu Brahmaputra í norðvestanverðu Indlandi.

Um 150 manns björguðust en þeir voru allir á efsta þilfari.

Allt of margir farþegar voru í ferjunni, en algengt er að ferjur á þessum slóðum séu ofhlaðnar. Erfitt veður var þegar slysið varð.

Ferjur og bátar eru algengasti ferðamátinn á þessum slóðum, þar sem margar eyjar eru á fljótinu og fjöldi lítilla þorpa á bökkum þess. **- gb**

Straumsvíkurmál dómtekið:

## Krefst tólf og tíu ára fangelsis

**DÓMSMÁL Saksóknari fór fram á tíu og tólf ára fangelsisdóma yfir höfuðpaurunum í svokölluðu Straumsvíkurmáli á síðasta degi aðalmeðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.**

**Sex eru ákærðir í málinu, en tveir fyrir alvarlegasta ákæruliðinn, sem snýst um innflutning á tíu kílóum af amfetamíni, 8.100 e-töflum, 200 grömmum af kókaíni og töluverðu magni af sterum. Það eru þeir Geir Hlöðver Ericsson, sem saksóknari krefst tólf ára fangelsis yfir, og Sævar Sverrisson, sem saksóknari vill fá dæmdan í tíu ára fangelsi.**

**Dómur verður að líkindum kveðinn upp í málinu innan fjögurra vikna. - sh**

**SAMGÖNGUR**

**Strætó á sunnudagsáætlun**

Akstur vagna Strætó bs. í dag, á frídegi verkalýðsins, verður að venju samkvæmt sunnudagsáætlun. Nánari upplýsingar má finna á straeto.is og í þjónustusíma Strætó bs. 540 2700.


**Streita og svefntruflanir**
**Hvað er til ráða?**

**Þriggja kvölda námskeið:** 10., 15. og 22. maí kl. 20:00
Verð samtals kr. 7.500,-



Erla Gerður Sveinsdóttir, læknir



Magna Fríður Birnir, hjúkrunarfræðingur



Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur

Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • www.heilsuborg.is


Húsafriðunarnefnd og borgarminjavörður andvíg breytingum á Fríkirkjuvegi 11:

# Björgólfi meinað að rífa aðalstigann

**SKIPULAGSMÁL** Hvorki Húsafriðunarnefnd né borgarminjavörður telja koma til greina að heimila niðurrif aðalstigans í hinu sögufræga húsi Fríkirkjuvegi 11.

Novator, félag Björgólfs Thors Björgólfssonar sem keypti húsið fyrir hrun, vill gera breytingar á innra skipulagi þess. Við fyrri endurbætur sem borgin stóð fyrir á húsinu var leitast við að færa það í upprunalegt horf að innan sem utan. Ytra byrði hússins var friðað 1978.

„Með því að fjarlægja stiga milli fyrstu og annarrar hæðar raskast grunnhugmynd í innra skipulagi hússins og jafnframt hverfa brjóstþil sem nú eru upp með stiganum í aðalgangi hússins," segir í umsögn Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttur borgarminjavarðar til skipulagsstjóra. Hún segir ekki hægt að fallast á þessar breytingar eins og þær liggi fyrir.





**FYRIR OG EFTIR** Eigandinn vill fjarlægja aðalstigann í Fríkirkjuvegi 11 eins og sjá má af þessum tveimur tölvumyndum. MYND/TARK

Húsafriðunarnefnd tekur í sama streng. „Ekki er loku fyrir það skotið að fallist verði á breytingar en öllum meiriháttar breytingum, svo sem færslu á aðalstiga hússins, er alfarið hafnað," segir í umsögn frá Nikulási Úlfari Mássyni, forstöðumanni Húsafriðunarnefndar. **- gar**

1. MAÍ 2012

# VINNA ER VELFERÐ!

Það eru sjálfsögð mannréttindi að ganga til góðrar vinnu á hverjum degi. Án atvinnu hrynja eðlilegir afkomumöguleikar einstaklingsins, hætta er á að félagsleg tengsl rofni og sjálfsmyndin brotni. Við það verður samfélagið af mikilvægum verðmætum. Atvinnuleysi skemmir og skaðar velferð okkar allra.

En þetta þarf ekki að vera svona. Við Íslendingar búum í landi sem er fullt af tækifærum til atvinnusköpunar. Á meðan verkefnin bíða eru þúsundir vinnufúsra handa aðgerðalausar. Við sættum okkur ekki við þessa stöðu. ASÍ krefst breytinga! Það verða allir að leggjast á eitt og setja fjárfestingar í nýjum atvinnutækifærum á sjálfbærum grunni í öndvegi, fjölga störfum og auka tekjur.

**ASÍ óskar launafólki til hamingju með daginn og hvetur til samstöðu í aðgerðum stéttarfélaganna 1. maí.**

Alþýðusamband Íslands

## GENGIÐ 30.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,55 | 126,15 |
| Sterlingspund | 204,02 | 205,02 |
| Evra | 165,89 | 166,81 |
| Dönsk króna | 22,298 | 22,428 |
| Norsk króna | 21,866 | 21,994 |
| Sænsk króna | 18,597 | 18,705 |
| Japanskt jen | 1,5651 | 1,5743 |
| SDR | 194,54 | 195,7 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,1331

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslendingar verja að meðaltali tæpum fimmtungi ráðstöfunartekna sinna í húsnæðiskostnað:

# Húsnæðiskostnaður þungur baggi fyrir fimmtung

**EFNAHAGSMÁL** Rúmur fimmtungur Íslendinga ver meira en 40% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæðiskostnað. Ungt fólk í óniðurgreiddu leiguhúsnæði er líklegast til að búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað. Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri umfjöllun Hagstofunnar um ráðstöfunartekjur og húsnæðiskostnað.

Að meðaltali vörðu Íslendingar rúmlega 18% af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði á árinu 2011. Leigjendur greiddu að meðaltali 22,3% tekna sinna en eigendur 17,2%.

Þá bjuggu 10% eigenda við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað og 16,4% leigjenda. Hjá þeim sem búa einir var hlutfallið 24,5%. Yngra fólk og fólk með lágar tekjur var líklegra til að búa við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað en meðal þess fimmtungs sem hefur lægstar tekjur var hlutfallið 32%.

Í umfjöllun Hagstofunnar er að finna samanburð á stöðu íslenskra heimila og heimila í öðrum Evrópuríkjum. Leiðir samanburðurinn í ljós að hlutfall einstaklinga sem glíma við verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað var lægra í átján Evrópuríkjum en á Íslandi og hærra í ellefu ríkjum. Hæst er hlutfallið í Danmörku, um 22%, en lægst á Möltu, um 2,5%. Þá greiða 20 Evrópuþjóðir lægra hlutfall tekna sinna í húsnæðiskostnað en níu þjóðir hærra hlutfall. - mþl






**FJARÐAÁL** Framleiðsluverð fyrir stóriðju hækkaði um 4,5 prósent í marsmánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Framleiðsluvörur hækka

**EFNAHAGSMÁL Vísitala framleiðsluverðs, sem mælir verðþróun framleiðsluvara, hækkaði um 2,7 prósent í mars miðað við mánuðinn á undan. Þar af hækkaði framleiðsluverð fyrir sjávarafurðir um 2,2 prósent og fyrir stóriðju um 4,5 prósent. Vísitalan fyrir matvæli lækkaði um 0,2 prósent og vísitala fyrir annan iðnað hækkaði um 2,1 prósent.**

**Verð á framleiðsluvörum framleiddum á Íslandi hækkaði um 0,7 prósent á milli mánaða og verð erlendra framleiðsluvara hækkaði um 3,3 prósent.** - mþl

Danskur unglingur dæmdur:

## Olli dauða vinar í bifhjólaslysi

**DANMÖRK** Sautján ára piltur var í síðustu viku dæmdur í héraðsdómi í danska bænum Sönderborg fyrir manndráp af gáleysi, en hann varð valdur að dauða vinar síns í bifhjólaslysi í fyrrasumar.

Að því er fram kemur á vefnum jv.dk reiddi hinn dæmdi vin sinn aftan á hjólinu um miðja nótt. Piltarnir voru báðir ölvaðir og hjálmlausir þegar þeir óku gegn rauðu ljósi og í veg fyrir vörubíl, með fyrrgreindum afleiðingum.

Pilturinn gekkst við öllum brotum sínum og hlaut þriggja mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. Auk þess þarf hann að inna af hendi 80 stunda samfélagsþjónustu. - þj

# Vinnuveitendur komi til móts við barnafjölskyldur

**Borgaryfirvöld og leikskólastjórar hvetja atvinnulíf til að vera sveigjanlegra gagnvart starfsdögum í leikskólum. Þeir bæti leikskólastarfið. Foreldrar segja ósanngjarnt að bera kostnað af fjölgun starfsdaga.**

**MENNTAMÁL** Reykjavíkurborg vill uppbyggilegt samstarf við atvinnulífið um hvernig best verður komið til móts við þarfir barnafólks. Þetta segir Oddný Sturludóttir, formaður skóla- og frístundaráðs. Samtök atvinnulífsins (SA) hafa gagnrýnt fjölgun starfsdaga í leikskólum borgarinnar og segja hana bitna á foreldrum og vinnustöðum þeirra.



**RÓSA STEINGRÍMSDÓTTIR**

Oddný segir mikilvægt að muna að leikskólinn sé fyrst og síðast menntastofnun, en ekki bara þjónustustofnun. Mikið þróunarstarf hafi átt sér stað innan leikskólans og það séu hagsmunir allra; barna, foreldra og atvinnulífsins.

Ingibjörg Kristleifsdóttir, formaður Félags stjórnenda leikskóla, segir að fagstéttin fagni auknu svigrúmi til innleiðingar aðalnámskrár og annarrar undirbúningsvinnu sem þurfi að eiga sér stað í leikskólum. Hún er ósátt við málflutning SA.

„Það sem mér finnst sorglegast við hann er að mér finnst svo lítið gert úr foreldrum með það að þeir snúist öndverðir við þessu. Foreldrar gera kröfur um gæði í leikskólastarfi. Þetta snýst um menntatilboð fyrir börn, ekki þjónustu við atvinnulífið.“

Rósa Steingrímsdóttir er formaður Barnanna okkar, samtaka foreldrafélaga leikskóla og er áheyrnarfulltrúi í skóla- og frístundaráði. Hún segir það vera til góða fyrir leikskólastarf að starfsmenn fái aukinn fundartíma.



**INGIBJÖRG KRISTLEIFSDÓTTIR**



**ODDNÝ STURLUDÓTTIR**

> Þetta snýst um menntatilboð fyrir börn, ekki þjónustu við atvinnulífið.
>
> **INGIBJÖRG KRISTLEIFSDÓTTIR** FORM. FÉLAGS STJÓRNENDA LEIKSKÓLA

„Hins vegar hefði mátt fara aðra leið og borga starfsmönnum yfirvinnu. Það kemur sér illa fyrir marga foreldra að þurfa annað hvort að taka sér launalaust frí frá vinnu eða að dekka starfsdaga með sumarfríi. Ég styð aukinn fundartíma leikskólastarfsfólks, en set spurningarmerki við hvort rétt sé að velta kostnaðinum alfarið yfir á foreldra.“

Ingibjörg segir að starfsmannafundir utan vinnutíma hafi verið skornir niður í niðurskurðinum. Væri meira fé veitt í málaflokkinn væri hægt að greiða yfirvinnu fyrir fundi utan vinnutíma. Hún kallar hins vegar eftir varanlegri lausn á starfsumhverfinu.

„Við verðum að skoða hvernig þessu verður best komið fyrir. Börnin verða að fá það besta sem í boði er, en það er ekki hægt að bjóða upp á það nema að skipuleggja það.“

Oddný bendir á að mörg sveitarfélög hafi neyðst til að minnka yfirvinnu starfsmanna en allir hljóti að sjá að ekki sé hægt að jafna saman starfsmannafundi eftir langan vinnudag, eða heilum starfsdegi sem notaður sé í þróun starfsins. kolbeinn@frettabladid.is



**LEIKSKÓLI** Starfsdögum leikskólakennara hefur þegar fjölgað úr þremur í fimm síðan 2007. Þeir eru ætlaðir til undirbúnings og skipulags skólastarfsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Kostnaður á foreldra og fyrirtæki

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segir mál varðandi starfsdaga ekki snúast um gæðamál í leikskólum, heldur þá þjónustu sem þeir veita. Á Norðurlöndunum leysi menn þessi mál með öðrum hætti og fyrirkomulagið hér hafi verið öðruvísi fyrir hrun. Þá hafi starfsmenn fengið greidda yfirvinnu fyrir þá vinnu sem nú er leyst af hendi á starfsdögum.

„Sveitarfélögin eru að lækka kostnaðinn hjá sér og hlaða kostnaði á fólk og fyrirtæki. Það er mjög óeðlilegt að öll hugsunin í kerfinu sé þannig að það sem sparar krónu hjá borginni geti skapað 10 króna kostnað hjá þeim sem við það búa.“


# Costa del Sol

## Allra síðustu sætin 12. maí

**Frá kr. 99.900 með „öllu inniföldu“**

**10 nátta ferð – einstakt tækifæri**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í 10 nátta ferð fyrir til Costa del Sol þann 12. maí. með „öllu inniföldu“ á Parasol Garden hótelinu. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

**Hotel Parasol Garden *****

**Kr. 99.900 með „öllu inniföldu“**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu“ í 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu“ kr. 118.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 25.300.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MILT OG BJART**
Hið skaplegasta veður á landinu í dag en á morgun fer að rigna um vestanvert landið og norðan og austan til síðdegis. Yfirleitt milt í veðri en kólnar með norðaustanátt um landið norðanvert á fimmtudag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 16° |
| Kaupmannahöfn | 16° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| Mallorca | 21° |
| New York | 19° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 18° |
| París | 17° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# 1. MAÍ
# ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR LAUNAFÓLKS

## Fjölmennum í kröfugöngur og berjumst fyrir réttlátara samfélagi!

**SFR er stéttarfélag** í almannaþjónustu og er félagssvæði þess allt landið. Félagið berst fyrir bættum kjörum og atvinnuöryggi 6.000 félagsmanna sinna.

**Félagsmenn SFR** vinna á flestum sviðum almannaþjónustunnar. Sjö af hverjum tíu félagsmönnum eru konur.

**1. maí kaffi BSRB** verður að Grettisgötu 89, kl. 15:15 að loknum baráttufundi á Ingólfstorgi. Félagsmenn velkomnir.



ATARNA

SFR

STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

## Vinna er velferð!

**KJÖRKASSINN**



*Finnst þér að lögreglan ætti að fá skammbyssur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 75,5% |
| NEI | 24,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er 1. maí – baráttudagur verkalýðsins – hátíðisdagur í þínum huga?*

Segðu skoðun þína á vísir.is VÍSIR

Reynt að semja við kínversk stjórnvöld um örlög Chen Guangchengs:

# Stefnt að hæli í Bandaríkjunum

**KÍNA, AP** Bandarískir og kínverskir embættismenn vinna nú að samkomulagi um að kínverski andófsmaðurinn Chen Guangcheng fái hæli í Bandaríkjunum.

Búist er við niðurstöðu innan skamms, að minnsta kosti áður en Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kemur í heimsókn til Kína síðar í vikunni.

„Þetta fer í rauninni eftir vilja Kínverja til þess að auðvelda brottflutning Chens,“ segir Bob Fu hjá mannréttindasamtökunum China-Aid, sem hafa höfuðstöðvar í Bandaríkjunum.

Chen flúði úr stofufangelsi í síðustu viku og er sagður kominn undir verndarvæng bandaríska sendiráðsins í Peking.

Í stuttu myndbandsávarpi, sem hann gerði eftir að hann flúði, minnist hann ekkert á að hann vilji fara úr landi. Þess í stað krefst hann þess að ofbeldi, sem hann segir embættismenn hafa beitt sig sjálfan og fjölskyldu sína, verði rannsakað.

Chen er sjálfmenntaður lögfræðingur, blindur frá barnsaldri, og var dæmdur í fangelsi árið 2006 eftir að hann hafði vakið athygli á nauðungarfóstureyðingum í sveitum Kína í tengslum við þá stefnu stjórnvalda að enginn megi eignast fleiri en eitt barn um ævina. **- gb**



**CHEN GUANGCHENG** Flúði úr stofufangelsi í Kína og dvelst nú í sendiráði Bandaríkjanna í Peking. NORDICPHOTOS/AFP

Framtakssjóðurinn selur:

# Plastprent í opið söluferli

**VIÐSKIPTI** Framtakssjóður Íslands (FSÍ) hefur sett allt hlutafé í Plastprenti í opið söluferli. Fyrirtækjaráðgjöf Straums fjárfestingarbanka mun annast söluna. Skila þarf skuldbindandi tilboðum inn fyrir hádegi mánudaginn 21. maí næstkomandi. Plastprent hefur farið í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu á undanförnum árum. Félagið tapaði 600 þúsund krónum á síðasta ári en hagnaðist um 279 milljónir króna árið áður. **- þsj**

Hætta stafar af SÄNDA-braut:

# Innkalla ljós vegna gallaðra jarðtenginga

**NEYTENDAMÁL** Hætta er á útleiðslu frá IKEA 365+ SÄNDA-braut 70 og 114 vegna gallaðra jarðtenginga og biður IKEA viðskiptavini að skila slíkri braut. Hægt er að fá nýja braut eða fulla endurgreiðslu, að því er segir í fréttatilkynningu frá versluninni.

Um er að ræða brautir frá framleiðanda 21338 með dagsetningarstimplinum 1134-1208. Brautirnar voru seldar á tímabilinu september 2011 til mars 2012.

Bent er á að til að gæta fyllsta öryggis verði að taka brautina úr sambandi áður en hún er tekin niður. **- ibs**



**365 SÄNDA BRAUT** Brautin er með gallaða jarðtengingu.

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

# Heldur minni afgangur af vöruskiptum

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskiptajöfnuður var hagstæður um tæpa 5,4 milljarða króna í mars. Til samanburðar voru vöruskipti hagstæð um 14,7 milljarða í mars í fyrra.

Vörur voru fluttar út frá landinu fyrir 54,6 milljarða í mánuðinum og fluttar inn fyrir 49,3 milljarða.

Fyrstu þrjá mánuði ársins voru því samanlagt fluttar út vörur fyrir 156,1 milljarð en inn fyrir tæpa 128 milljarða. Vöruskiptaafgangur á tímabilinu var því 28,1 milljarður sem er 2,2 milljörðum lakari niðurstaða en á sama tímabili í fyrra. **- mþl**

# Fylgi nýnasista vex hratt

**Flokkur yst á hægri kanti grískra stjórnmála gæti náð mönnum inn á þing. Stunda öfluga kosningabaráttu og safna mat handa fátækum. Vilja útlendinga úr landinu og girða landamærin með jarðsprengjubelti.**

**GRIKKLAND, AP** Samkvæmt skoðanakönnunum gætu þingkosningarnar í Grikklandi, sem haldnar verða um næstu helgi, skilað Gylltri dögun, litlum flokki þjóðernisöfgamanna, um það bil fimm prósentum atkvæða. Það er vel yfir þriggja prósenta markinu, sem þarf til að komast á þing.

Flokkurinn var stofnaður fyrir nærri tveimur áratugum en hefur dregið að sér fylgi í efnahagsþrengingunum, sem hafa kostað fjölda fólks atvinnu og eftirlaun.

Margir kjósendur virðast ætla að forðast hófsamari flokka sem hafa verið við stjórnvölinn síðustu árin, hvort heldur þeir eru á vinstri eða hægri kantinum. Fólki finnst það svikið og leitar heldur til jaðarflokka sem hafa uppi stóryrði og boða róttækar breytingar.

„Gyllt dögun er á móti þessu spillta valdakerfi. Allir þeir sem bera ábyrgð á sóun almannafjár verða að fara í fangelsi. Það er forgangsmál okkar,“ segir Ilias Kasidiaris, rúmlega þrítugur flokksfélagi sem var um skeið í sérsveit gríska hersins.

Félagar flokksins klæðast svörtu, bera fána sem minna á þýska nasista frá Hitlerstímanum og merki flokksins er greinilega ættað frá nasistum.

Samt neita þeir tengslum við þýska nasista, enda voru feður þeirra margra í andspyrnuhreyfingunni í Grikklandi og börðust gegn hernámi Þjóðverja.

„Við erum grískir þjóðernissinnar. Ekkert meira og ekkert minna en það,“ segir Kasidiaris.

Þeir hafa farið víða um land í kosningabaráttu sinni og heimsækja kaffihús og verslanir til að ræða við fólk. Þeir hafa safnað bæði matargjöfum og fötum til að afhenda fólki sem á í erfiðleikum.




**Á FLOKKSSKRIFSTOFUNNI** Þrátt fyrir augljós áhrif frá myndmáli þýskra nasista vilja liðsmenn Gylltrar dögunar ekki láta kalla sig nýnasista. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Við erum grískir þjóðernissinnar. Ekkert meira og ekkert minna en það.
>
> **ILIAS KASIDIARIS** FLOKKSFÉLAGI Í GYLLTRI DÖGUN

Þeir lofa því að reka útlendinga úr landi og tryggja öryggi fólks gegn glæpamönnum. Meðal annars vilja þeir loka landamærunum með jarðsprengjubelti til að koma í veg fyrir straum ólöglegra innflytjenda til Grikklands frá nágrannaríkjunum.

Innflytjendur hafa sumir orðið illa fyrir barðinu á þessum harðskeyttu þjóðernissinnum undanfarnar vikur og mánuði. Afleiðingarnar hefur meðal annars mátt sjá á sjúkrahúsum.

Mohammed, ungur maður frá Pakistan, liggur í sjúkrarúmi í Aþenu með brotið nef, umbúðir um höfuðið og hönd í gifsi. Á sunnudagskvöldið réðust 25 manns á Mohammed og félaga hans.

„Þeir spurðu bara hvaða landi við kæmum frá og fóru svo að berja okkur – með höndum og spýtum og járnstöng,“ segir Ahmad, félagi Mohammeds. Ahmad er ekki á sjúkrahúsi en meiddist engu að síður á höfði og höndum.

Þeir hafa ekki látið lögregluna vita af árásinni og vilja ekki koma fram í fjölmiðlum undir fullu nafni. **gudsteinn@frettabladid.is**

Margbrotin menning í **Köln**

14.–19. júní

**WOW ferðir** bjóða upp á sannkallaða menningarreisu til **Kölnar**. Iðandi mannlíf og menning á hverju götuhorni, pylsur og Picasso-málverk, saltkringlur og sætabrauð. Haganlega smíðaðar brýr, undurfagrar byggingar og traust leiðsögn frá **Geir Rögnvaldssyni**, fararstjóra.

Verð á mann í tvíbýli: **89.800 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 5 nætur með morgunverði.



wowferdir.is

WOW FERÐIR

WOW ferðir | Grímsbæ, Efstalandi 26 | 108 Reykjavík | +354 590 3000 | wowair@wowair.is

husa.is

# TAX FREE

AÐEINS Í DAG

## AF GARÐHÚSGÖGNUM*

BLÁI NAGLINN

HÚSASMIÐJAN ER BAKHJARL BLÁA NAGLANS.
SÝNDU STUÐNING Í VERKI.

**OPIÐ Í DAG 1. MAÍ**

**HÚSASMIÐJAN OG BLÓMAVAL**

| | | |
|---|---|---|
| SKÚTUVOGI | 10-19 | |
| GRAFARHOLTI | 10-18 | TIMBURSALA LOKUÐ |
| HAFNARFIRÐI | 11-15 | |

ALLAR AÐRAR VERSLANIR HÚSASMIÐJUNNAR
OG BLÓMAVALS LOKAÐAR



KOMDU OG SJÁÐU ÚRVALIÐ



ÚTIPOTTAR
18 cm á hæð 1.490kr
24 cm á hæð 1.990kr
31 cm á hæð 2.990kr



Grasfræ 1 kg
1.299kr.



Sýpris 100 sm
999kr.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Tax free gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.
Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti. Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# Benidorm

Allra síðustu sætin 22. maí

Frá kr. 74.900 með fullu fæði

7 nátta ferð – einstakt tækifæri

Heimsferðir bjóða frábært tilboð í vikuferð til Benidorm þann 22. maí. Í boði er m.a. Mont Park hótelið með fullu fæði. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í sumarbyrjun á Benidorm á ótrúlegum kjörum.

Hotel Mont Park ***

Kr. 74.900 með fullu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með fullu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði kr. 89.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 11.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Ársfundur
Stafa lífeyrissjóðs
22. maí 2012

Stafir lífeyrissjóður boðar til ársfundar á Grand Hóteli í Reykjavík þriðjudaginn 22. maí kl. 17:00.

Dagskrá: Venjuleg ársfundarstörf.

Allir sjóðfélagar eru hjartanlega velkomnir.

Stjórn Stafa lífeyrissjóðs

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 | 110 Reykjavík | Sími 569 3000 | www.stafir.is



**Frá yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis**

## Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis kemur saman til fundar í dómsal Héraðsdóms Suðurlands, Austurvegi 4, 2. hæð, Selfossi, miðvikudaginn 16. maí nk., milli kl. 15:00 og 16:00, til þess að taka við meðmælendalistum forsetaframbjóðenda og undirbúa útgáfu vottorða samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum með nöfnum meðmælenda af Suðurlandi til yfirkjörstjórnar á ofangreidum stað og tíma. Vottorð yfirkjörstjórnar verða gefin þriðjudaginn 22. maí nk.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi (í excel-skjali á minnislykli).

30. apríl 2012.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis,
Grímur Hergeirsson
Karl Gauti Hjaltason
Sigurður Ingi Andrésson
Unnar Þór Böðvarsson
Þórir Haraldsson


**FRÉTTASKÝRING:** Skýrsla um áhrif kreppunnar



**MANNLÍF** Aðgerðir stjórnvalda hafa mildað áhrif kjaraskerðingar á þá með lægri tekjur. Kjör lágtekjufólks hafa rýrnað um 9 prósent, millitekjufólks um 14 prósent og þeirra með hæstu launin um 38 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Lág laun lækka minna

**Kjör lágtekjufólks hafa rýrnað mun minna en hjá hæsta tekjuhópnum í kreppunni. Kjaraskerðing af hruninu var óvenju stór í sögulegu samhengi, en tekist hefur að milda áhrifin á þá með lægri tekjur. Einkaneysla dróst verulega saman 2008 til 2010 en fór þá að aukast.**

Efnahagskreppan í kjölfar hruns fjármálakerfisins var víðtæk og hafði gríðarleg áhrif á kjör Íslendinga. Hún er hins vegar ekki sú dýpsta á lýðveldistímanum. Á árunum 1948 til 1952 dróst þjóðarframleiðsla saman um 13,9 prósent, en frá 2008 til 2010 um 10%.

Þetta kemur fram í skýrslu um umfang kreppunnar og afkomu ólíkra tekjuhópa eftir þá Stefán Ólafsson og Arnald Sölva Kristjánsson. Skýrslan er hluti af könnun á áhrifum fjármálahrunsins á lífskjör þjóðarinnar og er sú fyrri af tveimur.



STEFÁN ÓLAFSSON

Skýrslan sýnir að kjaraskerðing sú sem hlaust af hruninu var óvenju stór í sögulegu samhengi. Umtalsvarður árangur hafi þó náðst í því að milda áhrif kreppunnar á þá með lág og meðalhá laun.

### Mismikil skerðing

Meðalrýrnun ráðstöfunartekna heimilisgeirans á árunum 2008 til 2010 var 27 prósent, að meðtöldum áhrifum aukinnar skuldabyrði. Sé aðeins litið til ráðstöfunartekna fjölskyldna lækkaði kaupmáttur þeirra að jafnaði um 20 prósent.

Með því er þó ekki öll sagan sögð. Kjör lágtekjufólks rýrnuðu mun minna, eða um 9 prósent og hjá millitekjufólki nam kjaraskerðingin um 14 prósentum. Kjaraskerðingin var langmest hjá þeim tekjuhæstu, eða um 38 prósent. Það gildir um tekjuhæstu 10 prósent fjölskyldnanna.

### Einkaneyslan eykst

Samdráttur einkaneyslu eftir hrun er meiri en dæmi eru um á lýðveldistímanum. Á árunum 2008 til 2011 drógust útgjöld til einkaneyslu saman um 20 prósent. Í skýrslunni segir hins vegar að botni kjaraskerðingarinnar virðist hafa verið náð um mitt ár 2010 og eftir það jókst kaupmáttur launa á ný og einkaneyslan tók við sér samhliða því.

Skýrsluhöfundar benda á að hagvöxtur á Íslandi hafi árið 2011 orðið sá áttundi mesti á Vesturlöndunum. Þá dragi einnig úr atvinnuleysi og atvinnustig, eða hlutfall fólks á vinnualdri sem er í launaðri vinnu, hafi við lok árs 2011 verið það hæsta sem mældist í Evrópu.

### Sérstaða Íslands

Stefán Ólafsson, annar skýrsluhöfunda, segir að frá sínum bæjardyrum séð sé athyglisverðasta niðurstaða skýrslunnar hver sérstaða Íslands var í aðgerðum vegna kreppunnar.

„Það er náttúrulega engum blöðum um það að fletta að kjaraskerðingin er gríðarlega mikil sem orsakast af hruninu. Sérstaklega er það nú gengisfelling krónunnar sem býr til kjaraskerðinguna, rýrir annars vegar kaupmátt teknanna hjá heimilum og hækkar hins vegar skuldirnar og skuldabyrðina.

Það sem er sérstakt á Íslandi er að það hefur tekist að beita velferðarkerfinu til þess að milda áhrifin af kreppunni á lægri og millitekjuhópana og það er talsvert góður árangur og menn verða nú að vera heiðarlegir og viðurkenna það því auðvitað var það þannig að fjárhagur ríkisins var í rúst, með meira en 200 milljarða halla, 14,5% af þjóðarframleiðslu, sem þurfti að glíma við í byrjun kreppunnar."

Stefán segir stjórnvöld hafa gripið til skynsamlegra aðgerða, út frá keynesískri hagfræði, til að auka einkaneyslu, því tekjur þeirra með lægri laun fari að mestu í neyslu.

„Tekjutilfærslur til heimilanna jukust umtalsvert í formi bóta, vaxtabæturnar hækkuðu sérstaklega myndarlega og atvinnuleysisbætur lítillega einnig. Síðan var það hvernig stjórnvöld beittu skattkerfinu til að lækka skattbyrði lægstu tekjuhópanna og reyndar upp í miðtekjuhópana sem auðvitað léttir byrðina líka."







## Aðgerðir til að milda kjaraskerðingu

„Stjórnvöld hækkuðu lágmarks framfærslutryggingu almannatrygginga, vaxtabætur og atvinnuleysisbætur. Þá var tekjuskattbyrði lægri og millitekjuhópa lækkuð um leið og skattbyrði hærri tekjuhópa var aukin, aðilar vinnumarkaðarins hækkuðu allra lægstu laun 2009 og almenn laun frá 2010, og unnið var að úrræðum í atvinnumálum, menntun og vinnumarkaðsmálum til að draga úr umfangi atvinnuleysis. Velferðarútgjöldum var meira beint að lægri tekjuhópum."

*Úr skýrslu um áhrif kjaraskerðingar á lífskjör þjóðarinnar*

## Tíu tekjuflokkar

Með lágtekjufólki er átt við fólk í lægsta tekjuhópnum af tíu. Samanlagðar fjölskyldutekjur þess hóps, að miðgildi, voru um 300 þúsund krónur árið 2010. Millitekjufólkið er í hópum fimm og sex og tekjur slíkra fjölskyldna voru í kringum 700 þúsund krónur á mánuði. Hátekjufólkið er í hópi tíu og hafði, að miðgildi, um 1,7 milljónir í fjölskyldutekjur á mánuði árið 2010.


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is




# Vinna er velferð!

## Stöndum vörð um okkar réttindi
## og mætum í kröfugöngu!

**1. maí kaffi Rafiðnaðarsambandsins og MATVÍS verður á Stórhöfða 27**
**í húsnæði Rafiðnaðarskólans gegnið inn að neðanverðu.**

## Kaffið hefst kl. 15.15.

**RSÍ og MATVÍS hvetja félaga samtakanna**
**að taka þátt í atburðum dagsins.**

MATVÍS





**DROTTNING ÚR SANDI** Í tilefni drottningardagsins í Hollandi, þegar almenningur heldur upp á afmæli drottningar, var gerð úr sandi þessi stytta af höfði Beatrix drottningar. NORDICPHOTOS/AFP

Handteknir í Keflavík:

## Börðu mann með spýtu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum handtók snemma í fyrradag tvo karlmenn á þrítugsaldri eftir að hópur manna hafði ruðst inn hjá karlmanni á fertugsaldri með því að brjótast í gegnum útidyrahurð á húsinu þar sem hann býr. Leikur grunur á að þeir sem brutust þar inn hafi misþyrmt húsráðanda, meðal annars barið hann með spýtu sem fannst á vettvangi.

Lögreglan var kvödd á staðinn rétt fyrir klukkan sex í gærmorgun. Skömmu síðar voru hinir meintu forsprakkar handteknir, annar á skemmtistað en hinn þar sem hann var á gangi í Reykjanesbæ. Þeir voru færðir á lögreglustöð og yfirheyrðir, en síðan látnir lausir í fyrrakvöld. Lögreglan rannsakar málið.

### Baráttufundir á helstu þéttbýlisstöðum




# Kröfugöngur um allt land

**Frídagur verkafólks er í dag. Vinna er velferð er slagorð dagsins. Kröfugöngur verða farnar um allt land. Dýrmætasta eign launamannsins er hæfileiki hans til að afla tekna, segir forseti Alþýðusambandsins.**

**KJARABARÁTTA** Frídagur verkalýðsins er í dag og í tilefni þess verða kröfugöngur farnar um allt land. Vinna er velferð er slagorð dagsins í dag.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir að að baki þessari áherslu standi að dýrmætasta eign launamannsins sé hæfileiki hans til að afla tekna með vinnu sinni. Tekjur hans eru jafnframt forsenda fyrir þátttöku hans og fjölskyldu í samfélaginu. Að sama skapi séu vinna hans og tekjur forsendur fyrir þeirri velferð sem þjóðin stendur fyrir, heilbrigðis-, mennta- og tryggingakerfinu. Í huga forseta ASÍ er 1. maí mikilvægur baráttudagur launafólks „þar sem við minnumst þeirra sigra og áfanga sem foreldrar okkar og afar og ömmur náðu í baráttunni fyrir bættum kjörum.“

Eins og sjá má á kortinu hér fyrir ofan verða kröfugöngur farnar um allt land. Auk hefðbundinna ræðuhalda og kaffisamsætis verður ýmislegt í boði fyrir börn sem fullorðna. Nánari upplýsingar má finna á vef Alþýðusambands Íslands, www.asi.is.

**Sjá nánar sérblað Alþýðusambandsins sem fylgir Fréttablaðinu í dag.**


LEGGÐU GÆÐI VIÐ HLUSTIR

**Afmælistilboð:**
20% afsláttur af Plantronics búnaði

Betri lausnir í 20 ár 1992-2012







Plantronics M20 GSM BlueTooth heyrnartól
- BlueTooth 3,0 MultiPoint
- Þyngd aðeins 11,5 g
- DSP tækni, minnkar vindhljóð og bergmál
- Rafhlaða endist í allt að 11 daga

**Áður 7.179 kr.**
**Nú 5.743 kr.**

Plantronics GameCom 307 leikjaheyrnartól
- Multimedia Stereo
- 40 mm hátalarar
- Hljóðnemi sem eyðir umhverfishljóðum
- 2 m snúra og 3,5 mm hljóðtengi

**Áður 7.287 kr.**
**Nú 5.830 kr.**

Plantronics CS540 þráðlaus heyrnartól
- Dregur allt að 120 m
- Þyngd aðeins 22 g
- Tengist nánast öllum símtækjum
- Rafhlaða endist allt að 7 klst. í tali

**Áður 51.366 kr.**
**Nú 41.093 kr.**

Nýherji býður **20% afslátt** af völdum vörum í tilefni af 20 ára afmæli sínu.
Vikuna 30. apríl – 6. maí bjóðum við afslátt af vönduðum **Plantronics** búnaði.
Komdu við í **verslun Nýherja Borgartúni** eða á **netverslun.is**.

**Tilboðið gildir 30. apríl – 6. maí.**

NÝHERJI

Fíton / SÍA




# Er botninum náð?

Á síðustu árum hefur kaupmáttur rýrnað um 6,8% og atvinnuleysi aukist um 5,8%. Stærsta hagsmunamál íslensks samfélags er að fjölga störfum, draga úr atvinnuleysi og auka kaupmátt. VR skorar á stjórnvöld og atvinnurekendur að taka höndum saman og efla uppbyggingu atvinnulífs í landinu.

**Við hvetjum félagsmenn til að mæta í kröfugönguna**

Safnast verður saman á Hlemmi kl. 13:00 og gengið niður Laugaveg sem leið liggur á Ingólfstorg þar sem útifundur verður haldinn. VR býður félagsmenn velkomna til kaffisamsætis í Glerskálanum á Höfðatorgi og veitingastaðnum, Borgartúni 16, kl. 15:15 að fundarhöldum loknum.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti

VR

**3,2 MILLJARÐAR KRÓNA** var heildarvelta með fasteignir á höfuðborgarsvæðinu vikuna 20. til 26. apríl. Meðalvelta á viku það sem af er árinu er 2,65 milljarðar.

Viltu breyta mataræðinu
til batnaðar á einfaldan og öfgalausan hátt?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.
Þriðjudaginn 8. maí
ÞETTA ER EKKI FLÓKIÐ! Inga er búin að halda yfir 40 fyrirlestra um efnið enda nálgunin einföld, skýr og hentar öllum sem áhuga hafa á breyttum lífsháttum.
FARIÐ VERÐUR MEÐ EINFÖLDUM HÆTTI YFIR:
• Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur þá í staðinn
• Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu
• Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst
Kennslugögn og uppskriftamappa!
Staður og stund: Heilsuhúsið Lágmúla 5, kl.18:30 - 21:00
Innifalið er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð: 4.900 kr. Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á inga@inga.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

GT Bicycles WHEELER WORLDWIDE SCHWINN
HJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
20% AFSLÁTTUR AF AUKABÚNAÐI Á HJÓL
BARNAHJÓL VERÐ FRÁ 20.995
Wheeler Cross 6,2 götuhjól 24 gíra 89.995
Wheeler Proride 60 dömu og herrastell 75.995
Wheeler Eagle 50 29" gjarðir 30 gíra Deore/XT 12,3 kg. 89.995
Wheeler Route 1,2 Racer 24 gíra 10,4 kg. 199.995
Wheeler PL 800L - 26" GÖTUHJÓL Comfort dömu og herrastell 21 GÍRA (brettasett og standari fylgir) 86.995
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF
VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

SAFT
KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI
Heimili og skóli
www.saft.is



**Í VEXTI** Skeljungur keypti 66,5 prósenta hlut í fasteignafélagi utan um fasteignir sem notaðar eru undir rekstur Skeljungs í febrúar. Í mars keypti félagið síðan 34 prósenta hlut í færeyska félaginu P/F Magn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skeljungur líklega á markað 2013

**Skeljungur keypti hlut í fasteignafélagi og í færeysku olíufélagi fyrir vel á annan milljarð króna fyrr á þessu ári. Skuldir félagsins lækkuðu um milljarða, að mestu vegna höfuðstólsleiðréttingar.**

Skeljungur mun líklegast fara á markað á árinu 2013. Félagið keypti eignir fyrir hátt í tvo milljarða króna í febrúar og mars á þessu ári og skipti um viðskiptabanka til að ná betri vaxtakjörum og meiri sveigjanleika fyrir skemmstu. Þetta staðfestir Einar Örn Ólafsson, forstjóri Skeljungs.

Skeljungur hefur hagnast um tæpan 1,5 milljarð króna á síðustu tveimur árum. Frá því að nýir eigendur tóku við félaginu í ágúst 2008 hafa vaxtaberandi skuldir þess lækkað um tæpa sjö milljarða króna og eru nú um 4,9 milljarðar króna.

Einar segir ýmsa þætti útskýra þessa miklu lækkun skulda. „Í fyrsta lagi fengum við svokallaða höfuðstólsleiðréttingu sem Íslandsbanki bauð fyrirtækjum upp á. Við vorum með erlend lán sem voru þá færð yfir í krónur. Það útskýrir stærstan hluta lækkunarinnar. Svo hefur verið ágætis hagnaður hjá okkur. Við seldum líka höfuðstöðvarnar okkar í fyrra."

Skeljungur tilkynnti um afkomu sína á árinu 2011 í síðustu viku. Í afkomutilkynningunni kom einnig fram að Arion banki hafi endurfjármagnað allar skuldir móðurfélags Skeljungs í febrúar síðastliðnum og í kjölfarið hafi félagið greitt allar skuldir sínar við þáverandi viðskiptabanka sinn, Íslandsbanka. Spurður um hvernig þetta hafi borið að segir Einar ljóst að íslenskir bankar séu mjög viljugir að lána fé um þessar mundir. „Við fórum aðeins á stúfana undir lok síðasta árs til að athuga hvort við gætum fengið betri kjör. Það tókst. Við erum nú bæði með betri vaxtakjör og sveigjanlegri lánalínu."

Skeljungur keypti 34 prósenta hlut í færeyska félaginu P/F Magn, sem á og rekur bensínstöðvar í Færeyjum, í síðasta mánuði. Í aðdraganda kaupanna var hlutafé félagsins aukið um 447 milljónir króna að nafnvirði til að standa undir kaupunum og samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var gengið á aukningunni um 3 krónur á hlut. Samkvæmt því var kaupverðið á hlutnum í færeyska félaginu í kringum um 1,3 milljarðar króna.

Skeljungur keypti einnig 66,5 prósenta hlut í S-fasteignum, félagi um fasteignir sem notaðar eru undir rekstur Skeljungs, í febrúar. Vegna þessa var hlutafé félagsins aukið um 142 milljónir króna að nafnvirði og keypt á um 3 krónur á hlut. Kaupverðið er því rúmlega 420 milljónir króna og eftir kaupin á Skeljungur eða eigendur þess félagið að fullu.

Í kjölfar þessa vaxtar er stefnt að því að Skeljungur verði skráð á markað. Einar segir þó að lokaákvörðun um slíkt hafi ekki verið tekin. „Ég myndi segja að þegar tilkynnt er um svona þá er tímaramminn ekki talin í mörgum árum heldur í misserum. Það er nokkuð ólíklegt að þetta verði á þessu ári." Spurður hvort það gæti gerst á árinu 2013 svara Einar því játandi.

thordur@frettabladid.is

## Skeljungur sjö milljarða virði

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, sem eiga í dag 94,7 prósent hlut í Skeljungi, keyptu upphaflega 51 prósenta hlut í félaginu ásamt fyrrum viðskiptafélaga sínum, Birgi Þór Bieltvedt, í ágúst 2008. Seljandinn var Glitnir sem hafði setið uppi með hlutinn eftir að hann sölutryggði félagið í heild sinni fyrir Fons í desember 2007 fyrir 8,7 milljarða króna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var heildarvirði Skeljungs metið á um þrjá milljarða króna í ágúst 2008 og kaupverðið sem hinir nýju eigendur greiddu fyrir rúmlega helmingshlut tók mið af því. Eftir bankahrun færðist 49% hlutur Glitnis í Skeljungi yfir til Íslandsbanka. Hann var settur í opið söluferli í nóvember 2009 sem lauk með því að meirihlutaeigendurnir keyptu hlutinn sumarið 2010. Í ársreikningi fjárfestingafélagsins Skel Investment ehf, sem heldur á 51% hlut í Skeljungi, kemur fram að heildarvirði Skeljungs hafi verið um 6,9 milljarðar króna um síðustu áramót. Það byggir á mati sem Straumur vann fyrir félagið og er unnið út frá núvirtu sjóðstreymi félagsins. Miðað við það er ljóst að virði Skeljungs hefur aukist mikið á árunum eftir bankahrun.

# ÓDÝRASTI VALKOSTURINN Í BÓNUS




298 kr.

BÓNUS

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ísland þarf að efla samstarf á norðurslóðum:

## Ekki láta tabúin þvælast fyrir

Bandaríski varnar- og öryggismálasérfræðingurinn Robert C. Nurick sagðist í viðtali við Fréttablaðið í gær ráðleggja íslenzkum stjórnvöldum að leggja enn meiri áherzlu á samstarf á norðurslóðum. Það rökstyður Nurick með því að mikilvægi norðurslóða fari vaxandi á næstu árum og að vegna staðsetningar sinnar verði Ísland í lykilstöðu í þeirri þróun. Héðan sé auðvelt að fylgjast með skipaumferð á stóru hafsvæði.

Hlýnandi veðurfar og minni ís á norðurskautssvæðinu fylgja bæði tækifæri og ógnir. Gera má ráð fyrir að vinnsla olíu og gass á hafsbotni fari vaxandi og um leið orkuflutningar um Norður-Atlantshafið. Ferðamönnum þykja norðurslóðir æ meira spennandi; umferð stórra skemmtiferðaskipa vex hröðum skrefum og nýjustu skipin eru sérstaklega styrkt til siglinga í ís. Rísandi stórveldið Kína sýnir norðurslóðum vaxandi áhuga, enda geta opnazt nýjar siglingaleiðir norður fyrir Síberíu milli Kína og Norður-Íshafsins.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í þessu geta falizt ýmis viðskiptatækifæri fyrir Ísland, til dæmis í ferðamennsku og uppbyggingu aðstöðu fyrir flutninga og umskipun. Hætturnar eru líka margar. Aukinni skipaumferð fylgir slysahætta. Margir hugsa með hryllingi til þess ef stóru skemmtiferðaskipi hlekktist á eða stórt olíuskip færist undan ströndum Íslands. Við slys af slíkri stærðargráðu gæti Ísland aldrei tekizt á eitt og sér. Við erum þess vegna háð samstarfi við önnur ríki um eftirlit, leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis landið.

Eftir brotthvarf varnarliðsins hefur Ísland annars vegar eflt eigin getu til leitar og björgunar með því að fjölga þyrlum Landhelgisgæzlunnar og kaupa nýtt varðskip og hins vegar gert tvíhliða samninga um aukið samstarf í öryggismálum við nágrannaríkin í Atlantshafsbandalaginu; Noreg, Danmörku, Bretland og Kanada.

Rekstur Íslands á ratsjárkerfi Atlantshafsbandalagsins hér á landi og aðstöðu fyrir flugvélar bandalagsríkjanna á Keflavíkurflugvelli er sömuleiðis þáttur í að tryggja eftirlit með sívaxandi umferð á norðurslóðum. Bein hernaðarleg ógn er ekki lengur fyrir hendi í okkar heimshluta, en nýjar hættur eru af margvíslegum toga. Aukið samstarf um eftirlit, leit og björgun leiðir af sér samstarf Landhelgisgæzlunnar og fleiri innlendra öryggisstofnana við herafla nágrannalandanna, enda eru varðskip, björgunarþyrlur og eftirlitsflugvélar þar yfirleitt starfræktar á vegum hersins en ekki borgaralegra stofnana eins og hér er.

Núverandi ríkisstjórn lagði niður Varnarmálastofnun og vill sem minnst um öryggis- og varnarmál landsins tala, enda hefur annar stjórnarflokkurinn megnustu andúð á flestu sem tengist hefðbundnum landvörnum. Raunveruleikinn er hins vegar sá að skilin á milli gæzlu hernaðarlegs og borgaralegs öryggis hafa orðið óskýrari á seinni árum. Til að tryggja hagsmuni sína og stöðu í breyttu alþjóðlegu umhverfi þarf Ísland áfram að vinna með hermálayfirvöldum nágrannaríkjanna að því að tryggja öryggið á norðurslóðum. Þessi mál þarf að ræða fyrir opnum tjöldum og gæta þess að einhver tabú í núverandi stjórnarsamstarfi skaði ekki hagsmuni Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

1. maí-kaffi
Samfylkingarfélags Reykjavíkur í Iðnó

Kæra Samfylkingarfólk,

Verið velkomin á 1. maí-kaffi í Iðnó við Tjörnina. Húsið opnar kl. 13.



Fjöldasöngur, gleði og góður félagsskapur jafnaðarmanna.

Ræður flytja:



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir** formaður fjárlaganefndar Alþingis



**Guðfinnur Sveinsson** heimspekinemi



**Magnús M. Norðdahl** hrl. og varaþingmaður

*Jafnaðarmenn- og konur! Fjölmennum á baráttufundi verkalýðsfélaganna.*

*Hittumst í Iðnó á eftir og tökum með okkur gesti.*

1. maí nefnd SffR

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Til fyrirmyndar

Á Alþingi í gær var enn tekist á um þá staðhæfingu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að ríkisstjórnin hefði valdið meiri skaða með verkum sínum frá hruni heldur en hrunið sjálft. Nú var komið að samflokksmanni hans, Sigurði Inga Jóhannssyni, að leggja orð í belg. Fyrst fór hann reyndar með brot úr Liljukvæði Eysteins munks. Það var notaleg tilbreyting og mættu fleiri taka sér Sigurð Inga til fyrirmyndar og hefja þingræður sínar á ljóðalestri með langsótta tengingu við umræðuefnið.



### Góð pæling

Sigurður Ingi velti fyrir sér hvers vegna fólk æsti sig jafnmikið og raun bæri vitni yfir ummælum Sigmundar og spurði mikilvægrar spurningar: Veit einhver hvað það hefur kostað samfélagið að ekki hafi verið ráðist í almenna skuldaleiðréttingu?

### Tvennt að segja

Við þessu er tvennt að segja. Í fyrsta lagi er ágæt ábending hjá Sigurði að þetta „tjón“ hefur einmitt alls ekki verið metið. Á meðan ættu Sigmundur Davíð og aðrir kannski að stilla upphrópunum um það í hóf. Hitt er annað mál að kostnaður við almenna skuldaleiðréttingu og áhrifin af henni hafa margsinnis verið metin í stjórnkerfinu á undanförnum árum, eins og Sigurður Ingi veit. Niðurstaðan hefur alltaf verið sú sama: Hún væri óskaplega dýr og mundi einna helst gagnast þeim sem síst þyrftu á henni að halda. En við skulum samt endilega meta tjónið af því að láta hana eiga sig.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Leiðin til nýja Íslands

Samfélagsmál



Róbert Marshall
alþingismaður

Þó að allar hagtölur bendi til þess að Íslendingum hafi tekist að snúa vörn í sókn er ekki þar með sagt að kreppunni sé lokið. Hún er enda að mjög litlum hluta efnahagslegs eðlis. Hér ríkir hugmyndafræðileg og pólitísk kreppa. Sumir myndu segja tilvistarkreppa. Djúpstæð átök eru um framhaldið. Í grófum dráttum snúast þau um það hvort við viljum „koma öllu í gang aftur“ eða byrja upp á nýtt; endurskilgreina samfélagið, markmið þess og grunngildi.

„Er þetta nýja Ísland?“ er spurning sem gjarnan er beint til okkar sem sitjum á þingi. Það er erfitt að svara henni. Ekki vegna þess að hún sé svo flókin heldur vegna þess skilnings á samfélaginu sem í henni birtist. Spyrjandinn gerir þá kröfu að einhver komi með „nýja Ísland“ til hans. En stjórnmálamenn munu ekki einir og sér búa til nýtt samfélag. Fólkið gerir það. Við öll. Almenningur. Samfélag er samstarfsverk, svo spurningunni sé svarað.

Í spurningunni felst enn fremur meginstef samfélagsins sem hrundi eða: Hvað fæ ég? Hagfræðikenningin sem gengur út á það að samfélögum vegni best ef allir hugsa um það að hámarka eigin hagnað gekk ekki upp. Hún var kjarni þess fjárhagslega Rómarveldis sem byggt var í Borgartúninu og jafnaðist við jörðu fyrir bráðum fjórum árum. Eftir stendur þjóð í kreppu. Þjóð sem einu sinni var sú hamingjusamasta í heimi.

> Hagtölurnar sýna okkur að við getum lokið kreppunni. Leiðin til nýja Íslands er fær.

Hagtölurnar sýna okkur að við getum lokið kreppunni. Leiðin til nýja Íslands er fær. Hún er fyrir það fyrsta áfram en ekki aftur á bak. Hún er hreyfing, ekki kyrrstaða. Hún kallar á sameiginlegt átak þings, þjóðar, ríkisstjórnar, ráðuneyta, stjórnmálahreyfinga, stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja, íþróttafélaga, áhugamannahópa, fjölskyldna, trúfélaga og fleiri og fleiri svo við megnum að rífa samfélag okkar upp úr hjólförunum. Hún miðar að því að viðurkenna að við deilum kjörum í þessu landi og eigum það að sameiginlegu markmiði að hámarka möguleika hvers einstaklings til þess að lifa hamingjusömu og heilbrigðu lífi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Aukinn jöfnuður og bætt kjör

Efnahagsmál



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Einhver mesti og besti ávöxtur verkalýðsbaráttunnar frá upphafi er almannatryggingarkerfi fyrir þjóðina alla og velferðarstjórnmál. Í þessu tvennu birtist vel hugmyndin um jöfnuð; jöfn tækifæri til menntunar og þroska óháð samfélagsstöðu, kyni eða tekjum.

Á uppgangsárum nýfrjálshyggjunnar síðustu 30 árin hefur verið grafið undan hugmyndum um jöfnuð. Einstaklingsfrelsi var helsta slagorðið og því haldið á lofti að farsæld allra fælist í því að draga sem mest úr umsvifum ríkisins, þar á meðal eftirliti með því að allir færu að settum reglum. Bankar voru einkavæddir og einkavæðing innan mennta- og heilbrigðiskerfisins var sett á dagskrá.

Á baráttudegi verkalýðsins, 1. maí, er verðugt að hafa hugfast að frjálshyggjustefnan leiddi öðru fremur til ábyrgðarleysis og lausungar í viðskiptalífi sem á endanum kallaði yfir þjóðina einhverja mestu efnahagslegu ógæfu sem um getur. Bóluhagnaði stungu gæðingar og gráðugir menn í vasa sína en skildu almenning og almannasjóði eftir með sárt ennið.

> Stærri hluta þjóðarkökunnar hefur verið varið til velferðarmála en á hátindi góðærisins og framlög til almannatrygginga hafa aukist um 50 prósent á liðnum 5 árum.

Eftir því er tekið víða um lönd hversu vel ríkisstjórn jafnaðar- og vinstrimanna á Íslandi hefur tekist að verja velferðar- og almannatryggingarkerfið í þessum efnahagslegu hamförum. Þótt eðlilega gremjist mörgum enn stórfelldar hækkanir heimilisskulda og verðlags í kjölfar bankahrunsins, er það engu að síður staðreynd að samkvæmt samræmdum mælingum Hagstofunnar er hættan á fátækt og félagslegri einangrun minnst hér á landi í allri Evrópu.

**Jöfnuður aukinn eftir hrunið**

Það er engin tilviljun að kjaraskerðing eftir bankahrunið varð mest meðal þeirra sem ríkastir voru hér á landi en minnst meðal þeirra fátækustu. Í nýrri athugun Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands kemur fram að þessu hafi víðast verið öfugt farið, m.a. á Írlandi árin 2008 til 2009. Þar nam kjaraskerðing fátækasta tíundarhluta þjóðarinnar 26 prósentum en var aðeins um 9 prósent meðal sama tekjuhóps á Íslandi árin 2008 til 2010. Ríkasti tíundarhlutinn á Íslandi sætti aftur á móti 38 prósenta kjaraskerðingu meðan sami tekjuhópur á Írlandi hélt sínu og vel það þrátt fyrir kreppuna. Engum blandast hugur um það að þessar ólíku niðurstöður tengjast pólitískri stefnumörkun. Niðurstaða rannsóknar Þjóðmálastofnunar er ótvíræð: Skattbyrði lágtekjuhópa hefur lækkað verulega á sama tíma og tekjuhærri hópar bera hlutfallslega meiri byrðar, en tekjuskattur hefur lækkað hjá 6 af hverjum 10 í landinu. Ríkisstjórninni hefur tekist að snúa þróun jöfnuðar á Íslandi rækilega við. Eftir um tíu ára skeið vaxandi ójöfnuðar í aðdraganda hrunsins er nú svo komið, aðeins fjórum árum síðar, að tekjuskiptingin er um það bil sú sama og hún var árið 1998.

**Mesta kaupmáttaraukning í 13 ár**

Meðan þessu vindur fram dregur jafnt og þétt úr atvinnuleysi. Það var liðlega 7 prósent fyrsta ársfjórðunginn og er Ísland nú í hópi OECD þjóða þar sem atvinnuleysi er hvað minnst. Störfum fjölgaði um 1.300 á fyrsta ársfjórðungi og atvinnulausum fækkaði um 1.000 miðað við sama tímabil í fyrra.

Það er ánægjulegt að laun hækki á sama tíma og jöfnuður eykst eins og reyndin er. Enn ánægjulegra er að sjá í nýjum gögnum Hagstofu Íslands að kaupmáttur launa hafi hækkað um 5,3 prósent síðustu 12 mánuðina. Svo mikil hækkun hefur ekki mælst hér á landi í 13 ár.

Ríkisstjórnin er mjög vel meðvituð um að enn eiga margir fullt í fangi með að ná endum saman vegna hækkunar skulda og greiðsluvanda sem loðað hefur við mörg heimili frá bankahruninu. En það er ósanngjarnt og nánast lýðskrum að halda því fram að ríkisstjórnin hafi lítið aðhafst til bjargar heimilum í vanda. Þvert á móti er til þess tekið í skýrslum og erlendum fjölmiðlum, hversu vel hefur til tekist hér á landi.

**Frítekjumörk lífeyristekna þrefölduð**

Þótt fjöldi aldraðra hafi upplifað skerðingu lífskjara í kjölfar hrunsins og margir miklar fjárhagslegar þrengingar, ekki síst vegna veikingar íslensku krónunnar og hækkunar verðlags og skulda, hafa lægstu bætur lífeyrisþega hækkað um 60 til 70 prósent frá árinu 2008. Skerðingar vegna tekna maka heyra nú sögunni til og lágmarksframfærslutrygging hefur verið innleidd fyrir alla lífeyrisþega. Tekið hefur verið á víxlverkan bóta almannatrygginga og lífeyrissjóða, en gert er ráð fyrir að frítekjumark lífeyrisþega vegna greiðslna úr almennum lífeyrissjóðum verði þrefaldað á næstu þremur árum; fari úr 120 þúsund krónum í 329 þúsund krónur.

Stærri hluta þjóðarkökunnar hefur verið varið til velferðarmála en á hátindi góðærisins og framlög til almannatrygginga hafa aukist um 50 prósent á liðnum 5 árum. Þessar margþættu aðgerðir hafa skilað miklum árangri og varið kjör lífeyrisþega umtalsvert. Árið 2007 og 2008 voru um 15 prósent 65 ára og eldri undir skilgreindu lágtekjumörkum ESB, þriðjungi fleiri en meðaltalið þessi ár í öðrum hópum. En nú stendur enginn einn hópur eins vel á Íslandi hvað þetta varðar en 4,3 prósent þeirra sem eru 65 ára og eldri hafa tekjur undir lágtekjumörkum ESB.

**Kröftug lífskjarasókn framundan**

Allt bendir til að framundan séu vaxandi umsvif og verðmætasköpun í samfélaginu, með auknum hagvexti, fjölgun starfa og bættum lífskjörum alls almennings. Hagvaxtarhorfur í heiminum fara batnandi, allar helstu útflutningsgreinar þjóðarinnar eru í sókn, ekki síst ferðaþjónustan, sjávarútvegur, stóriðja og hinar skapandi greinar. Með vaxandi bjartsýni hér heima og auknu trausti erlendra aðila á framvindu efnahagsbatans á Íslandi aukast líkurnar á erlendri fjárfestingu og enn frekari uppbyggingu atvinnulífs hér á landi. Enda eru fjölmörg stór fjárfestingarverkefni í skoðun um þessar mundir – bæði hjá innlendum og erlendum fjárfestum. Það er því full ástæða til bjartsýni um að framundan sé kröftug lífskjarasókn á Íslandi.

Ég sendi öllu launafólki í landinu góðar kveðjur á baráttudegi verkalýðsins.

ÁSKORUN UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

VIÐSKIPTADEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK OG FESTA BJÓÐA ÞÉR TIL MORGUNVERÐARFUNDAR UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ FYRIRTÆKJA

Hvert er markmiðið með rekstri fyrirtækja og hvert er framlag þeirra til samfélagsins? Er hugmyndin um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja tískubóla í stjórnun, „mjúk“ reglusetning, eða aðferð til að styðja við samfélagslega og umhverfislega framþróun?

Hvenær: Föstudaginn 4. maí 2012 kl: 8:30–9:30
Hvar: Háskólinn í Reykjavík, stofa M101




Fyrirlesarar á fundinum eru **Dr. Mette Morsing**, prófessor við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn (CBS) og annar tveggja forstöðumanna sjálfbærnistofnunar CBS frá 2011 og **Sigurborg Arnarsdóttir** sem starfað hefur hjá stoðtækjafyrirtækinu Össuri frá árinu 1999, þar sem hún annast meðal annars stefnumótun og innleiðingu á samfélagsábyrgð hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar um efni fundarins er að finna á www.hr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST
FESTA

FATASKÁPAR

Danskir fataskápar á góðu verði


Háglans svart eða hvítt 142.200,-


Hvítt/hnota/askur 99.400,-


Rennihurðir 127.800,-


52.200,-



Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# 1. maí 2012

Efnahagsmál
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Framsóknarflokksins



Á undanförnum árum virðist hróður hins alþjóðlega baráttudags verkalýðsins 1. maí því miður hafa minnkað á Íslandi. Samt sem áður hafa mörg stéttarfélög þurft að grípa til mjög harðrar baráttu fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna á þessum tíma, bæði á almennum markaði og ekki síður stórar stéttir opinberra starfsmanna eins og hjúkrunarfræðingar og kennarar. En í umróti síðustu þriggja ára hefur þessi mikilvægi dagur aftur orðið Íslendingum þörf áminning um að allir eigi skilið mannsæmandi kjör fyrir vinnu sína.

**Niðurskurður og aukið álag á opinberum starfsmönnum**

Þegar rætt er um kjaramál hættir stjórnmálamönnum stundum til að telja bara krónur og aura. En kjarabarátta snýst um fleira en launaumslagið. Afleiðingarnar af niðurskurði undanfarinna ára í opinberum stofnunum, eins og heilbrigðisstofnunum og skólum, er ágætt dæmi um þetta. Undanfarin ár hefur Reykjavíkurborg gengið hart fram í niðurskurði í leikskólum og grunnskólum. Þetta hefur gjörbreytt vinnuumhverfi kennara og annars starfsfólks skólanna til hins verra. Glórulausar, þvingaðar sameiningar í trássi við vilja starfsfólks, nemenda og foreldra hafa svo bætt ofan á allt saman og framkoma borgaryfirvalda við leikskólakennara undanfarna mánuði hefur verið algerlega óásættanleg.

> Þegar rætt er um kjaramál hættir stjórnmálamönnum stundum til að telja bara krónur og aura.

Það er sjálfsögð krafa að þeir sem leggja á sig langa háskólamenntun til að mennta börnin okkar búi við mannsæmandi laun og gott starfsumhverfi. Undanfarin ár hefur starfsumhverfi kennara tekið gríðarlegum breytingum, kröfur sem gerðar eru til þeirra hafa stóraukist en vinnuaðstæður ekki þróast í takt við breytingarnar. Á sama tíma hafa skólarnir sætt mjög miklum niðurskurði. Álag á kennara og starfsfólk skólanna hefur aldrei verið meira. Á þessum vanda þarf að taka til að kennarar hafi tækifæri og aðstæður til að sinna hlutverki sínu.

Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu hefur sömuleiðis haft skelfilegar afleiðingar fyrir hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og aðra sem þar starfa. Álag á þessar grunnstéttir heilbrigðisþjónustunnar, eftir margra ára viðvarandi niðurskurð og uppsagnir (sem hafa að stærstum hluta bitnað á konum), er nú orðið svo mikið að margir eru við það að gefast upp. Starfsfólk heilbrigðisstofnana hefur í raun unnið kraftaverk í því að halda uppi eðlilegri þjónustu þrátt fyrir aðstæðurnar sem því eru nú búnar. Til þess hefur þetta góða fólk tekið á sig gríðarlegt álag. En hversu lengi er hægt að búa við slíkt ástand?

Staðreyndin er sú að álagið sem er á starfsfólki í skólum, á heilbrigðisstofnunum og á fleiri opinberum og almennum vinnustöðum er í mörgum tilvikum óbærilegt. Kjarabarátta dagsins í dag hlýtur að miða að því að snúa þessari óheillaþróun við. Það er hlutverk stjórnmálamanna að taka þátt í því af heilum hug.

**Atvinna er mikilvægasta málið**

Nú í lok apríl voru rúmlega tólf þúsund og þrjú hundruð manns skráðir atvinnulausir og þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um annað þá hefur atvinnulausu fólki fjölgað á síðustu mánuðum. Hér þarf tafarlausa stefnubreytingu. Það þarf að skapa jákvæða hvata, jákvætt umhverfi fyrir fyrirtækin í landinu til að vaxa og dafna. Það þarf einfalda skattkerfið sem nú sligar lítil og meðalstór fyrirtæki, eyða óvissu um grunnatvinnugreinar þjóðarinnar og hvetja þar til uppbyggingar, koma á pólitískum stöðugleika til að innlendir og erlendir fjárfestar sjái sér hag í að leggja fé í atvinnuskapandi verkefni á Íslandi og byggja upp opinberar stofnanir í stað þess að setja þær í fjárhagslegt svelti. Allt þetta er hægt að gera hratt.

Framsókn lagði í haust fram ítarlegar tillögur undir nafninu Plan B þar sem hvatt var til þess að blásið yrði til samtaka stórsóknar í atvinnumálum. Með aukinni atvinnuþátttöku mun verðmætasköpun aukast. Það mun gefa okkur tækifæri til að byggja upp í heilbrigðisstofnunum og skólum í stað þess að skera niður. Það mun líka gera okkur kleift að bæta kjör þeirra lægst launuðu og lækka skatta og álögur á efnalitlar barnafjölskyldur. Aukin verðmætasköpun er grundvöllur þess að auka lífskjör og velferð allra í samfélaginu. Til þess að það gerist þurfum við að horfa samtaka fram á veginn. Tækifærin eru til staðar. Barátta fyrir bættum kjörum vinnandi fólks er barátta fyrir betra samfélagi.

Ég óska Íslendingum gleðilegrar hátíðar á baráttudegi verkalýðsins 1. maí.




# Nýtt rannsóknarhús leysir 36 ára gamlan vanda

Nýr Landspítali
Karl G. Kristinsson
yfirlæknir og prófessor
Erla Sigvaldadóttir
yfirlífeindafræðingur





Sýklafræðideild Landspítala er langstærsta rannsóknastofan í sýklafræði hér á landi og tilvísanarannsóknastofa fyrir allt landið. Þar fara fram öflugar vísindarannsóknir og metnaðarfullt starf um fimmtíu ötulla starfsmanna.

Deildin býr hins vegar við bágan húsakost sem hefur í för með sér ófullnægjandi aðstæður til rannsókna og ýmislegt óhagræði. Sýklafræðideildin er rekin í húsnæði á tveimur stöðum í borginni, við Barónsstíg og í Ármúla. Fyrrnefnda húsið var tekið í notkun árið 1976. Þá var leystur bráður húsnæðisvandi með því að reisa á lóð Landspítalans ódýrt stálgrindarhús. Ætlunin var að nota þetta bráðabirgðahúsnæði ekki lengur en í 10 ár. Nú eru árin orðin 36 og enn er verið að nota húsnæðið. Þrátt fyrir ítrekaðar viðgerðir er það langt í frá fullnægjandi fyrir starfsemi deildarinnar. Húsið heldur illa hita, sem er bagalegt ekki eingöngu vegna óþæginda sem það veldur starfsfólki, heldur líka vegna dýrs og viðkvæms tækjabúnaðar sem í húsinu er. Þegar kalt er í veðri á vetrum getur þurft að nota hitablásara til þess að tækin geti starfað rétt. Einangrun hússins er léleg, þ.e. óþétt og reglulega verða lekar. Dæmi eru um að á vetrum snjói inn á lagnir með þeim afleiðingum að rafmagn slær út. Á sumrin verður gjarnan mjög heitt í húsinu og þá gegna viftur sama hlutverki og hitablásarar gera á vetrum.

Iðnaðarmenn eru reglulegir gestir í húsinu til að sinna þar nauðsynlegum viðgerðum, lagfæringum og endurbótum. Kostnaður vegna þessa er umtalsverður og ekki gott að þurfa að nýta fjármuni í að halda gangandi svo lélegu húsnæði.

En Sýklafræðideildin er ekki aðeins rekin í 36 ára gömlu bráðabirgðahúsnæði við Barónsstíg. Fyrir rúmum tuttugu árum þegar fyrir lá að stækka yrði húsakost deildarinnar voru fest kaup á gömlu verslunarhúsnæði í Ármúla. Það hús fullnægir ekki kröfum sem gera þarf til rannsóknarhúsnæðis af þessu tagi. Sem dæmi má nefna að víða er leki í húsinu og má þakka fyrir að ekki hafa orðið skemmdir á dýrum útbúnaði deildarinnar vegna þessa. Ein hæð í húsinu er nánast ónothæf, svo illa er hún farin af völdum leka.

Hér hefur verið rakinn bágur húsakostur deildarinnar við Barónsstíg og í Ármúla. Líka má nefna það óhagræði í rekstri sem felst í að hafa deildina á tveimur stöðum. Mikið er um flutninga á sýnum á milli staða og sömuleiðis ferðir starfsmanna. Þá nýtast ekki alltaf lausar stundir starfsfólks sem skyldi vegna þess að ekki er hægt að vinna öll verk á einum stað. Í vissum tilfellum þarf tvöfaldan tækjakost og tvöfalt birgðahald þar sem einfalt myndi annars duga.

> Þegar kalt er í veðri á vetrum getur þurft að nota hitablásara til þess að tækin geti starfað rétt. Einangrun hússins er léleg, þ.e. óþétt og reglulega verða lekar. Dæmi eru um að á vetrum snjói inn á lagnir.

Ljóst er að fyrirhuguð nýbygging Landspítala við Hringbraut og sameining Sýklafræðideildarinnar á einn stað í nýju rannsóknarhúsi spítalans mun hafa í för með sér umtalsverðan sparnað á rekstrarfé. En það er líka mikils um vert að starfsfólk deildarinnar horfir fram á stórbætta aðstöðu til að það geti áfram sinnt brýnum rannsóknum á mikilvægu rannsóknasviði.

Starfsfólkið hefur sýnt mikla þolinmæði árum saman gagnvart ófullnægjandi vinnuaðstöðu. Það unir þessum aðstæðum vitandi að framkvæmdir við stækkun Landspítala við Hringbraut standa fyrir dyrum.



# KJARABÓT!

# 10.000 FLUGSÆTI

## EDINBORG / KÖLN / LONDON STANSTED OG GATWICK / KÖBEN / BERLÍN FRÁ:

# 14.950 KR.*



Iceland Express býður 10.000 flugsæti á frábæru tilboðsverði, frá **14.950 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

**Bókunartímabil:** Í dag frá kl. 12:00 til kl. 12:00 á miðvikudag
**Áfangastaðir:** Edinborg, Köln, London Stansted og Gatwick, Köben og Berlín
**Ferðatímabil:** 2. maí–30. ágúst

Þú bókar á **www.icelandexpress.is**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

Vertu með okkur á Facebook!

**HEFST Á HÁDEGI**
**24 TÍMA TILBOÐ**




**VIÐ VERÐUM Á FERÐINNI UM ALLA EVRÓPU Í SUMAR**
og bjóðum flug til fjölda spennandi áfangastaða. Hafðu sólgleraugun til taks og bókaðu draumaferðina þína!

**FLUGSÆTI Í ALLT SUMAR!**

Iceland Express
– lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

FITON / SÍA

# Búktal fyrir þjóðarhag

Sjávarútvegsmál



Jónas Bjarnason
efnaverkfræðingur



Lýður Árnason
læknir

Fiskveiðar eru okkur Íslendingum hjartans mál og hafa verið frá ómunatíð. Og síðustu áratugina erum við langt í frá sammála um hvernig fiskveiðum skuli háttað. Kvótakerfið var lögleitt 1984 og takmarkaði það aðgengi að fiskiauðlindinni sem fram að því var óhindruð. Byggðist kerfið annars vegar á áformum um fiskvernd og hins vegar á tekjutilkalli þeirra útgerða sem voru fyrir. Litlar deilur hafa verið um fyrrnefnda atriðið en því mun meiri um hið síðara.

Úthlutun veiðiheimilda 1984 byggði á veiðireynslu áranna 1980-83. Síðari tíma útgerðarmenn hafa því sumir keypt veiðirétt af þeim sem voru svo „útsjónarsamir“ að sækja sjóinn fyrrgreint tímabil. Þetta er augljós mismunun og hafa menn farið í mál en án árangurs. Íslenskir dómstólar hafa metið það svo að hagkvæmnisrök réttlæti takmarkað aðgengi að auðlindinni. Mannréttindanefnd SÞ komst aftur á móti að annarri niðurstöðu.

Hagkvæmni er vinsælt hugtak. Í því felst yfirleitt að stækka og/eða minnka kostnað. Hafa eitt fjall í stað margra hóla. Risinn ræður yfir meira fjármagni og nær forskoti í krafti stærðarinnar. Aðrir ráða sig í vinnu hjá risanum og læra að ganga í takt við hann. Risinn ræður öllu og líf annarra er háð hans dyntum og skapsveiflum. Ef hann dafnar fjárfestir hann í meiri hagræðingu, ef hann fellur verða allir undir. Risinn rís svo fyrstur á lappir. Þannig hefur hagræðingarhagfræðin reynst a.m.k. þessari þjóð. Þessi hagfræði er ágæt þegar menn framleiða sápur en þegar um er að ræða takmarkaða auðlind þjóðar getur hún verið stórvarasöm.

Hugtakið hagræðing er eins og hráviði í opinberum skýrslum um sjávarútveg. Landkynningar og ráðuneytisbréf um fiskveiðar eru full af sjálfshóli og yfirlýsingum um hagkvæmni í sjávarútvegi sem þakka á kvótakerfinu. Þetta hugtak, hagræðing, er réttlæting kerfisins. Enda því næst allar breytingar á löggjöf fiskveiða undirorpnar hagkvæmni, hvort sem það eru heimildir til framsals kvóta eða veðsetningar. Þar sem allt snýst um þennan ás þá hlýtur að vera búið að skilgreina hann vel og staðfesta aukna hagkvæmni frá 1984 og sér í lagi frá 1990 þegar kvótaframsalið var heimilað.

> Hvað sýna opinberar hagskýrslur um sjávarútveginn? Þær sýna hækkun á afurðaverði og aukna framlegð…

Hvað segja opinberar hagskýrslur um sjávarútveginn? Þær sýna hækkun á afurðaverði og aukna framlegð, hagræðingu sameiningar og gjaldeyrisskköpun. En lítt er hirt um síminnkandi slagkraft sjávarbyggðanna, atgervisflóttann og atvinnumissi þeirra sem brenna upp í hagræðingunni. Fyrir utan þá smán margra bæjarfélaga að skarta stjórum sem hallmæla veiðileyfagjaldi og frjálsum handfæraveiðum í sömu andrá. Þannig mismuna sveitarstjórnamenn einkaframtakinu og tryggja væntanlega eigin framgang í leiðinni.

Þegar rýnt er í hagskýrslur má sjá að það er fiskvinnslan en ekki útgerðin sem eykur framlegð í sjávarútvegi. Það er hún sem hefur tæknivæðst en útgerðin beint afrakstrinum annað. Með öðrum orðum hefur hagkvæmni ekki átt sér stað í útgerð síðustu 20 árin. Skipakosturinn úreldist og æ færri leita sér menntunar til sjós. Öll þjóðin hefur þannig látið ljúga að sér.

Fylgismenn óbreytts kvótakerfis vara mjög við breytingum á sjálfvirkri úthlutun á veiðikvótum og segja þær ógna undirstöðum atvinnuvegarins. Engu að síður hefur markaðstorg kvótakerfisins fært einstaka aðilum auð vegna sölu almannagæða einungis vegna þess að vera á réttum stað á réttum tíma. Þeir sem keyptu eru ígildi gríðarlegrar skuldsetningar en þeir sem fengu gjafabréfin stýra bæði framboði og eftirspurn. Þetta markaðstorg blómstrar fyrir þennan afmarkaða hóp undir árvissri ríkisvernd, aðrir þjóðfélagsþegnar fregna hagræðið af afspurn eða upplifa gegnum jólabónusa. Útgerðin búktalar fyrir heilu landshlutana. Svona happdrættisvinningar munu aldrei aftur verða í sögunni.

Stórútgerðirnar hafa hagnast gríðarlega á þeim 30 árum sem liðin eru frá gjafagjörningnum og einsýnt að valdasprotar þeirra eru djúptækir í íslensku samfélagi. Stórútgerðin er orðin að risa sem gín yfir Alþingi, sveitarstjórnum, öðrum hagsmunasamtökum, fyrirtækjum, fjölmiðlum, starfsmönnum, fjölskyldum og fólki. Skuggi hennar er alls staðar svo varla sést til sólar. Nennum við þessu mikið lengur?

FAAS

Aðalfundur FAAS – félags áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

- verður haldinn fimmtudaginn þann 10. maí 2012 á Grand Hóteli, Sigtúni 38, í Reykjavík og hefst hann kl. 17:30.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf.

Vakin er athygli á að samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem eru skuldlausir um gjaldfallin félagsgjöld við félagið.

# Talið við okkur!

Samfélagsmál



Sindri Snær Einarsson
varaformaður Landssambands æskulýðsfélaga

Ungt fólk á að hafa jöfn tækifæri til þess að hafa áhrif á og móta framtíðina og það samfélag sem það býr í. Til þess að það geti orðið að veruleika þarf að auka þátttöku og hlut ungs fólks í ákvarðanatöku og umræðu um mikilvæg málefni. Þátttaka ungs fólks í uppbyggingu lýðræðis er hornsteinn í starfi Landssambands æskulýðsfélaga. Því fagnar félagið ákvörðun ríkisstjórnarinnar um gerð aðgerðaáætlunar í málefnum ungs fólks. Það er von félagsins að við gerð áætlunarinnar verði hlutur ungs fólks víðtækur, hlustað verði á sjónarmið þess og það haft með í ráðum við mótun stefnunnar. En hvers vegna?

### Sófakynslóðin

Til að glöggva sig betur á því hvað átt er við með ungu fólki þá er það í raun það tímabil kynslóðar sem er að fara frá því að vera börn í að verða fullorðnir og ábyrgir einstaklingar; Við erum kynslóð sem hefur verið nefnd ýmsum nöfnum, t.d. „leikjatölvubörnin“, „aldamótakynslóðin“, „net-kynslóðin“ og hér á landi minnist ég þess að hafa verið kenndur við „sófa-kynslóðina“; kynslóðina sem fær allt upp í hendurnar og lifir vandamálalausu lífi. Því spyr ég; hver eru vandamálin og hvað skilgreinir okkur í raun annað en að vera afbragðs „sófa-dýr“?

### Vandi ungs fólks

Við erum kynslóðin fædd um og upp úr 1980, við erum kynslóðin sem var sagt að ef við menntuðum okkur vel biði okkar björt framtíð og vel launað starf, við erum kynslóðin sem kemst að því að það kostar meira og meira að stunda nám, við erum kynslóðin sem hefur hæstu brottfallstíðni úr framhaldsskólum í Evrópu, við erum kynslóðin sem upplifir lítinn sem engan leigumarkað, við erum kynslóðin sem sér ekki fram á að kaupa sér eigið húsnæði, við erum kynslóðin sem spannar stærsta hluta fólks á atvinnuleysisskrá, við erum kynslóðin sem er áhugasömust allra Evrópuríkja um að starfa í öðru Evrópuríki til lengri eða skemmri tíma, við erum fyrsta kynslóðin frá tímum fyrir seinni heimsstyrjöld sem býr við erfiðari efnahag og lakari tækifæri en kynslóðin á undan okkur. Við erum 20% þjóðarinnar (15 -30 ára).

### Þátttaka ungs fólks

Ekki er hægt að segja þessi vandamál vera sprottin vegna of mikillar þátttöku hópsins í að skapa sína framtíð eða þátttöku hans í að finna lausnir. Vandamálin eiga ekki eingöngu að vera úrlausnarefni ráðandi kynslóða. Ungt fólk vill líta á sig sem hluta af lausn en ekki vandamál möppudýra ráðuneyta eða sveitarstjórna að vinna úr.

Það á að vera hlutverk stefnumótenda að veita stuðning og hafa frumkvæði að samtali við ungt fólk á eins breiðum vettvangi og hægt er og þar með sýna ungu fólki að því sé treyst fyrir því að koma fram með hugmyndir og lausnir á fyrirliggjandi vandamálum.

Vilhjálmur Vilhjálmsson flutti texta Jóhanns Helgasonar sem á jafn vel við nú og hann gerði á þeim tíma þegar textinn var saminn og sú kynslóð sem ala á land var að verða til.

*„Ég held við ættum stundum*
*að hlusta aðeins betur*
*á hugrenningar þeirra, sem*
*erfa skulu land,*
*því kannski er næsta kynslóð,*
*kynslóðin sem getur*
*komið fram með svörin, þar*
*sem sigldum við í strand.“*

Ég er sannfærður um að ungt fólk í dag sé kynslóðin sem getur komið fram með svörin, þar sem fyrri kynslóð sigldi í strand.

1. MAÍ KAFFI

Félag iðn- og tæknigreina býður félagsmönnum í 1. maí kaffi í Ými við Skógarhlíð að loknum útifundi á Austurvelli.

Félagar fjölmennum í hátíðarhöld dagsins.

Fagfélagið

FIT FÉLAG IÐN- OG TÆKNIGREINA

# Höfuðáhersla á öryggi

Öryggismál



Sigrún A. Þorsteinsdóttir
forvarnafulltrúi VÍS

Um leið og vorið nálgast þá lifnar yfir öllu, jafnt flóru, fánu og fólki. Öflugustu hjólreiðamennirnir sem hjóla allan veturinn hætta að vera einir á ferli og margir bætast í hópinn. Börnin draga fram hjól sín og línuskauta eða hvaðeina sem til er á heimilinu og bregða á leik.

Mikilvægt er að foreldrar fari yfir öll öryggisatriði með börnum sínum, skoði búnaðinn og gangi úr skugga um að hann sé í lagi, t.d. bremsur, dekk og legur. Búnaðurinn þarf að vera af réttri stærð til að tefla örygginu ekki í tvísýnu. Ef hann er ekki í samræmi við aldur eða getu barnsins aukast líkur á óhöppum þar sem það hefur þá ekki eins góða stjórn og æskilegt er. Síðan þarf að fara yfir hvort barnið hafi aldur og þroska til að vera eitt í umferðinni en mælt er með því að börn yngri en 12 ára noti eingöngu gangstíga, gangstéttar og hjólreiðastíga. Tryggja þarf að barnið hafi þekkingu á umferðarreglunum, fari eftir þeim og átti sig á þeim hættum sem leynast í umferðinni áður en það fer eitt af stað. Best er að átta sig á getu barnsins með því að leyfa því að ráða för og fylgjast með hvernig það ber sig að.

### Hjálmur er höfuðatriði

Samkvæmt reglugerð er börnum yngri en 15 ára skylt að nota reiðhjólahjálm. Jafnframt er brýnt að nota hjálm á hlaupahjóli, línuskautum og hjólabretti. Kannanir sem VÍS gerði síðasta sumar meðal allra aldurshópa sýndu að hjálmanotkun hjólreiðamanna í Reykjavík var 83% sem er nokkuð gott. Unglingar eru ólíklegastir til að nota hjálm og því mikilvægt að foreldrar brýni fyrir þeim þörfina á því. Erlendar rannsóknir sýna að reiðhjólahjálmur minnkar líkur á höfuðáverka um 69% og um 79% hvað snertir alvarlega höfuðáverka þannig að það er til mikils að vinna.

Hjálmurinn þarf að vera í lagi og notaður rétt. Rangt stilltur eða of gamall hjálmur veitir falska vörn. Líftími hjálma sem ekki verða fyrir hnjaski er alla jafna 5 ár frá framleiðsludegi og þrjú ár frá söludegi. Viðurkenndir hjálmar hafa merki að innan sem staðfestir aldur þeirra. Til að hjálmur sitji rétt á höfði þarf hann að vera af réttri stærð og stilltur þannig að eyrun séu í miðju V-formi festingabandanna og einn til tveir fingur komist undir hökubandið.

Slysin gera boð á undan sér. Verum vakandi fyrir umhverfi okkar og skrefi á undan.

# STÓRSÝNING Í PERLUNNI

# SUMARIÐ 2012

## OPIÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG - 5. OG 6. MAÍ
## FRÁ KL. 12.00-18.30

## FRÍTT INN

---

BLIKKÁS-FUNI

weber

Minniborgir.is
gisting Suðurlandi

Túnþökusala Oddsteins

RAFMAGNSPOTTAR.IS

resol grupo

BYKO 1962-2012 50
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

GARÐAÞJÓNUSTA ÍSLANDS

VÍKUR V·E·R·K

VEIÐIKORTIÐ 2012

Kílhraun
sumarbústaðalóðir

Saladmaster

LOGY.IS

A Member of The Linde Group AGA
ÍSAGA ehf

Sóla
URTASMIÐJAN

SPARNAÐUR

abc leikföng

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

PurityHerbs
Íslensk, náttúruleg framleiðsla
Icelandic Natural Produce

---

## ALLT FYRIR SUMARIÐ!



# 113 Kjaravælubíllinn

Menntamál




Haraldur F. Gíslason
formaður Félags leikskólakennara



Fjóla Þorvaldsdóttir
varaformaður Félags leikskólakennara


Í dag er 1. maí, baráttudagur hvers vinnandi manns, það skín maísól og leikskólakennarar hafa eins og margar aðrar stéttir upplifað erfiða tíma og atvinnuþref undanfarin misseri. Það hentar þeim sem stjórna að flagga mikilvægi leikskólans og því frábæra starfi sem þar fer fram á tyllidögum og rétt fyrir kosningar. Það hentar þeim ekki að benda á að leikskólakennarar eru með lægst launuðu kennurum í OECD löndunum. Það er skammarlegt hversu lítils við Íslendingar metum þau störf sem eru grundvöllurinn að okkar velferðarþjóðfélagi. Störf sem snúa að umönnun, uppeldi og menntun – störf sem hafa manngildið að leiðarljósi og eru gefandi, krefjandi, erfið og fela í sér mikla ábyrgð.

Við viðurkennum flest mikilvægi góðra kennara. Samfélag okkar á hins vegar mjög erfitt með að meta þetta mikilvægi til launa. Það virðist líka vera erfitt að ná eyrum þeirra sem hafa raunverulegt vald til að hækka laun kennara. Einnig virðist líka vera erfitt að vita hver í raun og veru hefur valdið.

Stundum er kjarabaráttan afgreidd sem kjaravæl. „Kemur kjaravælubíllinn brunandi víú víú". „Sjáið þessa vælandi kennara", segja þeir hrokafullu. „Af hverju fá þeir sér ekki bara almennilega launaða vinnu?"

Sumir kennarar gefast upp og fá sér „almennilega launaða vinnu". Leikskólinn hefur ekki efni á því að missa kennara í önnur störf. Samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda eiga 2/3 hlutar starfsfólks í leikskóla að lágmarki að vera með leikskólakennaramenntun. Staðreyndin er sú að eingöngu 1/3 hluti starfsfólks í leikskóla er með leikskólakennaramenntun. Við erum að brjóta lög á hverjum einasta degi. Er það í lagi? Er verið að vinna markvisst að því að uppfylla skilyrði laganna? Eða eru þessi lög bara orðin tóm? Höfum við sem samfélag ekki metnað til að byggja upp framsækið, faglegt og metnaðarfullt skólakerfi?

Við gætum leyst þetta vandamál á morgun. Milljón á mánuði í laun og allir vilja vera kennarar. Háskólarnir myndu fyllast af efnilegum kennaranemum. Kröfurnar myndu aukast og gæðin með. Við myndum ekki sætta okkur við neitt nema það besta. Eða hvað? Er þetta kannski ekki svona einfalt?

Íslendingar verða að nota kreppuna til þess að læra af henni, hvað er það raunverulega sem skiptir máli, í hverju er framtíð þjóðarinnar falin?

Það er ekki nóg að minnast á mikilvægi menntunar á tyllidögum, það verður líka að fylgja því alvara og framkvæmd. Það kostar að mennta þjóðina og þó svo að til megi spara á einhverjum stöðum er mikilvægt að grunnurinn sé í lagi. Í leikskólanum verður ekki sparað meira, leikskólakennarar hafa nú þegar lagt sitt af mörkum til þess að aðstoða samfélagið út úr kreppunni.

Í dag er mikilvægt að allir, ekki bara leikskólakennarar, staldri við og hugi að réttindum sínum. Í kjölfar kreppunnar virðist sem víða hafi verið slakað á réttindum launafólks. Launafólk hefur lagt sitt af mörkum til þess að hið opinbera og almennur vinnumarkaður geti unnið sig út úr kreppunni. Það verður ekki alltaf kreppa og því er mikilvægt nú að fara að huga að framtíðinni.

Grunnurinn að menntun þjóðarinnar er lagður á leikskólastiginu. Leggjum metnað okkar í að gera gott skólastig enn betra.

Til hamingju með daginn.

> Í dag er mikilvægt að allir, ekki bara leikskólakennarar, staldri við og hugi að réttindum sínum. Í kjölfar kreppunnar virðist sem víða hafi verið slakað á réttindum launafólks.


## Útifundur á Ingólfstorgi

**Félagsmenn fjölmennum** og tökum þátt í **kröfugöngu** og útifundi **1. maí**. Safnast verður saman á **Hlemmi** kl. 13:00




Boðið verður upp á kaffi að útifundi loknum í **Gullhömrum** Grafarholti, frá kl. 15:15 - 17:00


# Íslenskar og norskar auðlindir hafsins: Olían og fiskurinn

Sjávarútvegsmál


Helgi Áss Grétarsson
lögfræðingur




Í allri umræðu um mikilvæg málefni samfélagsins er æskilegt að grundvallarhugtök séu réttilega skilgreind. Þannig er ljóst að það er í senn íslenskt og alþjóðlegt viðmið að villt og vörslulaus dýr, m.a. fiskurinn í sjónum, eru óeignarhæf á meðan þau eru óveidd, sbr. t.d. rit Churchills og Owens frá árinu 2010, The EC Common Fisheries Policy, bls. 77–78. Á hinn bóginn er hægt að skapa eignarheimildir yfir réttinum til að nýta hin villtu dýr.

### Hver á makrílinn?

Framangreind atriði mætti skýra með vísan til stjórnkerfis makrílveiða. Þótt sá nytjastofn hafi vanið komur sínar á Íslandsmið fyrir nokkrum árum þá breytti það engu um eignarhaldið á honum, þ.e. enginn á hann á meðan hann er óveiddur. Hins vegar höfðu stjórnvöld í nágrannaríkjum Íslands, Noregur, aðildarríki Evrópusambandsins og Færeyjar, lengi sett reglur um stjórn veiðanna, sem höfðu m.a. í för með sér að íslenska ríkið var útilokað frá því að reglubinda þessar veiðar í skilningi ákvæða úthafsveiðisamnings Sameinuðu þjóðanna.

Þá, sem nú, átti íslenska þjóðin ekki makrílstofninn. Hins vegar eftir að hann fannst í veiðanlegu magni á Íslandsmiðum sköpuðust raunhæf lagaleg úrræði fyrir íslensk yfirvöld að taka þátt í að setja reglur um stjórn veiðanna.

Af ofangreindu leiðir að yfirlýsingar hér á landi um sameign þjóðar á nytjastofnum skapa hvorki lagalegan eignarrétt fyrir þjóð né ríki. Alþingi hefur hins vegar heimildir til að setja reglur um stjórn fiskveiða í atvinnuskyni og leggja á skatta, enda sé reglusetning um þessi málefni í samræmi við grundvallarreglur stjórnarskrárinnar.

### Að bera saman epli og appelsínu

Í öllum samanburði er æskilegt að bera ekki saman epli og appelsínu. Þannig er orðið algengara hér á landi að stjórn fiskveiða á Íslandi sé borin saman við stjórn nýtingar á olíu við Noregsstrendur. Þetta er ósanngjarn samanburður, m.a. vegna þess að enginn hefur haft áþreifanlega og sérgreinda atvinnuhagsmuni af nýtingu tiltekinnar olíulindar úti á rúmsjó áður en stjórnvöld hefjast handa að setja reglur um efnið, en slíkt á ekki við um nýtingu fisksins í sjónum.

Þetta leiðir til þess að sá valkostur er fyllilega eðlilegur að ríkið selji á uppboði leyfi til að rannsaka og nýta olíuauðlindina á meðan sú aðferð er sjaldgæf þegar kemur að upphaflegri hönnun meginþátta stjórnkerfa fiskveiða, m.a. vegna lögvarðra atvinnuhagsmuna þeirra sem eru að stunda fiskveiðar. Þessi aðstaða á ekki síst við í rótgrónum fiskveiðisamfélögum eins og á Íslandi og í Noregi.

Af ofangreindu leiðir, að eðlilegt er að bera saman myndun fiskveiðiréttinda á Íslandi og sambærilegar reglur í Noregi. Sé það gert, kemur í ljós að norsk stjórnvöld hafa á undanförnum áratugum skilgreint nýtingarheimildir eigenda fiskiskipa með hliðsjón af fyrri þátttöku þeirra í fiskveiðum, rétt eins og gert hefur verið í öllum megindráttum á Íslandi.

### Af norskum olíutekjum og norskum ríkisstyrkjum

Norska ríkið hefur haft háar tekjur af olíu– og gasvinnslu en á hinn bóginn hefur það eytt fjármunum til að styðja við bakið á rekstri útgerðar– og fiskvinnslufyrirtækja. Dregið hefur verið verulega úr þessum árlegu ríkisstyrkjum undanfarna tvo áratugi, sbr. t.d. rit norsku Fiskistofunnar, Økonomiske og biologiske nøkkeltal frå dei norske fiskeria, År 2010, bls. 32.

*Höfundur er lögfræðingur og gegnir stöðu sérfræðings við Lagastofnun Háskóla Íslands. Sérfræðingsstaðan hefur verið fjármögnuð á grundvelli tveggja samstarfssamninga Lagastofnunar og Landssambands íslenskra útvegsmanna.*

> Í öllum samanburði er æskilegt að bera ekki saman epli og appelsínu. Þannig er orðið algengara hér á landi að stjórn fiskveiða á Íslandi sé borin saman við stjórn nýtingar á olíu við Noregsstrendur.


## Opnir málfundir...
...um vísinda- og nýsköpunarkerfið

Efnt er til tveggja funda um tillögur að einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu í Norræna húsinu fimmtudagana 26. apríl og 3. maí



Fimmtudaginn 3. maí kl. 15-17
í Norræna húsinu. Kaffiveitingar frá kl. 14:30

**Tillögur um fjármögnun og mat á árangri**

Inngangserindi:

Pétur Reimarsson, varaformaður tækninefndar Vísinda- og tækniráðs
Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor Háskóla Íslands
Ólafur G. Flóvenz, forstjóri ÍSOR
Rannveig Björnsdóttir, dósent Háskólanum á Akureyri og fagstjóri Matís
Edda Lilja Sveinsdóttir, sviðsstjóri verkfræðisviðs Actavis hf
Eggert Claessen, framkvæmdastjóri Frumtak
Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentor

Umræður

Fundarstjóri: Þórunn S. Jónsdóttir, tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐ
www.vt.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## VÖRN GEGN KVEFI

**Ávextir eru ríkir af C-vítamíni og geta varið fólk gegn kvefpestum. Appelsínur innihalda mikið C-vítamín en svo er einnig með kíví og grænmeti eins og papriku, spergilkál og blómkál. Gott er að borða 100 g af ávöxtum og grænmeti á dag.**


Nýkominn fyrir stórar stelpur



teg LIBBY - flottur og frábær í E,F,FF,G,GG,H,HH,J,JJ skálum á kr. 10.980,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur


# ÍSLAND Í STAR TREK

**GEIMMYND** *Hugsanlegt er að atriði fyrir Star Trek-mynd verði tekin upp á Íslandi í sumar. Um ræðir framhald myndarinnar Star Trek sem naut vinsælda þegar hún var frumsýnd árið 2009 og þykir hafa blásið nýju lífi í seríuna.*

Fólk hefur heimildir fyrir því að til greina komi að taka upp atriði fyrir nýja Star Trek-mynd á Íslandi í sumar. Ef að líkum lætur mun íslenska framleiðslufyrirtækið Saga Film hafa umsjón með tökunum hérlendis. Þegar samband var haft við Saga Film vildi Kristinn Þórðarson framleiðandi ekki tjá sig um málið.

Um er að ræða tólftu kvikmyndina í Star Trek seríunni, framhald myndarinnar Star Trek. Sú naut gríðarlegra vinsælda um heim allan þegar hún var frumsýnd árið 2009 og þótti blása nýju lífi í seríuna sem hafði fram að því dvínað verulega í vinsældum. Af þeim sökum er framhaldsins beðið með mikilli eftirvæntingu en það verður frumsýnt á næsta ári.

Mikilli leynd hefur verið haldið yfir framleiðslu myndarinnar ytra. Þannig hefur til að mynda enn ekki verið greint frá titli hennar og söguþráðurinn er á huldu. Hins vegar er ljóst að helstu stjörnur þeirrar fyrri, svo sem Chris Pine, Zachary Quinto, Zoe Saldana, John Cho og Simon Pegg munu endurtaka hlutverk sín. Þá sest J.J. Abrahams aftur í leikstjórastólinn en hann er meðal annars þekktur fyrir stórmyndir á borð við Mission: Impossible III og Super 8.

Vegna þeirrar miklu leyndar sem hvílir yfir gerð myndarinnar er með öllu óljóst hversu umfangsmiklar tökurnar á Íslandi gætu orðið. Ekki er hægt að segja til um hversu stórt kvikmyndatökulið kæmi að utan eða hvort leikstjórinn og leikarar yrðu með í för.

Sá orðrómur hefur hins vegar komist á kreik að hin ímyndaða pláneta Vúlkan, sem persónan Spock kemur frá, verði áberandi í myndinni eftir að ljósmyndir frá tökum ytra láku á netið. Þær sýna Zachary Quinto, sem fer með hlutverk Spock, síga í kaðli niður í hrjóstugt landslag sem þykir minna á Vúlkan. Ef rétt reynist má velta fyrir sér hvort kvikmyndagerðarmennirnir sjái Ísland fyrir sér sem ákjósanlegan tökustað fyrir atriði sem eiga að gerast þar.

Þess má geta að verði tökurnar að veruleika yrði verkefnið fjórða Hollywood-verkefnið sem er tekið upp hér á árinu. Hin eru kvikmynd Bens Stiller, The Secret Life of Walter Mitty, Horizon sem skartar Tom Cruise í aðalhlutverki og Noah, mynd Darrens Aronofsky um örkina hans Nóa með Russel Crowe í burðarrullunni. Árið 2012 virðist því ætla að verða gjöfult hvað erlend kvikmyndaverkefni varðar. ■ rve

**VINSÆLT** Bandaríski vísindaskáldsagnabálkurinn Star Trek er hugarfóstur Eugene Wesley Roddenberry eða Gene Roddenberry (1921-1991). Fjöldi kvikmynda, bóka, þáttaraða og teiknimyndablaða um Star Trek hefur litið dagsins ljós síðan fyrstu þættirnir voru sýndir á 7. áratug síðustu aldar. Hér að neðan eru Chris Pine og Zach Quinto í hlutverkum sínum sem Kirk og Spock í mynd frá 2009.




Eirberg



Rafknúnir lyftihægindastólar
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is

friendtex
LAGERSALA
AÐEINS Í 3 DAGA



ALLT Á SELJAST
KÍKTU ÞAÐ ER ÞESS VIRÐI
ÓTRÚLEG VERÐ
opnunartími Lagersölu miðvikd. - föstud; 11.00-18.30
Lokað á laugardögum
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is



Húðdropar Dagkrem Augnkrem

Regenerating línan er fyrir þroskaða húð
10% afsláttur
Þegar húðin eldist þarf hún lengri tíma til að endurnýja sig og fer smám saman að missa náttúrulega mýkt og teygjanleika. Regenerating línan frá **Dr.Hauschka** er sérstaklega þróuð fyrir þroskaða húð og **hjálpar henni að endurnýja sig á náttúrulegan hátt.**

demeter
Dr.Hauschka snyrtivörurnar eru unnar úr **lífrænum og demeter vottuðum jurtablöndum** sem örva náttúrulega virkni húðarinnar.



LIFANDI MARKAÐUR
www.lifandimarkadur.is
Borgartúni 24 | Reykjavík
Hæðasmára 6 | Kópavogi
Sími: 585 8700

**Jóhanna Benediktsdóttir**, sérfræðingur í **Dr.Hauschka** vörum, býður upp á faglega ráðgjöf. Hún er í Borgartúninu á **þriðjudögum frá kl. 13:00-15:00** og í Hæðasmáranum á **fimmtudögum frá kl. 15:00 - 17:00.**



**EINSTAKT**
Kranavatn og salt eru uppistaðan í umhverfisvænum og ódýrum hreingerningarlegi. Frá vinstri: Guðjón Ólafur Kristbergsson framkvæmdastóri Centrego Scandinavia ehf. og Geoff Bowers frá Centrego í Bretlandi.
MYND/VILHELM GUNNARSSON

# UMHVERFISVÆNN OG ÓDÝR HREINGERNINGARLÖGUR VEKUR MIKLA ATHYGLI

**CENTREGO KYNNIR** *Nýleg uppfinning gerir fólki kleift að útbúa eigin hreingerningarlög úr vatni og salti. Tækið hefur unnið til fjölda verðlauna erlendis og nýlega fékk Hveragerðisbær viðurkenningu fyrir að innleiða tækin í rekstri sínum.*

Hveragerðisbær hlaut nýlega viðurkenningu fyrir innleiðingu Toucan-Eco tækja í rekstri sveitarfélagsins. Er bærinn sá fyrsti í heiminum sem fær slíka viðurkenningu. Toucan-Eco tækið er bresk uppfinning sem gerir fólki kleift að útbúa hreingerningarlög úr salti og vatni. Lögurinn sótthreinsar og drepur allar bakteríur.

Hreingerningarlögurinn er ætlaður fyrir flest öll almenn þrif á heimilum, fyrirtækjum og stofnunum. Fulltrúi Toucan-Eco, Geoff Bowers, var viðstaddur athöfnina í Hveragerði. Hann segir fólk yfirleitt ekki trúa því þegar það heyri fyrst um hreingerningarlöginn og hvernig hann er búinn til. „Auðvitað finnst öllum ótrúlegt að hægt sé að útbúa slíkan hreinsilög úr vatni og salti. Hvað þá að fólk geti gert þetta heima hjá sér eða í vinnunni.“ Aðferðin er ekki flókin að sögn hans. Venjulegt kranavatn og salt er sett í brúsa sem settur er á tækið. Svo kölluð rafefnavirkjun fer af stað og þremur mínútum síðar er lögurinn tilbúinn. Brúsanum er lokað með hefðbundnum úðabrúsastút, svipuðum og er á flestum hreinlætisbrúsum, og er tilbúinn til notkunar. Enginn úrgangur verður til við framleiðsluna.

### EINSTÖK UPPFINNING

Að sögn Geoffs, sem er efnaverkfræðingur, eru Toucan-Eco tækin í raun einstök uppfinning. Hægt er að útbúa sótthreinsandi hreingerningarlög með mjög litlum tilkostnaði og lítilli fyrirhöfn. „Ekki má gleyma því að þessi aðferð er líka afar umhverfisvæn þegar kemur að framleiðslu og úrgangi. Ekki þarf að flytja inn mikið magn ýmissa efna til framleiðslu eða notkunar. Ekki þarf að geyma efni á lager og ekki þarf að henda tómum brúsum eftir notkun.“ Að lokum leggur hann áherslu á öryggisþáttinn sem er ekki síður mikilvægur. „Vökvinn inniheldur nær eingöngu salt og vatn. Efnið er því í raun algjörlega hættulaust. Það skiptir því engu máli hvort til dæmis börnin á heimilinu komist í hreinsilöginn og drekki hann eða fái í augun. Hann hefur engin skaðleg áhrif,“ segir Geoff og sprautar vökvanum upp í sig til að sanna mál sitt.

### MÁ NOTA Á FLESTUM STÖÐUM

Hreinsilöginn má nota í flestöll almenn þrif. Á heimilum dugar hann til dæmi við þrif á gleri, speglum, flísum, klósettum og tölvuskjáum. Það má meira að segja þrífa gleraugun með honum, segir Geoff. Hann segir hreinsilöginn ekki síður virka vel við þrif hjá fyrirtækjum og stofnunum. „Hreinsilögurinn hentar ekki síður á ýmsum vinnustöðum, til dæmis á skrifstofum, í eldhúsum, skólum og heilsugæslustöðvum. Einnig mætti nefna ýmsa opinbera staði eins og hótel, verslunarmiðstöðvar og veitingastaði.“

### MARGVERÐLAUNAÐAR VÖRUR

Toucan-Eco tækið var fyrst sýnt á vörusýningu í Birmingham í Englandi haustið 2010. Þar fékk tækið nýsköpunarverðlaun sýningarinnar. Strax í kjölfarið fékk fyrirtækið mikla athygli og stórar pantanir frá hreingerningarfyrirtækjum. „Þessi fyrirtæki eru gríðarlega umsvifamikil á Bretlandseyjum. Þau hafa notað hreinsilöginn meðal annars á spítölum, hótelum, skrifstofum og fleiri stöðum.“ Í kjölfarið hefur varan verið sýnd víða á vörusýningum í Evrópu, til dæmis í Frakklandi, Þýskalandi, Spáni og Finnlandi. Geoff segir venjuna vera að sýna nýjar vörur á slíkum sýningum. Hins vegar hafi fyrirtækið og tækið unnið svo mörg verðlaun á stuttum tíma að breyting verði fljótlega á því fyrirkomulagi. Meðal verðlauna sem fyrirtækið hefur fengið er UK Cleaning Show Innovation Award og Tomorrow´s Cleaning. „En British Toilet Association 2011 Innovation Award voru risastökk fram á við. Mörgum finnst þetta auðvitað svolítið fyndið nafn á verðlaunum en það er gríðarlegur fjöldi fyrirtækja sem selur vörur og hreinsiefni til fólks og fyrirtækja í tengslum við þrif á klósettum. Þau skiptu okkur því afar miklu máli.” Að hans sögn eru engar sambærilegar vörur til á markaðnum í dag og því ekki undarlegt hversu mikla athygli þær fá. Fyrir utan Evrópumarkað er fyrirtækið komið með dreifingaraðila í Bandaríkjunum, Ástralíu og Suður-Kóreu.

### DRIFKRAFTUR BÆJARYFIRVALDA SKIPTIR MÁLI

Sem fyrr segir var Hveragerði fyrsti bærinn í heiminum til að innleiða tækið í almennum rekstri sínum. Ýmsar stofnanir og fyrirtæki í bænum hafa notað tækið og hreinsilöginn í nokkra mánuði. Má þar meðal annars nefna skóla, heilsugæslu og leikskóla. Að sögn Geoffs losnar bæjarfélagið meðal annars við að kaupa önnur efni erlendis frá og sparar þannig kostnað við kaupin auk þess sem það sparast líka mikið geymslupláss. En umhverfisþátturinn skiptir auðvitað miklu hér. „Við vorum mjög ánægðir með hugarfar og frumkvæði bæjarstjórnarinnar í Hveragerði. Svona átak verður ekki sett í gang án frumkvæðis og drifkrafts bæjaryfirvalda eða stjórnvalda.“ Toucan vökvinn uppfyllir Evrópustaðalinn EN 1276 sem Evrópusambandið gefur út fyrir sótthreinsiefni. Einnig hefur Rannsóknarþjónustan Sýni ehf. prófað vökvann með jákvæðum árangri.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473, **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432

# 1. MAÍ: BERJUMST!

VINNA ER VELFERÐ

ASÍ BSRB BHM KÍ




# Verðug erum við launa okkar

Á 1. maí biðjum við ekki um neitt. Við krefjumst. Við krefjumst samfélags jöfnuðar og við krefjumst virðingar. Við viljum fá reisnina aftur sem þjóð meðal þjóða. Við erum verðug launa í gjaldmiðli sem aðrar þjóðir virða. Við krefjumst þess að auðlindir okkar, vinnuframlag og dugnaður endurspeglist í kjörum okkar, launin nægi fyrir matnum okkar, tómstundum, afborgunum skulda, sumarleyfum og ferðalögum hér innan lands og utan. Við krefjumst þess að fá að lifa manningarlífi með fjölskyldum okkar eins og aðrar þjóðir í nálægum löndum.

Við biðjum ekki um réttlæti. Við krefjumst réttlætis. Það á að vera liðin tíð að við horfum á afskriftir stórskuldaranna, sem tóku allt fyrir sig meðan ekki var hægt að lækka skuldir okkar, venjulegra launamanna. Það á að vera liðin tíð að þeir menn gangi lausir sem settu landið okkar á hausinn og neiti allir sem einn ábyrgð sinni. Það á að vera liðin tíð að við launafólkið öxlum ein ábyrgð á hruninu en þeir sem eyðilögðu landið eru ósnertanlegir fyrir lögum og rétti.

Við krefjumst þess að börnin okkar fái að vaxa úr grasi í þjóðfélagi þar sem við virðum öll grunngildi góðra mannlegra samskipta. Við krefjumst öflugs velferðarkerfis þar sem allir hafa jafnt aðgengi að menntun og heilbrigðisþjónustu. Við krefjumst jöfnuðar á öllum sviðum samfélagsins.

Við neitum að búa í samfélagi lengur þar sem okkur eru meinuð þau sjálfsögðu mannréttindi að ganga til góðrar vinnu á hverjum degi. Við afneitum samfélagi sem samþykkir atvinnuleysið þegar fjöldi verkefna bíður vinnufúsra handa. Við afneitum samfélagi sem sendir fólk til annarra landa, fjarri fjölskyldum okkar eftir mannsæmandi launum. Við höfnum samfélagi sem byggir tilveru sína á höftum og skömmtun. Við eigum annað og betra skilið.

Við höfnum því að vinnulaunin okkar séu gengisfelld á nokkurra ára fresti til að halda uppi sérhagsmunum í atvinnurekstri.

Við biðjum ekki um arðinn af auðlindum okkar. Við krefjumst hans. Til þess að svo megi verða þurfum við að auka frelsið, athafnafrelsi landsmanna þar sem allir búa við jafnræði til að skapa sér og fjölskyldum sínum mannsæmandi kjör. Þess vegna verða allir landsmenn að búa við þau mannréttindi að eiga jafnan rétt til vinnu á sjó og landi, við iðnað eða hvað sem hugur og hönd leitar eftir til atvinnusköpunar.

*Til hamingju með daginn.*

## Saga dagsins

Aðdraganda að 1. maí sem baráttudags verkafólks má rekja til Bandaríkjanna en þar höfðu samtök verkamanna barist fyrir átta stunda vinnudegi frá því árið 1860. Þegar bandarísku verkalýðssamtökin AFL (American Federation of Labour) voru stofnuð 1886 settu þau kröfuna um átta stunda vinnudag á oddinn og 1. maí árið 1890 efndu þau til allsherjar vinnustöðvunar til að knýja á um viðurkenningu á þessari kröfu.

Níu árum síðar komu Frakkar með þá tillögu á þingi evrópskra verkalýðsfélaga í París 1899 að 1. maí skyldi verða alþjóðlegur frídagur verkafólks. Mikil barátta hafði staðið yfir varðandi lengd vinnudagsins og var hugmyndin að nota 1. maí til fjöldafunda til að fylgja eftir kröfunni um átta stunda vinnudag og baráttu fyrir betri kjörum. Tillagan var samþykkt og var 1. maí haldinn hátíðlegur í mörgum löndum árið eftir. Ekki gekk átakalaust að halda daginn hátíðlegan og varð hálfgert stríðsástand í mörgum evrópskum borgum 1. maí þar sem ráðandi öfl töldu að sérstakur baráttudagur verkafólks fæli í sér upphaf byltingar. 1. maí var hins vegar kominn til að vera.

Fyrsta kröfugangan á Íslandi var farin árið 1923 en um nokkurra ára skeið fram að því höfðu verið haldnar innisamkomur 1. maí hér á landi.

## Nokkur dæmi um áfangasigra

**● VÖKULÖGIN 1921**
Vökulögin kváðu á um 6 tíma lágmarkshvíld. Fram að því voru engin takmörk fyrir því hversu lengi var hægt að láta fólk vinna. Þess voru dæmi að sjómenn á togurum stæðu vaktir sólarhringum saman.

**● LÖG UM VERKAMANNABÚSTAÐI 1929**
Verkalýðshreyfingin hóf snemma afskipti af húsnæðismálum og ein af kröfunum í fyrstu kröfugöngunni 1. maí 1923 var „engar kjallarakompur – holla mannabústaði“. Tilgangurinn með lögunum var að hjálpa þeim verkamönnum að eignast sómasamlegt húsnæði sem bjuggu við þröngan húsakost.

**● LÖG UM ALMANNATRYGGINGAR 1936** Lög um alþýðutryggingar tóku gildi 1936 og Tryggingarstofnun ríkisins var sett á stofn til að sjá um framkvæmdina. Þarna var lagður grunnur að því velferðarkerfi sem við Íslendingar búum við í dag.

**● VINNULÖGGJÖFIN 1938** Með setningu laganna urðu verkföll lögleg en þeim mátti þó aðeins beita í kaupdeilum og því aðeins að þau hefðu verið boðuð með sjö daga fyrirvara.

**● ORLOFSMÁLIN 1942**
Árið 1942 öðlaðist allt íslenskt launafólk rétt til orlofs. Með kjarasamningunum það ár fékkst 12 daga sumarleyfi. Dögunum fjölgaði í 18 árið 1956.

**● ATVINNULEYSISTRYGGINGAR 1956** Sex vikna verkfallið svokallaða 1955 skall á í kjölfar langvarandi atvinnuleysis og mikillar kjaraskerðingar. Verkfallið einkenndist af mikilli hörku. Það sem hafði mest áhrif til langs tíma var að ríkisstjórnin gaf fyrirheit um að samþykkja lög um atvinnuleysistryggingar.

**● ALÞJÓÐASÖNGUR VERKALÝÐSINS**
**(Internasjónalinn)**

*Fram, þjáðir menn í þúsund löndum,*
*sem þekkið skortsins glímutök!*
*Nú bárur frelsis brotna á ströndum,*
*boða kúgun ragnarök.*
*Fúnar stoðir burtu vér brjótum!*
*Bræður! Fylkjum liði í dag.*
*Vér bárum fjötra en brátt nú hljótum*
*að byggja réttlátt þjóðfélag.*

*Þó að framtíð sé falin,*
*grípum geirinn í hönd,*
*því Internasjónalinn*
*mun tengja strönd við strönd.*

**Eugéne Pottier/ Sveinbjörn Sigurjónsson**

**Útgefandi:** Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Reykjavík
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson. benedikt@365.is. S. 512 5411
**Ábyrgðarmaður:** Þórarinn Eyfjörð

# Mikilvægt tákn um samstöðu

**Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir að 1. maí sé mikilvægur dagur fyrir launafólk. Vinna og tekjur eru forsenda velferðar í samfélaginu.**

**HVAÐ ÞÝÐIR YFIRSKRIFTIN VINNA ER VELFERÐ?**
Að baki þessari áherslu stendur að dýrmætasta eign launamannsins er hæfileiki hans til þess að afla tekna með vinnu sinni. Tekjur hans eru jafnframt forsenda fyrir þátttöku hans og fjölskyldu hans í samfélaginu. Að sama skapi er vinna hans og tekjur forsendan fyrir þeirri velferð sem þjóðin stendur fyrir, heilbrigðis-, mennta- og tryggingakerfinu. Þannig tvinnast þessi hugtök órjúfanlegum böndum og mikilvægasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar er að hlúa að þessu sambandi á alla vegu. Með samtakamætti tryggjum við að launafólk fái réttmæta hlutdeild í þeim verðmætum sem verða til við vinnuna. Verkalýðshreyfingin hefur byggt upp mikilvægt tryggingа- og réttindakerfi til að skapa nauðsynlegt öryggisnet þegar áföll verða vegna atvinnumissis, veikinda- eða slysa en einnig hefur hreyfingin byggt upp starfsmennta- og fræðslukerfi til að treysta stöðu launafólks á vinnumarkaði og sækja fram um bætt kjör.

Atvinnuleysisbótakerfið er afrakstur áratugakjarabaráttu fyrri kynslóða. Krafa hreyfingarinnar er að stjórnvöld og atvinnurekendur setji atvinnusköpun og uppbyggingu í öndvegi í stefnumótun og aukin þjónusta við þá sem eru án atvinnu er meginverkefni okkar á næstu misserum.

**HVAÐA GILDI HEFUR 1. MAÍ Í ÞÍNUM HUGA?**
1. maí er mikilvægur baráttudagur launafólks þar sem við bæði minnumst þeirra sigra og áfanga sem foreldrar okkar og afar og ömmur náðu í baráttunni fyrir bættum kjörum. Að sama skapi er þessi dagur mikilvægt tákn samstöðu þar sem við setjum fram kröfur okkar og væntingar um betra samfélag. Því skiptir það miklu máli að launafólk fylki liði og taki þátt í baráttufundum stéttarfélaganna um allt land.

**HVER ER ÞÍN FYRSTA MINNING FRÁ BARÁTTUDEGI VERKALÝÐSINS?**
Ætli fyrsta minning mín sé ekki frá unglingsárunum þegar ég ákvað 16 ára að sækja um aðild að Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur og nágrennis og eftir að umsóknin hafði verið samþykkt fór ég á baráttufund félaganna í Keflavík, nokkuð stoltur yfir því að vera hluti af þessari mikilvægu baráttu.



**Gylfi Arnbjörnsson sótti um aðild að Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur þegar hann var 16 ára.** MYND/STEFÁN

# Samtakamáttur getur skilað stórum sigrum

**Guðlaug Kristjánsdóttir formaður Bandalags Háskólamanna segir vinnu bæði takmark og tilgang. Í dag verði sigrum í baráttu launafólks í gegnum tíðina fagnað.**


**„Frá blautu barnsbeini er vinna takmark okkar og tilgangur og stór hluti sjálfsmyndarinnar upp frá því.“** MYND/VILHELM

„Vinna er velferð.“ Þessi setning er rökrétt í mínum huga hvort sem hún er lesin aftur á bak eða áfram,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir formaður BHM.

„Frá blautu barnsbeini er vinna takmark okkar og tilgangur og stór hluti sjálfsmyndarinnar upp frá því. Ekki þarf að fjölyrða um þátt vinnu í velferð einstaklinga og samfélags, enda hefur atvinnuleysi undanfarinna ára minnt okkur rækilega á mikilvægi þess að mega vinna.

Sé setningunni snúið við koma í ljós önnur sannindi, að velferð er vinna. Velferð er ekki sjálfsprottin heldur er hún afrakstur erfiðis, afurð af starfi. Vinna að velferð byggir á samvinnu og forsenda samvinnu er að markmið séu skýr og allir viti að hverju er stefnt. Þegar góð samvinna næst vinna margar hendur létt verk. Okkur hættir til að gleyma mikilvægi þess að stefna í velferðarmálum sé skýr og að starfsskilyrði þeirra sem að þeim vinna séu sómasamleg,“ segir Guðlaug.

Aðspurð um gildi 1. maí í hennar huga segir Guðlaug daginn í dag tileinkaðan sigrum í kjarabaráttu.

„Í dag leiðum við hugann að kjörum fólks á vinnumarkaði, fögnum sigrum sem hafa náðst í baráttu launafólks í gegnum tíðina og sameinumst um að vekja athygli á mikilvægum málefnum hverju sinni.

Með þessu minnum við sjálf okkur og ekki síður komandi kynslóðir á það annars vegar hvað samtakamáttur getur skilað stórum sigrum og hins vegar að kjör og réttindi fólks í dag eru til komin vegna þess að fyrir þeim var barist.“

Fyrstu minningar Guðlaugar um 1. maí tengjast kröfugöngum og lúðraþyt og vangaveltum um alþjóðasöng verkalýðsins, „Internationallinn.“ „Fyrstu minningar mínar um 1. maí tengjast án efa þátttöku lúðrasveita í kröfugöngum þennan dag, enda er ég alin upp í lúðrasveit. Grænir og hvítir búningar Lúðrasveitar Hafnarfjarðar og vangaveltur um það hver hann væri þessi „Nalli“ koma ósjálfrátt upp í hugann.“

# Vinnan er mikilvægasta velferðarmálið

**Baráttan fyrir bættum kjörum launafólks tekur seint enda. Grunnforsenda velferðarkerfisins er að allir hafi vinnu.**



„Barátta launafólks er jafn mikilvæg í dag og áður fyrr," segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB. MYND/STEFÁN KARLSSON

Í huga Elínar Bjargar Jónsdóttur, formanns BSRB, er 1. maí fyrst og fremst baráttudagur launafólks og sá dagur sem það sýnir samstöðu. „Um leið og við minnumst baráttu verkalýðsins fyrr á tímum fyrir grunnréttindum, svo sem hvíldartíma, félagafrelsi og samningsfrelsi, réttindum sem þykja sjálfsögð í dag og lögðu grunninn að því velferðarþjóðfélagi sem við lifum í í dag, þá heldur baráttan áfram." Elín segir niðurskurð, uppsagnir og kjaraskerðingar hafa einkennt síðustu ár og enn búi Íslendingar við mikinn ójöfnuð sem meðal annars birtist í kynbundnum launamun. „Barátta launafólks er jafn mikilvæg í dag og áður fyrr. Þannig er 1. maí jafnt dagur til að minnast unninna sigra og til að brýna vopnin fyrir komandi átök, því baráttan fyrir bættum kjörum fyrir fólkið í landinu mun seint taka enda." Yfirskrift hátíðarhaldanna í ár er „Vinna er velferð" og er slagorðið hverju orði sannara að sögn Elínar. Hún segir grunnforsendu þess að hægt sé að halda uppi góðu velferðarkerfi að allir hafi atvinnu. „Því hærra sem atvinnustigið er, því meiri eru tekjur ríkisins og fyrir þá fjármuni rekum við meðal annars mennta- og heilbrigðiskerfið. Við viljum búa í samfélagi sem veitir fólki öryggi og umönnun þegar á þarf að halda og gerir öllum kleift að njóta menntunar. Í stuttu máli viljum við búa í velferðarsamfélagi þar sem allir eru jafnir. En grunnforsenda þess að hægt sé að halda uppi slíku kerfi er að allir hafi atvinnu. Þess vegna er vinna mikilvægasta velferðarmálið."

Fyrstu minningar Elínar frá hátíðarhöldum Verkalýðsdagsins eru frá fimmta aldursári hennar. „Ég man það vel að bróðir minn var enn þá í kerru þegar gengið var niður Laugaveginn. Ég væri nú að skrökva ef ég segði að þær ræður sem þar voru fluttar hefðu hreyft svo mikið við mér að ég hefði um leið sannfærst um mikilvægi verkalýðsbaráttunnar. Sú sannfæring kom auðvitað ekki fyrr en nokkrum árum síðar." Hún segist fyrst og fremst muna atburðinn svo skýrt vegna þess að á þessum degi heyrði hún í fyrsta skiptið í lúðrasveit. „Mér þótti mikið til þess koma og enn þann dag í dag yljar það mér um hjartaræturnar að heyra kraftmikinn lúðraþyt."

# Brýnt að sofna ekki á verðinum

**Þórður Hjaltested segir 1. maí vera tákn um baráttu fyrir bættum kjörum.**



„Mikilvægt er að launafólk sofni ekki á verðinum og haldi vöku sinni, meðal annars með því að taka þátt í dagskrá samtaka stéttarfélaga," segir Þórður Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands. MYND/VILHELM

„Miklu skiptir fyrir virðingu hvers og eins að hafa atvinnu. Það tryggir einstaklingnum nógu trausta stöðu til að þrífast í velferðarsamfélagi," segir Þórður Hjaltested, formaður Kennarasambands Íslands. „Og það viljum við að Ísland sé, sambærilegt við Norðurlöndin. Velferð einstaklingsins felst í því að búa við fjárhagslegt öryggi og að geta lagt sitt af mörkum til samfélags þar sem allir hafa jafnan aðgang að menntun og heilbrigðisþjónustu. Frá menntapólitískum sjónarhóli séð tel ég mikilvægt að verja opinbera skóla á Íslandi. Gerum þá öflugri og tryggjum jafnrétti til náms."

### BARIST FYRIR RÉTTLÁTU SAMFÉLAGI

Aðspurður um 1. maí segir Þórður baráttudag verkalýðsins táknrænan fyrir baráttuna sem undangengnar kynslóðir hafa háð til að ná fram réttlátu samfélagi. „Dagurinn er áminning fyrir launþega um að gleyma ekki að margt sem við teljum sjálfsögð réttindi í dag var það ekki áður heldur þurfti baráttu og þrautseigju til að ná því fram."

Þórður segir atvinnurekendur ávallt tilbúna að sækja fram til þess að auka gróða sinn og gangi jafnvel í því skyni á kjarasamningsbundin réttindi launafólks. „Þess vegna er mikilvægt að launafólk sofni ekki á verðinum og haldi vöku sinni, meðal annars með því að taka þátt í dagskrá samtaka stéttarfélaga."

### STÖRF KENNARA EKKI METIN Á VIÐ ÖNNUR

„Fyrsta minning mín frá baráttudegi verkalýðsins er þegar ég fór í verkfall sem grunnskólakennari árið 1984," segir Þórður. „Þá voru flestir grunnskólakennarar í gamla Kennarasambandinu sem var hluti af BSRB. Kennarar höfðu miklar væntingar til forystunnar og töldu víst að nú væri komið að því að laun stéttarinnar hækkuðu svo um munaði. Stéttin var langþreytt á bágum kjörum og taldi tímabært að umbunað væri fyrir aukna menntun, en krafan um að grunnskólakennarar hefðu háskólapróf var löngu orðin að veruleika."

Þórður bendir á að enn séu kennarar á öllum skólastigum í sömu stöðu og berjist við að hafa sama kaupmátt og aðrir háskólamenntaðir launamenn. „Starf kennarans er skilgreint af Hagstofu Íslands sem „háskólamenntaður sérfræðingur" en launin endurspegla alls ekki þá skilgreiningu. Hvað kemur í ljós þegar laun sambærilegs sérfræðings á almenna vinnumarkaðnum eru skoðuð? Hann hefur þriðjungi hærri laun. Hið sama kemur fram í könnun OECD á íslensku skólastarfi. Laun kennara á Íslandi eru með því lægsta sem þekkist í OECD löndunum."

Hann segir þetta grátlega staðreynd sem komi þó ekki á óvart í ljósi þess að ungt fólk sækir æ minna í kennaranám. „Við þessu þarf að bregðast. Það er kominn tími til að íslenskt samfélag meti menntun betur til launa."

## Nokkur dæmi um áfangasigra

● **LÖG UM LAUNAJAFNRÉTTI 1962** Í upphafi 20. aldar bjuggu margar konur við mikið harðræði í vinnu og fengu fyrir mun lægri laun en karlar fyrir sömu vinnu. Lög um launajafnrétti voru samþykkt á Alþingi 1962 eftir mikla baráttu. Þrátt fyrir það er enn nokkuð í land að markmið um algert launajafnrétti náist á Íslandi.

● **LÍFEYRISSJÓÐIR 1969** Samkomulag náðist í kjarasamningum árið 1969 um að koma á fót lífeyrissjóðum fyrir allt launafólk.

● **SJÚKRASJÓÐIR 1979** Atvinnurekendum var skylt samkvæmt lögum að greiða 1% af útborguðu kaupi í sjúkrasjóð. Tilgangur sjúkrasjóða er að greiða félagsmönnum bætur í sjúkra- og slysatilfellum eftir að launagreiðslum frá atvinnurekanda lýkur.

● **FEÐRAORLOF 2000** Helstu markmiðin með lögunum voru að tryggja rétt barns til að njóta samvista við báða foreldra og að gera körlum og konum mögulegt að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku.

● **EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL 2005** Verkalýðshreyfingin barðist af krafti gegn félagslegum undirboðum sem fór að bera á í þenslunni í upphafi nýrrar aldar, sérstaklega með fjölgun erlends vinnuafls.

## ● MAÍSTJARNAN

*Ó, hve létt er þitt skóhljóð*
*og hve lengi ég beið þín,*
*það er vorhret á glugga*
*napur vindur, sem hvín,*
*en ég veit eina stjörnu,*
*eina stjörnu sem skín,*
*og nú loks ertu komin,*
*þú ert komin til mín.*

*Það eru erfiðir tímar,*
*það er atvinnuþref,*
*ég hef ekkert að bjóða,*
*ekki ögn sem ég gef,*
*nema von mína og líf mitt*
*hvort ég vaki eða sef,*
*þetta eitt sem þú gafst mér*
*það er allt sem ég hef.*

*En í kvöld lýkur vetri*
*sérhvers vinnandi manns*
*og á morgun skín maísól,*
*það er maísólin hans,*
*það er maísólin okkar,*
*okkar einingarbands,*
*fyrir þér ber ég fána*
*þessa framtíðarlands.*

**Halldór Laxness**



# BERJUMST!

## 1. MAÍ 2012 Í REYKJAVÍK

- Safnast saman á horni Snorrabrautar og Laugavegs kl. 13.00.
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika nokkur lög.
- Gangan leggur af stað kl. 13.30.
- Gengið niður Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti og inn á Ingólfstorg.
- Lúðrasveit verkalýðsins og Lúðrasveitin Svanur leika fyrir göngu.
- Ræðumenn flytja örræður meðan gangan stendur yfir.
- Útifundur á Ingólfstorgi hefst kl. 14.10.
- Útifundi lýkur kl. 15.00.

VINNA ER VELFERÐ

ASÍ BSRB BHM KÍ

FITON / SÍA

## 1. maí kaffi stéttarfélaganna í Reykjavík hefst kl. 15:15 og er á eftirfarandi stöðum

**BSRB**
Grettisgötu 89

**Efling**
Valsheimilinu
v. Hlíðarenda

**Byggiðn**
Ými
Skógarhlíð

félag bókagerðarmanna

**FBM**
Hverfisgötu 21

**FIT**
Ými
Skógarhlíð

KENNARASAMBAND ÍSLANDS

**KÍ**
Kaffi Reykjavík

**Matvís**
Stórhöfða 27,
að neðanverðu

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

**RSÍ**
Stórhöfða 27,
að neðanverðu

**VM**
Gullhömrum,
Þjóðhildarstíg 2

**VR**
Höfðatorgi
Höfðatúni 2



**ÓDÝRT**
Toucan-Eco brúsinn sem ætlaður er til notkunar á heimilum er stílhreinn og fallegur.



**EINFALT**
Fyrirtæki og stofnanir nota stærra tækið frá Toucan-Eco. Lögurinn er tilbúinn á 3 mínútum.



**ÓDÝRT HRÁEFNI**
Flest heimili eiga til nóg af salti. Það þarf 2 milligrömm af salti til að búa til hálfan lítra af hreingerningarvökva, 2 milligrömm í hálfum lítra af vatni.

**SKAÐLAUS**
Kranavatn dugar til að búa til hreingerningarlög. Lögurinn er skaðlaus ef einhver drekkur hann óvart.



**VERÐLAUN**
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðis, tekur við viðurkenningu úr hendi Geoffs Bowers frá Centrego.

# HVERGERÐINGAR ÁNÆGÐIR

*Stofnanir bæjarins og nokkur fyrirtæki hafa notað Toucan-Eco um nokkurra mánaða skeið*

Hveragerðisbær hefur notað Toucan-Eco vörurnar um nokkurra mánaða skeið. Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi bæjarins, segir reynsluna af vörunum mjög góða. „Í Hveragerði hefur lengi verið mikil vakning varðandi umhverfisvernd og meðvitað hafa verið stigin fjölmörg skref í átt að umhverfisvænu samfélagi. Sem dæmi um það má nefna að grunnskólinn okkar fékk Grænfánann nýlega og leikskólarnir og aðrar stofnanir vinna í anda umhverfisverndar. Í ljósi þessa fannst okkur því kjörið að skoða þessar vörur til að nýta í stofnunum bæjarins. Þar horfðum við bæði til umhverfissjónarmiða og fjárhagslegs ávinnings.“



**MIKIL ÁNÆGJA MEÐ VÖRURNAR**
Stofnanir bæjarins og nokkur fyrirtæki hafa nú nýtt vörurnar um nokkurra mánaða skeið. Fyrsta skrefið var að sögn Jóhönnu að kynnast vörunni og skoða notkunarmöguleika hennar fyrir bæjarfélagið. Ýmsir möguleikar séu í boði þegar kemur að sótthreinsun. „Ég er til dæmis yfirmaður íþróttamannvirkja í bænum. Mér var hugleikið að kynnast betur hvernig hægt væri að þrífa blautrýmin í sundlauginni og íþróttahúsinu. Einnig er áhugavert að skoða hvernig hægt er að sótthreinsa vatnið í sundlauginni.“ Að hennar sögn er gríðarlega ánægja með vörurnar í bænum. Þær hafa til dæmis engin áhrif á öndun og erta ekki húðina.

**MIKILL FJÁRHAGSLEGUR ÁVINNINGUR**
Næsta skref hjá bænum er að kynna vörurnar betur innan sveitarfélagsins. „Við tökum þetta í litlum skrefum, pössum okkur á því að læra inn á vörur og finna út hvernig við getum nýtt þær sem best.“ Fyrir utan augljósan umhverfislegan ávinning nefnir Jóhanna líka fjárhagslegan ávinning af notkun varanna. „Þrif- og hreinlætisvörur hafa hækkað gríðarlega mikið í verði undanfarin ár og eru stór liður í rekstri ýmissa stofnana, til dæmis íþróttamannvirkja. Það verður gríðarlega jákvætt fyrir okkur ef við finnum taktinn í notkun varanna, sérstaklega ef við notum þær alfarið. Það þarf samt að þróa þetta í rólegheitum. Við tökum þetta ekki í einu stóru skrefi heldur nokkrum minni skrefum.“



**ÁVINNINGUR**
*Mikil ánægja er með Toucan-Eco vörurnar hjá stofnunum Hveragerðisbæjar að sögn Jóhönnu Margrétar Hjartardóttur, menningar- og frístundafulltrúa bæjarins.*

## TOUCAN-ECO HENTAR Á EFTIRFARANDI STÖÐUM

- SKÓLAR OG LEIKSKÓLAR
- HJÚKRUNARHEIMILI
- HÓTEL OG VEITINGASTAÐIR
- ÍÞRÓTTAMANNVIRKI
- HREINGERNINGARFYRIRTÆKI
- SJÚKRAHÚS OG TANNLÆKNASTOFUR
- HÁRGREIÐSLUSTOFUR
- SKRIFSTOFUR OG VERSLANIR
- LÍKAMSRÆKTARSTÖÐVAR

## HVAÐ MÁ ÞRÍFA MEÐ LEGINUM?

- UNNINN VIÐUR
- PLAST
- GLUGGAR OG SPEGLAR
- TÖLVUSKJÁIR
- BÍLRÚÐUR
- GÓLFFLÍSAR
- KLÓSETTSKÁLAR OG VASKAR
- ALMENN ÞRIF Á TEPPUM

# BÍLAR & FARATÆKI




Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**




Netbílar, Hlíðasmára 2 Er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar. Sími 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




NÝTT COLEMAN CHEYENNE 10 fet, Markísa og Decor pakki innifalið, Truma miðstöð, 220V, ísskápur ofl, 2 ára ábyrgð, Síðustu húsin á þessu frábæra verði aðeins 2.389.800kr , Komdu og skoðaðu,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**MMC OUTLANDER DISEL**
Til sölu þessi glæsilegi Outlander disel eyðir um 8 til 9 innanbæjar. Sjö manna, leður sæti ,ekinn 98.000 dráttarkrókur, beinskiptur 6 gíra. skoða skipti á ódýrari bíl. VERÐ 3.390.000 Upplýsingar í síma 7776409 eða 7779110.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.



Til sölu mercedes benz A190 árg.'02 ek.115þús.km. Fallegur og velmeðfarinn bíll. V750þús. s. 6901074.



Yaris2003, sjálfskiptur. Ek. 180þ. 1300 vél. Gott eintak. 760þ stgr. s.848-1858



SUZUKI Grand Vitara Lux árg. 2010 ekinn 41þús. Leður Topplúga. Góður bíll. Skipti ATH. Verð 3,980. S: 898-2811.

Ford Escort nýsk. Verð: 75 þ. kr. Uppl. í s. 662 2882.

## 0-250 þús.



**Ódýr Diesel Jeppi 220þ.**
Gallopper, árg. '99, diesel, ssk, ek. 213 þús. Ásett 450, tilb. 220 s. 866-9274.



**Sjálfskiptur! Tilboð 230 þús!**
Subaru Impreza 2000 4x4 árg.'98 sjálfskiptur, heilsársdekk ásett verð 390 þús. TILBOÐ 230 ÞÚS. s. 841 8955.

Go-kart til sölu. Zip grind, Rotax 125cc, nýr mótor. Auka dekk og varahlutir fylgja, tilbúinn í keppni, í topp standi. Verð 220Þús. S.6938164

## 250-499 þús.



MMC Spacewagon GLXi 4x4, árg. '98, ek. 267 þús. Nýleg tímareim, ssk, ný dekk, dráttarkr. Skráður tjónabíll. Verð 320 þús. S. 659 3459.



VW Bora árg. '99, ek. 220 þús., nýleg tímareim, 5g, bs, sko '13. Tilboð 330 þús. S. 659 3459.

## 500-999 þús.



Toyota Yaris 2004 bsk ek 109 þ 5dyra V. 750þ flott eintak.skoðun 2013 s.8933826



Kia Sportace árg. '02, 5g, bs. ek. 132 þús. Nýleg tímareim, sko 2013, dráttarkr., ný dekk. Verð 550 þús. S. 659 3459.

Corolla 2003 sjálfskiptur, H/B 1600, ek: 145þ. S:6623090. Staðsettur á Toyota á Selfossi. Verð: 950þ

Mercedes Benz E230 1998 ek.280þ. Ryðlaus,Topplúga, nýleg vetrardekk, cd, ssk. Ásett verð780þ. Tilboð 550þ. S:848 0398

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

**Óska eftir bíl fyrir allt að 150 þús. í peningum strax!!!!**
Fólksbíl smábíll eða jeppi allt kemur til greina! Má vera bilaður tjónaður óskoðaður eða bara orðin sjúskaður! eða bara í lagi! og þer vantar að losna við hann strax! fyrir allt að 150 þús. staðgreitt! s. 691 9374.

## Mótorhjól



KAWASAKI NINJA ZX-600R árg. 2007 ekið 3000km. Sem nýtt. Einn eigandi. S: 898-2811.

## Sendibílar




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólhýsi



Til sölu, 5 gata felgur ásamt dekkjum undir fellihýsi og tjaldvagna, stærð: 5,30 x 12. Verð: 15.000 kr. stk. Pústþjónusta BJB ehf. Sími: 5651090 eða piero@bjb.is

**Knaus Sport 500 FU**
Til sölu hjólhýsi árg 2007. Hlaðið aukabúnaði. Verð 2590.000.- Uppl. í s. 891 7107

## Fellihýsi



**Til sölu fellihýsi FLEETWOOD UTAH 12"**
Fortjald, sella, Innbyggt wc, hljóðlát Tuma miðstöð og vatnshitari og fleiri fylgihlutir. 2008 Mögulegt að taka upp í Enduro eða ferðahjól. S. 899-7567.

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. EINNIG DIESEL VATNSDÆLUR MEÐ 72m3/klst AFKSÖTUM. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Varahlutir




Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Transporter '99 Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

**GS Varahlutir**
**Sími 567-6744**
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabríel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

## Viðgerðir

**AB Pústþjónusta**
Pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. S. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

Flutningsþrif, gólfbónun, ræsting, teppahreinsun og gluggaþvottur www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja













## Bókhald

Accountant - bókhald og skattaráðgjöf ehf. Ársreikningar og skattframtöl. S.4900095 www.accountant.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald










**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun




Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

**Hellulagnir/Pallasmíði**
Tökum að okkur alla lóðalógun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardlausnir@gmail.com

## Tölvur


omnis
tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 - Reykjavík


## Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

**Stjörnunudd!**
Stjörnunudd! Vöðva, slökunar, partanudd. Uppl. í síma 846 0202. Opið 11-18.

## Spádómar


Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211


SÍMASPÁ - EINKATÍMAR Uppl. í 5543306 / 6630813.

**Jasmin 908 2000**
Símaspá, tarot, trúnaður. Opið frá kl. 12-24

## Önnur þjónusta


Blekhylki.is


Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## Rafvirkjun


RafList
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu.
Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 699 5552
www.raflist.is



Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is


**KEYPT & SELT**

## Til sölu

Bókasafn til sölu, m.a. ritsöfn, æviminningar, skáldsögur, ljóðabækur og ýmislegt fleira, u.þ.b. 250 kasssar. Uppl. í s. 8652312.

Til sölu ljóst sófasett frá Öndvegi. 3 sæta,2 sæta og stóll. Ljóst leður. Verð: 100 þ. kr. Uppl. í s. 699 7220.

## Óskast keypt

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga

Óska eftir c.a 40 lm af steypumótum og krana til leigu eða til kaups. Arnar s:8223592 eða addistrom@gmail.com

Óska eftir 350 3m dokaplötum,, stoðir 45x95 500lm, tommuborð 650 lm og setur 500 stk. Einnig 400 stk loftastoðir, 1400 lm af dokabitum. Arnar s:8223592 og addistrom@gmail.com

## Fyrirtæki

**Ein af betri sjoppum borgarinnar**

**Til sölu**
**eigin atvinnurekstur Mikil og stöðug velta, bílalúga, spilakassar, ís, ofl.**

**Eignaskipti koma til greina. Áhugasamir sendi póst á : plan10@simnet.is**

## Ýmislegt

Vantar einhvern að losna við bilaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar? Ég kem og sæki, borga 3 þ. kr. stk. og 5 þ. ef þið komið með tækið til okkar. Ekki mjög gamalt. Á sama stað erum við með ódýr tæki til sölu, eins mánaðar ábyrgð. Heimsending s. 777 6729. Skútuvogi 13, 104 Rvk.

**HEILSA**

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Húsnæði


**Leiguumsjón**
**láttu okkur sjá um fasteignina þína.**
Gerð leigusamninga.
Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.
Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.
Umsjón og eftirlit með fasteigninni.
Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeiganda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.
Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.
Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440


## Til sölu


SVALALOKANIR
fyrir íslenskar aðstæður

• lipur og þvingunarlaus opnun
• viðhaldsfrítt
• vindlokun
• skröltfrítt
• þolir hreyfingar hússins
Gæði er okkar merki
SMIÐJA HEIÐARS
Skemmuvegi 24 - 200 Kópavogi
Sími 554 2570 - smidjaheidars.is




## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

BYLGJAN 989 25 ÁRA
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Góð 90fm, 2 herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. Jarðhæð í raðhúsi: stofa, borðstofa m. eldh.krók, baðherb., þvottaðstaða, tvær geymslur, svefnherb. m.lausum skápum.Innif. hiti sér rafmagn. Leiga 95 þ.,trygging 180 þ.Uppl. Síma 696 5898 eftir kl. 17.

Rúmgóð 2ja herbergja íbúð í Mosfellsbæ. Sendið fyrirspurnir í sigurvis4@gmail.com

Til leigu 75 fm, þriggja herbergja íbúð í mosfellsbæ laus strax allt sér uppl. í s.8970630 eftir kl 19

Til leigu 75 fm, þriggja herbergja íbúð í mosfellsbæ laus strax allt sér uppl. í s.8970630 eftir kl 19

Til leigu 70 fm 3ja herbergja kjallaríbúð með sérinngangi í 108 rvk. Leiga 80þ. á mánuði. laus 3. maí uppl. sendist á liljagudny@msn.com

**Stúdíóíbúð**
Nýlega 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð frá 62 þ. S. 824 6692.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð 3ja herb. á Höfuðborgasv. frá 01. júlí, greiðslugeta 100þús, skilvísum greiðslum heitið. Uppl. s. 823 8088.

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hársnyrtir**
**Óska eftir hársnyrti á góða stofu á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 698 7537**

SÍMSTÖÐIN

**Kvöld- og helgarvinna**
**Við leitum að öflugu og skemmtilegu fólki til úthringinga. Fjölbreytt verkefni - tímakaup og bónusar. Lágmarksaldur 18 ára. Hringdu í síma 5464645 milli kl. 10-20. gaman@simstodin.is**

Tryggingamiðlun Íslands óskar eftir fólki í úthringingar á kvöldin. Góð laun fyrir réttan aðila. Uppl gefur Bjarni í 662-6163 eða bjarni@tmi.is

**Tryggingamiðlun**
Óskum eftir góðum hringjurum. Góð laun í boði. Uppl í s. 897 0948 samuel@tmi.is & 825 0006 steini@tmi.is

Hressan starfskraft vantar á daginn alla virka daga frá 11-14 í afgreiðslu. Pizza King í Skipholti 70.Uppl. í s: 864 7318.

**Málarar Athugið!**
**Óskum eftir málurum eða vönum mönnum í fullt starf. íslenskukunnátta nauðsynleg. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: „málari"**

**Garðaþjónusta Íslands**
**óskar eftir að ráða ábyrgan og reglusaman starfsmann sem getur unnið sjálfsstætt og hefur lágmarks viðgerðarkunnáttu til að sjá um slátt og almenn garðverk. Upplýsingar gefur Hjörleifur í s. 844 6547**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

## Fundir

HEYRNARHJÁLP

**Aðalfundur Heyrnarhjálpar verður fimmtudaginn 10. maí kl. 20 að Langholtsvegi 111**
**Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál. Stjórnin**

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.
Blaðberinn...
...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Húsnæði

**Embassy – House**

The American Embassy, Reykjavik is seeking to lease a house in the Reykjavik area as of June 1st. 2012. Required size is 200 – 250 square meters . Lease period is for 3 years. Minimum of 3 bedrooms and 2 bathrooms .

Please e-mail to: eyjolfssongt@state.gov before May 2nd. with information about the location (street and house number) and phone number of the one that would show the property.

**Sendiráð – Húsnæði**

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu hús á Reykjavíkursvæðinu frá 1. Júní/ Æskileg stærð 200 – 250 fm. Leigutími 3 ár. Lágmark 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi.

Vinsamlegast sendið upplýsingar á netfangið: eyjolfssongt@state.gov fyrir 2. maí með upplýsingum um staðsetningu eignarinnar (götuheiti og húsnúmer) og símanúmer þess sem sýna mundi eignina.

Capacent Ráðningar
VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!
Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.
Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is
Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000
capacent

vinna.is
sími: 511 1144

## Fasteignir

**101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA**
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
Löggiltur fasteignasali Leifur Aðalsteinsson

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL: 14:00-15:00**

**Grænahlíð 5 – 105 Reykjavík**




Glæsileg 115fm 5 herb. efsta hæð í mjög fallegu húsi á þessum sívinsæla stað. Eignin er mjög vel skipulögð. Tvennar svalir.
**V-34,9millj. Linda og Dagur taka vel á móti ykkur.**

**HRAUNHAMAR**
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Vesturtún 27A OPIÐ HÚS**




**Opið hús í dag milli 14-15 í dag Vesturtún 27A.** Sérlega smekklegt parhús á þessum friðsæla stað á Álftanesinu. Húsið er á einni hæð og er 109 fm með bílskúr. 2 svefnherb. fallegt eldhús. Hátt til lofts, Allur frágangur til fyrirmyndar. Falleg lóð. **V. 29,5 millj.**
**Ragnheiður býður ykkur velkomin**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Dverghamrar 14 – Vel staðsett einbýlishús innst í botnlanga**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 16-17**




Fallegt 182,1 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 46,1 fm. bílskúr. Húsið hefur nánast allt verið tekið í gegn á síðustu árum að innan sem utan. Opið eldhús með nýrri innréttingu og vönduðum tækjum. Sjónvarpshol. Stofa og borðstofa með uppteknu lofti og útgengi í nýja um 16 fm. flísalagða sólstofu með gólfhita. Þrjú svefnherbergi. Bílskúr með millilofti að hluta. Lóð er í góðri rækt með viðarpöllum og steyptri upphitaðri aðkomu. **Verð 59,5 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 16-17. Verið velkomin.**

# Velferð og vald

Samfélagsmál
Helga Birna Gunnarsdóttir
þroskaþjálfi

Ég hygg að margir séu mér sammála um að hugtakið vald, eða valdboð, veki frekar með okkur óhug en öryggi. Að í hugum fólks tengist hugtakið oft þvingun til athafna eða skoðana sem ganga þvert á afstöðu þess, vali á lífsmáta og rýrnun frelsis og sjálfsákvörðunarréttar.

Vald getur verið bæði ljóst og óljóst. Valdið getur leynst í samfélagsgerðinni og menningu, jafnvel undir formerkjum mannúðar. Samfélag sem skortir skyggni á margbreytileika þegnanna, með þeim afleiðingum að sjálfkrafa fer fram flokkun á fólki sem felur í sér mat á mismunandi verðleikum þess, getur og hefur vissulega leitt til þvingandi lífsmáta vanmetinna samfélagshópa. Dæmi um slíka hópa er það fólk sem í íslensku samfélagi er skilgreint fatlað. Þarfir þess og val um lífsmáta hafa sjaldnast verið uppi á teikniborðinu nema í besta falli í eins konar eftirlíkingu af lífsmáta fjöldans og stjórnað af faghópum opinberra þjónustukerfa. Ekki er ýkja langt síðan að ríkti fullkominn aðskilnaður þeirra og almennings í landinu. Íslensk stjórnvöld hafa nú gert bragarbót með því að samræma velferðarþjónustuna þjónustu við íbúa sveitarfélaga heima í héraði.

Hugtakið valdefling er sprottið upp úr baráttu þessa hóps fyrir mannréttindum og frelsi til að skapa sér sjálfstætt líf að eigin vali. Liður í þeim ásetningi er að losna undan valdi stofnana með tilstyrk nýrrar tegundar þjónustu sem stjórnað er og rekin er af þjónustuneytendum sjálfum, „Notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar“. Þetta form þjónustu er þegar farið að ryðja sér til rúms á Íslandi þó í litlum mæli sé.

Það hefur löngum reynst erfitt að færa valdið frá faghópum í þjónustu hins opinbera til neytenda enda er umrætt þjónustuform ekki síst hugsað sem svar við þeim vanda. Það er sem sagt ekki allt fengið með því að færa þjónustu á milli stjórnsýslustiga eða draga úr aðgreiningu þjónustuneytenda. Það er ekkert sem tryggir að stofnanamenningin og valdamisvægið milli þeirra sem veita þjónustuna og neytenda breytist við flutning málaflokka frá ríki til sveitarfélaga. Hann getur hins vegar orðið hvati að tímabærri og gagnrýnni endurskoðun og skapað svigrúm fyrir sveitarstjórnarfólk til breytinga í stjórnkerfinu sem miða að valddreifingu veitenda og neytenda opinberrar þjónustu á hvaða sviði sem er.

Hugmyndafræði notendastýrðrar þjónustu byggir á borgaralegum rétti sem gerir öllum mögulegt að búa frjálsir og fullgildir þegnar í samfélaginu og vera þátttakendur á öllum sviðum þess. Notendastýrð þjónusta byggir ekki á geðþótta og góðvild stjórnvalda eða stjórnenda og starfsmanna þjónustukerfa. Það er ekki tilviljun að það eru einmitt þeir sem skilgreindir eru fatlað fólk sem ríða á vaðið með kröfu um notendastýrða þjónustu. Það er ekki tilviljun að það er einmitt sá hópur sem síst hefur verið tekið mið af við uppbygginguna og mótun menningar í samfélaginu. Það er heldur ekki tilviljun að þessi hópur fólks velur að sjá sjálfur um rekstur þjónustunnar fremur en að velja þjónustu sem stýrt er af opinberu þjónustukerfi.

> Það hefur löngum reynst erfitt að færa valdið frá faghópum í þjónustu hins opinbera til neytenda ...

Fáir eiga lengri og erfiðari reynslu af því að lúta í lægra haldi fyrir forræðishyggju og stofnanavaldi, en það þarf kjark til að brjótast gegn viðteknum venjum og gildismati. Það þarf einnig kjarkað sveitarstjórnarfólk til að breyta rótgrónu stofnanafyrirkomulagi sem hefur fengið að þróast í tímans rás í höndum fjölmennra faghópa.

Neytendur eru þó ennþá fjölmennari og það eru mörgum sinnum fleiri en þeir sem skilgreindir eru fatlaðir sem þurfa að byggja velferð sína á opinberri þjónustu. Fólk á efri árum, fólk á öllum aldri sem er að stríða við veikindi heima hjá sér eða nemendur sem falla ekki að stöðluðum námskröfum skólayfirvalda. Það eru almennir kjósendur sem með atkvæði sínu gefa stjórnmálafólki umboð til að stjórna í þeirra þágu, í samráði við þá í lýðfrjálsu sveitarfélagi. Velferðarþjónusta sem byggir ekki á þjónustulund, forræðishyggju í stað virðingar og tekur fremur mið af hagsmunum þeirra sem veita þjónustuna en þeirra sem eiga að njóta hennar, skilar sér ekki í velferð.





Þjóðargjöf

Styðjum við lestur íslensku þjóðarinnar




Þeir sem ekki fá ávísun senda geta nálgast hana í næsta Arion banka eða hringt í síma 444-7000.



Í Viku bókarinnar fá öll heimili í landinu senda **Ávísun á lestur** að andvirði 1.000 kr. Hana geta allir nýtt til bókakaupa dagana 23. apríl til 14. maí 2012.

Aðferðin er einföld. Þú ferð með ávísunina í næstu bókabúð eða á annan sölustað bóka. Kaupir bók eða bækur fyrir að lágmarki 3.500 kr. og greiðir 1.000 kr. af upphæðinni með ávísuninni.

Skilningur á lesmáli er undirstaða náms barnanna okkar. Bókasöfn grunnskólanna gegna hér lykilhlutverki sem hornsteinar lestrarhvatningar á Íslandi. Þess vegna látum við 100 kr. af hverri nýttri ávísun renna í Skólasafnasjóð sem úthlutar styrkjum til bókasafna grunnskólanna.

Arion banki

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**127** **JÓNAS JÓNSSON,** ráðherra frá Hriflu, fæddist á þessum degi fyrir 127 árum.

*„Í landinu hefur myndast hópur fjárglæframanna, sem aðallega gera sér að atvinnu að stofna til félaga, sprengja þau og hirða molana. Þvílíkir ræningjar eru mestu skaðræðismenn samtíðarinnar.“*



**RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR** „Nú er kannski lag fyrir LA að marka sér sérstöðu og sinna því sem stærri leikhúsin gera ekki.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

RAGNHEIÐUR SKÚLADÓTTIR: LISTRÆNN STJÓRNANDI LEIKFÉLAGS AKUREYRAR:

## Alþýðlegt og framsækið leikhús

„Þetta er mjög spennandi verkefni og felur í sér ýmsa möguleika og tækifæri fyrir leikfélagið,“ segir Ragnheiður Skúladóttir, nýráðinn listrænn stjórnandi Leikfélags Akureyrar.

Fjárhagskröggur hafa sett strik í reikninginn í starfsemi LA, sem eins og kunnugt er hefur verið án leikhússtjóra frá því október. Í stað þess að auglýsa eftir nýjum leikhússtjóra var ákveðið að ráða listrænan stjórnanda til eins árs, sem sér um að móta listræna stefnu, velja verkefni og leikhóp. Ragnheiður gegndi áður starfi deildarstjóra leiklistardeildar LHÍ og er aðaldriffjöðurin í alþjóðlegu leiklistarhátíðinni Lókal. Hún segir að eðli málsins samkvæmt sé rekstri leikfélagsins þröngur stakkur sniðinn en að slíkar aðstæður bjóði upp á að hlutirnir séu hugsaðar upp á nýtt.

„Nú er kannski lag fyrir LA að marka sér sérstöðu og sinna því sem stærri leikhúsin gera ekki,“ segir Ragnheiður. „Það eru ákveðnir hlutir sem okkur langar að prófa. Í fyrsta lagi viljum við einbeita okkur að því að gera LA að öflugu leikhúsi fyrir Akureyri og nágrenni og munum á næsta leikári setja upp þrjár leiksýningar í Samkomuhúsinu og Rýminu. Í öðru lagi horfum við til samvinnuverkefna út fyrir bæjarfélagið, hvort sem litið er til Egilsstaða eða Berlínar. Við hugsum þetta bæði sem „lókal“ og „glóbal““.

Ragnheiður hefur ræktað góð tengsl við innlenda og erlenda leikhópa í gegnum Lókal-hátíðina og vonar að það eigi eftir að koma LA til góða.

„Það er eitt sem sviðslistamenn um allan heim eru alltaf að leita að og það er almenniieg vinnuaðstaða. Þetta er dýrmætt tækifæri fyrir LA, því hér er frábær aðstaða fyrir vinnustofur, verkefnaþróun og svo framvegis. Í þessum efnum getur smæðin verið styrkur.“

Þá segist Ragnheiður munu halda áfram að hlúa að því grasrótarstarfi sem sinnt hefur verið í gegnum leiklistarskóla LA. „Þar hefur verið unnið frábært starf fyrir börn og unglinga og því viljum við halda áfram; bæði til að sýna ungu fólki að það er hægt að hafa atvinnu af því að vinna við leiklist og eins til að kynna fyrir því það sem er ofarlega á baugi bæði í innlendri og erlendri leiklist.“

Þá segir hún mikilvægt að Leikfélagið snúi sér stakk eftir vexti og nýti þá fjármuni sem eru eyrnamerktir atvinnustarfsemi í leiklist í bænum til þess að treysta innviði listgreinarinnar á svæðinu og leita nýrra leiða til þess að stuðla að framþróun hennar. „Markmiðið er að bjóða upp á alþýðlegt framsækið leikhús.“

Ragnheiður segir að búið sé að leggja línurnar fyrir komandi leikár; leikhópur hefur verið ráðinn og helstu verkefni ákveðin, en hún verst allra frétta þar til gengið hefur verið formlega frá öllum samningum.

bergsteinn@frettabladid.is

---

†



Okkar ástkæra,

**MARGRÉT VALGERÐUR AÐALSTEINSDÓTTIR**
**Kleppsvegi 58, Reykjavík,**

lést laugardaginn 28. apríl á hjúkrunarheimilinu Grund. Jarðarför auglýst síðar.

**Sigurður Berg Bergsteinsson**
**Óskar Sigurðsson** **Katarzyna Sochacka Sigurdsson**
**Sigrún Sigurðardóttir** **Hörður Benediktsson**
**Hafdís Björg Sigurðardóttir** **Óskar Ásgeirsson**
**Þjóðbjörg Heiða Þorsteinsdóttir**
**Valdís Ingunn Óskarsdóttir**
**Markus Georg Oskarsson**
**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**
**Jóhanna Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir**
**Steinunn Sigurðardóttir** **Brynjar Valdimarsson**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**ÓLAFUR ÖRN ÁRNASON**
**til heimilis að Skjóli, áður Sólheimum 25 í Reykjavík,**

andaðist á Skjóli þann 24. apríl 2012. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. maí kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra.

**Guðrún Sigurmundsdóttir**
**Sigurmundur Arinbjörnsson** **Hugborg Sigurðardóttir**
**Árdís Ólafsdóttir**
**Ágústa Ólafsdóttir** **Roger Skagerwall**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**BJARNA HELGASONAR**
**garðyrkjubónda á Laugalandi, Hvassaleiti 58, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Landspítalans fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Lea Kristín Þórhallsdóttir**
**Helgi Bjarnason** **Ingibjörg Friðriksdóttir**
**Steinunn Bjarnadóttir** **Jón G. Kristjánsson**
**Þórhallur Bjarnason** **Erla Gunnlaugsdóttir**
**Sigrún Bjarnadóttir** **Hilmar R. Konráðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRUNN MATTHÍASDÓTTIR**
**Lækjasmára 4, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 20. apríl sl. Jarðsungið verður frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 13.00.

**Bernótus Kristjánsson**
**Ingunn Bernótusdóttir** **Guðmundur Viðarsson**
**Kristján Þór Bernótusson** **Svava María Martinsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁRNÝ ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Sóltúni 2, áður Boðagranda 7, Reykjavík,**

lést laugardaginn 21.apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin fer fram fimmtudaginn 3. maí nk. frá Áskirkju kl. 13.00.

**Hrafnhildur Tyrfingsdóttir**
**Stefán Tyrfingsson** **María Erla Friðsteinsdóttir**
**Tyrfingur Heimir Tyrfingsson**
**Laufey Guðrún Lárusdóttir**
**Pálmi Sigurðsson** **Anna Lóa Marinósdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---

†



Eiginkona mín, móðir okkar, amma, langamma og systir,

**HALLDÓRA BJARNADÓTTIR**
***Kvígindisfelli, Tálknafirði,***

lést 27. apríl á gjörgæslu Landspítalans í Fossvogi. Minningarathöfn verður í Neskirkju fimmtudaginn 3. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar**
**Magnús Guðmundsson.**

---

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

**ÞÓRUNNAR E. HAFSTEIN.**

**Guðlaugur Björgvinsson**
**Ásta Margrét Guðlaugsdóttir** **Einar Ingi Ágústsson**
**Hildigunnur Sigrún Guðlaugsdóttir** **Gunnlaugur Árnason**
**Þórunn Björk Guðlaugsdóttir**
**Erna Guðlaugsdóttir** **Guðmundur Gunnarsson**
**og barnabörn.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir 28. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þóra G Gísladóttir**
**Haukur Hafsteinsson**
**Margrét Gísladóttir** **Haraldur H Helgason**
**Gísli Gíslason** **Ágústa Guðmarsdóttir**
**Ólafur S Gíslason** **Hildur Bjarnadóttir**
**Guðrún Gísladóttir** **Magnús Orri Sæmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN RUTH JÓNSDÓTTIR**
**Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,**

andaðist laugardaginn 28. apríl.

**Inga Jóna Jónsdóttir** **Steindór Guðmundsson**
**Ólína Bergsveinsdóttir** **Guðmundur Ragnar Ólafsson**
**Jón Bergsveinsson** **Ásdís Árnadóttir**
**Björg Bergsveinsdóttir** **Eggert Dagbjartsson**
**Bergsveinn Bergsveinsson** **Gígja Hrönn Eiðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Umsóknarfrestur til **6. JÚNÍ**



# NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS

Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttaakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemmtilegt nám. **Komdu í Keili!**

## HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennsla við Háskólabrú fer fram í staðnámi á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Akureyri í samstarfi við SÍMEY.

**NÁMSFRAMBOÐ**

- // **FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGADEILD**
- // **HUGVÍSINDADEILD**
- // **VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD**
- // **VERK- OG RAUNVÍSINDADEILD**

**KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net**

**Keilir**
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

PIPAR\TBWA • SÍA

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** margs konar, **6.** frá, **8.** persónufornafn, **9.** dýrahljóð, **11.** í röð, **12.** píp, **14.** mjóróma, **16.** tveir eins, **17.** háma, **18.** í viðbót, **20.** á fæti, **21.** yndi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** höfuð, **3.** fyrirtæki, **4.** dreyrasýki, **5.** sár, **7.** dráttur, **10.** ar, **13.** hyggja, **15.** steintegund, **16.** efni, **19.** mun.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** af, **8.** sín, **9.** urr, **11.** bd, **12.** seytl, **14.** skræk, **16.** tt, **17.** úða, **18.** auk, **20.** il, **21.** unun.
**LÓÐRÉTT: 1.** haus, **3.** ms, **4.** síblæði, **5.** und, **7.** frestun, **10.** ryk, **13.** trú, **15.** kalk, **16.** tau, **19.** ku.

**Frá yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis**

## Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012

Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis kemur saman til fundar í Íþróttahúsinu Kaplakrika, Hafnarfirði, þriðjudaginn 22. maí nk., kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36 frá 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til oddvita yfirkjörstjórnar, Jónasar Þórs Guðmundssonar hrl., Strandgötu 25, Hafnarfirði, miðvikudaginn 16. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi (í excel-skjali á minnislykli).

**24. apríl 2012.**
**Yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis,**
**Jónas Þór Guðmundsson,**
**Ástríður Sólrún Grímsdóttir,**
**Guðbjörg Sveinsdóttir,**
**Sigríður Jósefsdóttir,**
**Elín Jóhannsdóttir.**




# Grunnur réttindanna

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Því get ég lofað þér, lesandi góður, að ef þú skellir þér inn á hið alltumfaðmandi internet verður þér ekki skotaskuld úr því að finna pistla þar sem lítið er gert úr baráttudegi verkalýðsins. Fólk mun velta sér upp úr því að hann hafi ekki lengur neitt gildi, sé úreltur, jafnvel rifja upp horfna tíð þegar það var börn og allt var betra og kannski fylgir ein vonbrigðasaga, eða tvær, frá deginum. Það er gott og blessað, en breytir þó ekki þeirri staðreynd að af öllum þeim frídögum sem launafólk fær er enginn sem ætti að standa því nær.

**NÁLEGA** öll þau réttindi sem við búum við í dag má rekja til baráttu verkalýðshreyfingarinnar. Þau eru ekki mörg dæmin um að atvinnurekendur hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að hækka laun, stytta vinnutíma, auka veikindarétt og almennan rétt starfsfólks. Til þess hefur þurft samstillt átak. Stundum hefur samningsviljinn verið ríkur og allt gengið snurðulaust. Og stundum hefur launafólk þurft að sýna samstöðu sína með vinnustöðvunum.

**VEL** má vera að umgjörð 1. maí hugnist ekki öllum. Einhverjum þyki það ekki lengur hipp og kúl að þramma í kröfugöngu undir dynjandi blæstri lúðrasveitar. Svo má vel vera. Umgjörðin er hins vegar ekki nema sýnilegur hluti þessa merka dags. Kannski verður einhvern tímann gjörbreyting á henni – til þess þurfa gagnrýnendur reyndar að leggja eitthvað til en ekki bara nöldra yfir deginum – og það er þá bara vel. Fínasta mál. Gerum eitthvað annað ef hugurinn stendur í þá átt.

**ÞAÐ** breytir þó í engu raunverulegu eðli dagsins; nefnilega því að minnast þeirra réttinda sem við búum við á hverjum degi og brýna okkur til frekari baráttu. Sjálfur geri ég það gólandi niður Laugaveginn í kröfugöngu, en í þessu, sem svo mörgu öðru, verður hver og einn að finna sinn farveg. Bloggið, hvílist, farið í garðinn, fáið ykkur kaffi, lesið, sofið hjá, horfið á blómynd – eða það sem best er, mætið í kröfugöngu.

**HVERNIG** sem þið hyggist verja deginum hafið þá í huga að gengnar kynslóðir lögðu harðræði á sig til að skapa velferðarsamfélag það sem við byggjum. Og, að baráttan er aldrei búin.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Kirkman/Scott



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# 1.MAÍ

# LOKAÐ

**Lokað** í öllum verslunum Bónus
í dag 1.maí á frídegi verkafólks.
Starfsfólk Bónus

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**LILLUKÓRINN Í 20 ÁR** Afmælistónleikar Lillukórsins í Húnaþingi vestra verða haldnir í dag, þriðjudaginn 1. maí, klukkan 14 í Félagsheimilinu á Hvammstanga. Kórstjóri og raddkennari er Ingibjörg Pálsdóttir. Sigurður Helgi Oddsson er stjórnandi kórsins og leikur jafnframt undir á píanó, einnig mun Þorvaldur Pálsson leika undir á harmonikku. Gestakór verður Álafosskórinn. Stjórnandi hans er Magnús Kjartansson og undirleikari Sigurður Helgi Oddsson. Söngskráin er fjölbreytt og veglegt kaffihlaðborð að hætti kórsins.

Styrkur til doktorsnáms við Viðskiptafræðideild

Viðskiptafræðideild

**Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands auglýsir eftir umsóknum til að vinna að doktorsritgerð við deildina.**

Umsækjandi skal uppfylla skilyrði til innritunar í doktorsnám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Nemar sem þegar eru skráðir í doktorsnám við deildina geta einnig sótt um.

**Umsóknarfrestur er til 30. maí 2012.**
Umsókn skal vera á íslensku eða ensku.

**Umsækjendur geta sótt um á þrenns konar máta:**

- Nemandi sækir um að vinna við eitt af þeim verkefnum sem kennarar bjóða upp á.
- Nemandi sækir um styrk vegna verkefnis sem hann hefur þróað sjálfur.
- Nemandi og leiðbeinandi leggja fram sameiginlega umsókn.

Umsóknum skal skila til skrifstofu Viðskiptafræðideildar, Gimli v/Sæmundargötu, 101 Reykjavík, í síðasta lagi 30. maí 2012.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar eru á heimasíðu Viðskiptafræðideildar, **www.vidskipti.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

# Leikræn og lipur fengitíð

Leikhús ★★★

**Svar við bréfi Helgu**

**Höfundur:** Bergsveinn Birgisson. **Leikgerð:** Ólafur Egilsson. **Leikarar:** Þröstur Leó Gunnarsson, Ilmur Kristjánsdóttir, Gunnar Hansson og Ellert A. Ingimundarson. **Leikmynd:** Snorri Freyr Hilmarsson. **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson. **Búningar:** Stefanía Adolfsdóttir. **Tónlist:** Frank Hall. **Leikstjóri:** Kristín Eysteinsdóttir.



**Borgarleikhúsið**

Enn er verið að leikgera bók. Í þetta sinn bók sem vakti mikið umtal er hún kom út og fékk góða dóma. Í Borgarleikhúsinu takast fimm leikarar á við textann í glettilega góðri leikgerð Ólafs Egils Egilssonar og umgjörð Snorra Freys Hilmarssonar.
Bjarni er bóndi í að því er virðist nokkuð afskekktri sveit, ástfanginn af konunni á næsta bæ. Hún var líka ástfangin af honum og saman áttu þau ævintýr sem þó var meira kjaftasaga sveitunganna en þeirra eigin í upphafi. Eiginkona Bjarna virtist vera nokkuð eldri og glímdi við krankleika og var ástalíf þeirra heldur fábrotið. Bjarni er orðinn fullorðinn maður og lítur til baka yfir líf sitt þegar hann ritar Helgu bréfið. Í upprifjuninni verða þessar stolnu stundir að fengitíð lífs hans. Hann var svo bundinn sinni sveit og loforðum við forfeðurna að hann fórnaði ástinni. Stoltið var þó ekki veikleikanum yfirsterkara heldur sökk hann um hríð inn í skuggaveröld Bakkusar.
Leikgerðin er mjög spennandi. Ólafur Egill hefur auga fyrir því að lyfta fram aðstæðum á mjög svo leikrænan og lipran máta, þannig að úr verður heilsteypt verk án kyrrstöðu. Ilmur Kristjánsdóttir var máske í hlutverki Helgu full ung og fögur miðað við þá mynd sem lesendur höfðu af hinni brjóstamiklu konu en það kom ekki að sök því leikurinn vó upp á móti því. Mikið mæðir á Þresti Leó í textameðferð og að halda dampinum í sýningunni. Honum verður ekki skotaskuld úr því en til liðs við sig hefur hann tvo sterka menn, þá Ellert A. Ingimundarson og Gunnar Hansson sem bregða sér í öll þau karlgervi sem fyrir koma í frásögninni.
Einstakar lausnir eru eftirminnilegar, til dæmis þegar þeir félagar ná í lík gömlu konunnar og lenda í sjávarháska. Hér var ekkert verið að veifa slæðum heldur róa þeir yfir opið haf; vatn er mikið notað í sýningunni og verður opinn fleki að hafi og læk þar sem ýmist er ógnað eða heillað með nærveru þess.
Lýsing Björns Bergsteins þar sem ljósinu er beint úr vatninu og upp á hina ástsjúku konu er hrífandi.
Tónlistin í upphafi og undir lokin leiddi hugann einnig á vit vatnsins. Sigrún Edda Björnsdóttir leikur hina óhamingjusömu Unni og er engu líkara en að hún hafi fært einbeitinguna niður í stirðar mjaðmir þessarar ólukkans konu, frábær leikur.
Þetta er í raun og veru grafalvarlegt verk sem byggir á hinni sígildu gömlu spurningu um sveitina eða mölina, ástina eða skylduna og þó svo að líkingamálið sé allt meira og minna úr veruleika fjárbóndans fjallar þetta þó um hið sammannlega og Ólafur Egill lyftir fram spaugilegum augnablikum þannig að úr verður hin besta skemmtun. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Góð sýning með skýrri persónusköpun.




Vortónleikar í Langholtskirkju

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudaginn | 1. maí | kl. 20:00 |
| Miðvikudaginn | 2. maí | kl. 20:00 |
| Fimmtudaginn | 3. maí | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 5. maí | kl. 16:00 |

*Á efnisskrá verða m.a. flutt verk eftir eitt fremsta tónskáld samtímans Eric Whitacre, franska tónskáldið Charles-Camille Saint-Saëns, ítalskar aríur og kór eftir Giuseppe Verdi og lög úr amerískum söngleikjum eftir George Gershwin og John Kander.*
*Einnig verða flutt íslensk lög eftir Eyþór Stefánsson, Inga T. Lárusson, Sigfús Halldórsson, Sigvalda Kaldalóns og syrpa laga eftir Árna Thorsteinsson í útsetningu Jóns Þórarinssonar.*




Einsöngur Gissur Páll Gissurarson
Píanó Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Stjórnandi Árni Harðarson

*Verð aðgöngumiða 3.000 kr. Miðasala við innganginn.*



**KRISTJÁN INGIMARSSON** Leikhópur hans, Neander, hlaut sérstök verðlaun dómnefndar fyrir sýninguna BLAM! sem sýnd verður í Borgarleikhúsinu að ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Verðlaunasýningin BLAM! til Íslands

Kristján Ingimarsson leikhúslistamaður hlaut Reumert-verðlaunin, ein helstu leiklistarverðlaun Dana, á sunnudagskvöld. Verðlaunin hlaut Kristján ásamt leikhópi sínum, Neander, fyrir sýninguna BLAM! sem sýnd er í Kaupmannahöfn um þessar mundir og hefur hlotið frábærar viðtökur og góða dóma í dönskum fjölmiðlum. Að sögn Hildar Harðardóttur, upplýsingafulltrúa Borgarleikhússins, verður BLAM! sýnt í Borgarleikhúsinu í apríl að ári.

Reumert-verðlaunin voru afhent í fjórtánda sinn í Konunglega leikhúsinu á sunnudagskvöld. Konunglega leikhúsið hlaut flest verðlaun, alls sex, þar á meðal fyrir bestu sýninguna, en BLAM! hlaut sérstök verðlaun dómnefndar. BLAM! fjallar um þrjá skrifstofumenn sem eru undir járnhæl yfirmanns síns. Í hvert skipti sem yfirmaðurinn lítur í aðra átt fer ímyndunarafl skrifstofumannanna á flug og þeir endurupplifa uppáhaldsatriði sín úr ýmsum kvikmyndum.

Kristján Ingimarsson hefur verið búsettur í Danmörku síðan 1992 en sett upp nokkrar sýningar hérlendis, síðast danssýninguna Af ástum manns og hrærivélar, sem frumsýnd var á Listahátíð í Reykjavík 2010 og var tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna.

PIPAR\TBWA-SÍA

## Spennandi húsnæði til sölu eða leigu






## Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningarsalur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m². Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



## Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m² kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m² aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



## Banki

Húsnæðið er 292 m² og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



## Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m². Húsið er ákaflega rammbyggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.

ÁSBRÚ
Samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs

Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.




**Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á www.asbru.is/fasteignir.**

Kadeco®
Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is



**SÖNGKONAN BEYONCÉ** segir orðróminn um gervióléttu sína ekki vera hið minnsta særandi heldur aðeins klikkaðan. Fjölmiðlar veltu sér mikið upp úr því hvort Beyoncé væri í raun ólétt á sínum tíma.

KOLAPORTIÐ
Lifandi markaður

OPIÐ í dag kl. 11-17



VERTU VELKOMIN/N Í HÁSKÓLANN Á AKUREYRI!

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

Á heilbrigðisvísindasviði er boðið upp á nám í þremur deildum:

- Hjúkrunarfræði**
- Iðjuþjálfunarfræði*
- Framhaldsnám í heilbrigðisvísindum
  - M.S. í heilbrigðisvísindum
  - Viðbótarnám í heilbrigðisvísindum (40 einingar)

*Einnig í boði í fjarnámi
**Fjarkennt til Reykjanesbæjar og Ísafjarðar

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Í boði er nám í þremur deildum á hug- og félagsvísindasviði;
félagsvísindadeild, lagadeild og kennaradeild:

- Félagsvísindi*
- Fjölmiðlafræði*
- Kennarafræði* (leik- og grunnskólastig)
- Lögfræði
- Nútímafræði*
- Sálfræði*
- Heimskautalögfræði L.L.M/M.A.
- Menntavísindi
  - M.A. í menntavísindum
  - Viðbótarnám í menntavísindum (60 einingar)
- Menntunarfræði
  - M.Ed. í menntunarfræðum
  - Viðbótarnám í menntunarfræðum (60 einingar)

VIÐSKIPTA- OG RAUNVÍSINDASVIÐ

Á viðskipta- og raunvísindasviði er boðið upp á nám í viðskiptadeild og auðlindadeild:

- Líftækni*
- Sjávarútvegsfræði*
- Náttúru- og auðlindafræði*
- Viðskiptafræði*
- M.S. í auðlindafræði
- M.S. í viðskiptafræði

Engin skólagjöld, innritunargjald fyrir skólaárið kr. 45 þúsund.

Umsóknarfrestur til 5. júní

www.unak.is



**FLOTTUR** Þrumuguðinn Þór bíður átekta.

Bíó ★★★★☆

**The Avengers**

Leikstjórn: Joss Whedon

**Leikarar:** Robert Downey Jr., Chris Evans, Mark Ruffalo, Chris Hemsworth, Scarlett Johansson, Jeremy Renner, Tom Hiddleston, Samuel L. Jackson, Stellan Skarsgård, Gwyneth Paltrow

## Árshátíð ofurhetja

Það er vel þekkt fyrirbæri í tónlistarheiminum að nokkrir þekktir músíkantar rotti sig saman og stofni súpergrúppu, fyrirbæri sem er að mestu eins og saumaklúbbur, nema fyrir miðaldra menn sem rokka í stað þess að prjóna. Oftast er útkoman rembingslegt miðjumoð og ég hafði nokkrar áhyggjur af því að kvikmyndarinnar The Avengers biðu sömu örlög. Kvikmyndin inniheldur margar af helstu ofurhetjum Marvel-skrípóblaðanna, og eru Iron Man, Hulk, Thor og Captain America þar fremstir í flokki. Allir eru þeir risastórir karakterar og hver og einn þarf sitt pláss.

Eins og á hverju öðru ættarmóti eða árshátíð eru samskiptin þvinguð í fyrstu. Alvörugefinn Kafteinninn þolir ekki síspaugandi Járnmennið, þrumuguðinn Þór er oftast úti á þekju og Hulk úti á enn stærri þekju. En þegar líða tekur á kvöldið er öllu jarðnesku lífi ógnað af miskunnarlausum vörgum úr geimnum og neyðast hetjurnar því til að leggja ágreininginn til hliðar og berjast saman til síðasta blóðdropa.

Robert Downey Jr. stelur senunni (sem var að vísu viðbúið) með gríni og grallaraskap, en báðir Chris-arnir (Evans og Hemsworth) eru skemmtilega flatir og húmorslausir. Mark Ruffalo er nýr í hlutverki Hulk (tekur við af Edward Norton) og gerir persónuna áhugaverðari en hún hefur áður verið. Hann fær þó minnsta hlutverkið og var það líklega hárrétt ákvörðun, en á Hulk hefur hvílt eins konar bíóbölvun fram að þessu. Þá mætir Scarlett Johansson gífurlega sterk til leiks sem fótafimi njósnarinn Natasha Romanoff og skyggir jafnvel á karlana í mesta hamaganginum.

Við þekkjum hetjurnar og höfum séð hverja einustu tæknibrellu margsinnis áður. Það eru samskipti og samvinna persónanna sem við viljum sjá. Heimurinn er heillaður af spurningum á borð við: „Hvað gerist ef Hulk hittir Thor?", „Hver er sterkust af Marvel-hetjunum?", „Gætu Bob Dylan, Roy Orbison, George Harrison, Tom Petty og gaurinn úr ELO verið saman í hljómsveit?". Það gátu þeir vissulega og líkt og í tilfelli Traveling Wilburys er það létt andrúmsloftið sem gerir The Avengers að því sem hún er. Allir hjálpast að og allir fá að láta ljós sitt skína.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Alvöru árshátíð. Mikið hlegið og allir í sínu fínasta pússi. Hulk var þó vísað á dyr fyrir óspektir.

# Gott að ljúka við söguna

**Christopher Nolan er ánægður með að hafa getað lokið við Batman-sögu sína. The Dark Knight Rises, sem kemur út í júlí, er þriðja og síðasta mynd leikstjórans og aðalleikarans Christians Bale.**

**„Án þess að fara út í smáatriði er lykilatriðið í þessari þriðju mynd að okkur langar að ljúka við söguna," segir Nolan. „Við lítum á myndina sem endalok og þurfum ekki að víkka söguna út. Ólíkt myndasögunum halda hlutirnir ekki áfram endalaust í kvikmyndunum og það að líta á þetta sem sögu með endi er mikilvægt."**



**ENDALOK** The Dark Knight Rises er þriðja og síðasta Batman-mynd Nolans.

SUMAR 2012

## NÝJAR VÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

# OPIÐ Í DAG!

## milli 11 og 16

Regatta GREAT OUTDOORS®

Dare 2b

CRAGHOPPERS

BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

### Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |

### Dömur & herrar

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolir | 1.990,- | Softshell peysur | 4.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- | Isotex jakkar | 7.490,- |
| Buxur | 4.990,- | Isotex kápur | 7.490,- |
| Kvart buxur | 4.990,- | Undirföt buxur | 2.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- | Undirföt bolir | 2.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- | Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- | Bakpokar, skór ofl. | |
| Flís peysur | 3.990,- | | |

# ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“



**Hjá okkur má skila og skipta**

**OPIÐ**
**VIRKA DAGA 11 – 18**
**LAUGARD. 11 – 16**
**SUNNUD. 13 –16**

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 3:40 - 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL. TALI | KL. 1:20 -3:20 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 1:30 | 2D | L |
| DÝRAFJÖR 3D ÍSL. TALI | KL. 2 | 3D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC | KL. 9 | 3D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 2 | 2D | L |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 3:30 | 2D | 12 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| AVENGERS | KL. 2 - 5 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |
| FJÖRFISKARNIR ÍSL. TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 8 | 16 |
| GONE | KL. 6 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5:50 - 10 | 2D | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS 3D | KL. 1 - 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS 3D LÚXUS | KL. 1 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS 2D | KL. 1 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 - 3.20 - 5.40 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 11 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD (BULLY) | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| IRON SKY | KL. 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.15 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE | KL. 6 - 8 | 12 |
| MIRROR MIRROR | KL. 6 | L |

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AVENGERS 3D | 2, 4, 7, 10-POWER |
| THE AVENGERS 2D | 2 |
| 21 JUMP STREET | 5.45 og 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 10.20 |
| HUNGER GAMES | 7 og 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 2 og 5 |




# SVART EÐA HVÍTT

**Mikill fjöldi þekktra einstaklinga sótti hinn árlega The White House Correspondents kvöldverð sem fram fór á sunnudaginn. Gestir klæddust sínu fínasta pússi líkt og sjá má á myndunum.**

Viðburðurinn hefur farið fram nánast árlega frá árinu 1924 og er sóttur af fyrirmennum, blaðamönnum og stórstjörnum. Gestir mættu allir spariklæddir á viðburðinn og voru hvítir og svartir kvöldkjólar vinsælir meðal kvennanna.



**ÁSTFANGIN** Hjónin Stephen Moyer og Anna Paquin klæddust bæði svörtu. Þau eiga von á sínu fyrsta barni síðar á árinu.



**MYNDARLEG** Leikkonan unga, Dakota Fanning, klæddist fallegum, fölbláum kjól sem skreyttur var litlum silfurlituðum blómum.



**FRÍÐ** Leikkonan Charlize Theron var glæsileg í svörtum blúndukjól og með látlausa hárgreiðslu.



**GLÆSILEGT PAR** Leikkonan Ginnifer Goodwin mætti ásamt Josh Dallas og klæddu þau sig í stíl.
NORDICPHOTOS/GETTY



**HVÍTKLÆDD** Rússneska fyrirsætan Irina Shayk klæddist hvítum síðkjól með gyllt belti um sig miðja. Shayk er kærasta fótboltakappans Cristianos Ronaldo.

# Johnson gjaldþrota

Fyrirtæki fatahönnuðarins Betsey Johnson hefur óskað eftir gjaldþrotaskiptum samkvæmt fréttum WWD.com. Öllum verslunum í eigu fyrirtækisins verður lokað og um 350 manns sagt upp störfum í kjölfarið.

Betsey Johnson LLC rekur 63 verslanir víðs vegar um Bandaríkin auk vefverslunar og verður verslununum lokað á næstu vikum. Johnson, sem er sjötug, mun þó halda áfram að hanna fyrir samstarfsverkefni sitt og verslunarkeðjunnar Macy's. „Ég elska að geta hannað flíkur sem kosta ekki of mikið. Það hentar vel stúlkunum er kaupa hönnun mína," sagði hönnuðurinn í viðtali við WWD.com.

Johnson er þekkt fyrir litaglaða og ærslafulla hönnun sína og fer hún handahlaup í lok hverrar tískusýningar.



**GJALDÞROTA** Fatahönnuðurinn Betsey Johnson hefur lýst sig gjaldþrota.
NORDICPHOTOS/GETTY

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

ÞRIÐJUDAGUR: JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ LÓNBÚINN 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ CARNAGE 20:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!




POP UP
ÚTSÖLUMARKAÐUR
OPNUM Í DAG
SPENNANDI ÚTSÖLUMARKAÐ...
AÐEINS Í NOKKRA DAGA
í kjallara evu
Laugavegi 26
50-60%
afsláttur
af öllum vörum
Opið í dag 13-18
Merkjavörur frá:
KARAKTER KONUR
gs skór
COMPANYS
Kultur menn
Kultur
eva
Útsölumarkaður Laugavegi 26

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** badmintonkona er væntanlega á leið á Ólympíuleikana í London í sumar. Hún mun fá það formlega staðfest á fimmtudag þegar opinber heimslisti verður gefinn út. Leikarnir í London verða aðrir leikar Rögnu en hún tók einnig þátt í Peking fyrir fjórum árum síðan.

# Manchester-borg er blá

**Man. City komst í gær á topp ensku úrvalsdeildarinnar er það lagði nágranna sína í Man. Utd 1-0. Það var fyrirliðinn Vincent Kompany sem skoraði eina mark leiksins með skalla. Aðeins eru tvær umferðir eftir af deildarkeppninni.**

**FÓTBOLTI** Man. City er með pálmann í höndunum í ensku úrvalsdeildinni þegar aðeins tvær umferðir eru eftir. City og Man. Utd eru jöfn að stigum en markamunurinn er betri hjá City. Munar þar átta mörkum.

City á eftir að mæta Newcastle og QPR í síðustu tveim leikjum sínum á meðan Man. Utd spilar gegn Swansea og Sunderland.

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að Man. Utd hafi verið með átta stiga forskot fyrir aðeins þremur vikum síðan. Þá töldu flestir að ballið væri búið en því fór víðs fjarri. Leikmenn Man. Utd hafa aftur á móti misst flugið og sigur City í gær var sanngjarn.

Leikurinn var afar lítið fyrir augað og í raun hundleiðinlegur. Mikilvægi leiksins leyndi sér ekki því bæði lið voru afar þétt fyrir og gáfu fá færi á sér.

Kompany braut ísinn í uppbótartíma fyrri hálfleiks og það gaf væntingar um betri leik í þeim síðari. Hann var aðeins opnari en leikmenn City voru þó alltaf með hann í öruggum höndum.

Varnarleikurinn magnaður og Man. Utd fékk aðeins eitt einasta færi í leiknum. Ekki eitt! Það segir sína sögu um varnarleikinn. Skyndisóknir City ágætar og þeir voru mun nær því að bæta við en United að jafna leikinn. Sigurinn því fyllilega verðskuldaður.

Þrátt fyrir vænlega stöðu vill Roberto Mancini, stjóri City, enn meina að United standi betur að vígi í toppbaráttunni.

„Það hefur ekkert breyst. United stendur betur að vígi en við sjáum hvernig staðan verður á sunnudag. Við eigum tvo erfiða leiki eftir en United tvo auðvelda," sagði Mancini en staða City er einföld. Vinni liðið sína leiki er það meistari.



**GULLSKALLI** Vincent Kompany fagnar marki sínu í gær sem skaut Man. City á topp ensku úrvalsdeildarinnar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, var súr eftir tapið en viðurkenndi að United hefði tapað gegn betra liði að þessu sinni.

„Við reyndum ekkert á markvörðinn þeirra. Við byrjuðum vel og vorum miklu betri fyrstu 15 mínútur leiksins. Markið kom svo á versta tíma fyrir okkur," sagði Ferguson.

„Ég get ekki kvartað yfir þessum úrslitum. Þeir ógnuðu meira. Þetta eru hræðileg úrslit og City er nú komið í bílstjórasætið. Þeir þurfa bara að vinna tvo leiki til þess að verða meistarar. Þetta er ekki flókið."

Ferguson og Mancini rifust heiftarlega um miðjan síðari hálfleikinn.

„Mancini var að djöflast í fjórða dómaranum í allt kvöld og búinn að kvarta yfir dómurum alla vikuna. Hann gat ekkert kvartað yfir þessum."

henry@frettabladid.is



**PODOLSKI** Verður í fremstu víglínu hjá Arsenal næsta vetur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Lukas Podolski:

## Fer til Arsenal

**FÓTBOLTI** Köln og Arsenal hafa nú staðfest að sóknarmaðurinn Lukas Podolski muni í sumar ganga til liðs við síðarnefnda félagið.

Podolski er 26 ára gamall og á að baki 95 leiki með þýska landsliðinu. Talið er að kaupverðið sé um ellefu milljónir punda, eða um 2,3 milljarðar króna.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, lýsti yfir ánægju sinni með þetta í viðtali á heimasíðu félagsins. „Hann er leikmaður í hæsta gæðaflokki og erum við mjög ánægðir með að hafa náð samkomulagi við hann. Við lítum svo á að hann sé mikilvægur þáttur í okkar framtíðaráætlunum," sagði Wenger. „Það er gott að hafa gengið frá þessu máli og við hlökkum til að sjá hann spila með þýska landsliðinu á EM í sumar."

Podolski ólst upp hjá Köln en var á mála hjá Bayern München frá 2006 til 2009. Þar átti hann misjöfnu gengi að fagna en hann hefur verið duglegur að skora fyrir Köln síðustu tvö árin.

Köln er þó í bullandi fallbaráttu í þýsku úrvalsdeildinni og þarf nánast á kraftaverki að halda í síðustu umferðunum til að forðast fallið.

- esá



**RASMUS ELM** Fer frá Jóhanni Berg og félögum í AZ í sumar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Rasmus Elm:

## Líklega á leið til Liverpool

**FÓTBOLTI** Enska götublaðið The Sun fullyrti í gær að Liverpool hefði komist að samkomulagi við hollenska liðið AZ Alkmaar um kaupverð á Svíanum Rasmus Elm.

Elm er miðvallarleikmaður sem hefur slegið í gegn í hollensku deildinni en hann leikur við hlið íslenska landsliðsmannsins Jóhanns Bergs Guðmundssonar hjá AZ.

Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, fór til Hollands um helgina til að sjá Elm spila en sá síðarnefndi missti reyndar af leiknum þar sem eiginkona hans var komin á fæðingardeildina.

Ferðin var þó ekki til einskis, segir í fréttinni, því ákveðið var að ganga frá samkomulagi um kaupverð. Er það sagt vera um átta milljónir punda.

Elm er 24 ára gamall og á 22 landsleiki að baki. Hann er sagður hafa komist að samkomulagi um kaup og kjör við Liverpool áður en Dalglish ferðaðist til Hollands.

Elm hefur undanfarin ár verið orðaður við mörg helstu stórlið Evrópu og aðeins talið tímaspursmál hvenær hann myndi yfirgefa herbúðir hollenska liðsins sem er vant því að missa sína bestu menn. Í fyrra misstu þeir Kolbein Sigþórsson yfir til Ajax.

- esá

## ÚRSLITAKEPPNI 2012

LOKAÚRSLIT KARLA

Þriðjudagur | 1. maí | Kl. 15:45
**FH–HK**
Kaplakrika | Leikur 1

Fimmtudagur | 3. maí | Kl. 19:15
**HK–FH**
Digranes | Leikur 2

Sunnudagur | 6. maí | Kl. 15:45
**FH–HK**
Kaplakrika | Leikur 3



**N1-DEILDIN**

Úrslitarimma FH og HK í N1-deild karla hefst í Kaplakrika í dag:

## Þessir guttar eru enn hungraðir

**HANDBOLTI** Í dag er á dagskrá fyrsti leikurinn í úrslitarimmu FH og HK um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta. FH er ríkjandi meistari og hafði betur gegn Akureyri í undanúrslitum en HK-ingar „sópuðu" deildarmeisturum Hauka úr leik í sinni undanúrslitarimmu.

Vilhelm Gauti Bergsveinsson, fyrirliði HK, neitar því ekki að sú rimma hafi komið þeim sjálfum á óvart. „Það fer enginn í rimmu gegn Haukum og bókar 3-0 sigur. En við fundum ákveðin vopn sem við náðum að beita fullkomnlega gegn þeim," segir Vilhelm.

Hann bætir við að menn séu ekki orðnir sáttir og vilji meira. „Ég hef ekki áhyggjur af því. Þessir guttar eru mjög hungraðir og þá langar virkilega mikið til að fara alla leið. Þrátt fyrir allt var heilmikið í leikjunum gegn Haukum sem við getum bætt og höfum við farið vel yfir þau atriði."



**HÆTTULEGUR** FH-ingar þurfa að hafa góðar gætur á Bjarka Má Elíssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Baldvin Þorsteinsson, fyrirliði FH, segist finna fyrir minni stemningu í kringum liðið nú en fyrir ári síðan, þegar liðið vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil í nítján ár. „Maður óttast kannski að menn séu svolítið saddir eftir þann titil en ég vona að ég hafi rangt fyrir mér," segir Baldvin. „Rimman gegn Akureyri var þó ágæt og sérstaklega var gott að við vorum með alla leikmenn heila. Var það í eitt af fáum skiptum í vetur sem við gátum notað alla okkar bestu menn."

Báðir eru þeir sammála um að úrslitarimman verði jöfn og spennandi. „Leikir okkar í vetur sýna að það er lítið á milli þessara liða. Ég á ekki von á öðru en að þetta verði jafnir leikir," segir Baldvin.

Vilhelm á í það minnsta von á erfiðari rimmu en gegn Haukum. „Mun erfiðari. Við höfum til að mynda ekki unnið FH enn í vetur og er það þröskuldur sem við þurfum að komast yfir."

- esá






## THE KILLING

**HVER MYRTI ROSIE LARSEN?**
Magnaður þáttur byggður á dönsku spennuþáttaröðinni Forbrydelsen
**Hefst 13. maí**

skemmtilegri

# VERTU MEÐ Í MAÍ!

Það er geggjað grín og leiftrandi spenna framundan á Stöð 2.
**Tryggðu þér áskrift í síma 512 5100 eða á stod2.is**

## GAMAN



**TWO BROKE GIRLS**
Ný gamanþáttaröð sem hefur slegið öll met vestanhafs.
**Hefst 9. maí**

**HOW I MET YOUR MOTHER**
**TWO AND A HALF MEN**
**MIÐ-ÍSLAND**
**BIG BANG THEORY**
**NEW GIRL**

## DRAMA



**GREY'S ANATOMY**
Einn vinsælasti þáttur Stöðvar 2 frá upphafi.
**Miðvikudaga kl. 21:20**

**HOMELAND**
**GAME OF THRONES**
**GOSSIP GIRL**
**SILENT WITNESS**

## FJÖLSKYLDA



**WIPEOUT USA**
Kominn aftur og nú blautari og drullugri en nokkru sinni!
**Hefst 5. maí**

**THE SIMPSONS**
**AMERICAN IDOL**
**AMAZING RACE**
**ALGJÖR SVEPPI**
**SKOPPA OG SKRÍTLA**
**LATIBÆR**

## FRÆÐSLA



**ÍSLAND Í DAG**
Fréttir, fræðsla og gaman.
Vertu með í umræðunni!
**Mánudaga – laugardaga**

**FRÉTTIR**
**60 MINUTES**
**THE DAILY SHOW**
**SJÁLFSTÆTT FÓLK**
**ET**

## BÍÓMYNDIR



**GULLIVER'S TRAVELS**
Sprelligosinn Jack Black gerir allt vitlaust í putalandi.
**Laugardaginn 26. maí**

**BOURNE ULTIMATUM** (19. maí)
**SECRETARIAT** (12. maí)
**88 MINUTES** (26. maí)
**COCO AVANT CHANEL** (27. maí)

ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> Stöð 2 kl. 20.35

### The Big Bang Theory

*Fjórða þáttaröðin af The Big Bang Theory hefst á Stöð 2 í kvöld en þessi þáttaröð komst á toppinn í Bandaríkjunum sem vinsælasti gamanþátturinn. Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar. Hæfileikar þeirra nýtast þeim þó ekki í samskiptum við annað fólk og allra síst við hitt kynið.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA HLÆR

# Kostulegir Trjálfar

Barnaefni finnst mér alltof oft bera það með sér að þeir sem bjuggu það til beri hvorki virðingu fyrir börnum né skilji hvernig þau hugsa. Þess vegna verð ég alltaf svo glöð þegar ég kemst í tæri við skemmtilegt barnaefni, sem fær mig ekki til þess að reyta hár mitt og skegg, ef ég hefði það.

Trjálfarnir, sem skjóta stundum upp kollinum í Stundinni okkar, eru gott dæmi um frábærlega heppnað barnaefni. Þeir sanna líka tvennt, sem þeir búa til þætti fyrir börn, eða kaupa þá inn, mættu hafa í huga. Í fyrsta lagi að fallegur boðskapur þarf ekki að gera barnaefni leiðinlegt. Í öðru lagi að foreldrar geta haft jafn gaman af því að horfa og krakkarnir.

Trjálfarnir eru einhvers konar álfar sem búa í skóginum. Þeir heita Börkur Birkir Trjáson og Reynir Víðir Lyngdal og eru bæði frændur og bestu vinir. Í hverjum þætti eru þeir að sýsla við eitthvað, sem gerir náttúrunni gott, eins og að flokka rusl eða klippa tré. Þau Helga Braga og Steinn Ármann túlka Trjálfana af snilld og eru bæði tvö brjálæðislega fyndin í hlutverkunum. Ég skil ekki af hverju þau hafa ekki fengið meiri athygli fyrir þau.

Næst finnst mér að Trjálfarnir eigi að fá að stjórna Stundinni okkar alfarið. Það myndi ég alltaf horfa.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Roðinn í austri **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tangóskór og fótaflækjur **11.00** Komi þetta ekki í ár, þá kemur það að ári **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Úr neysluæði í kreppu **14.00** Falin framtíð **15.00** Hvað varð um atómsprengjuna? **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Stórsveit Reykjavíkur 20 ára **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Auglýsingar **18.17** Frá útihátíðarhöldum 1. maí nefndar verkalýðsfélaganna í Reykjavík **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Komdu með mér og ég skal sýna þér sólina setjast fyrir fullt og allt **20.00** Leynifélagið **20.30** Smásaga: Móðirin **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.45 Íslenski boltinn** (e)
**15.30 Úrslitakeppnin í handbolta**
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Hið mikla Bé**
**18.17 Táknmálsfréttir**
**18.25 2012** (2:6) (Twenty Twelve) Leikin þáttaröð um fólkið sem skipuleggur Ólympíuleikana í London í sumar.
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Hvað í ósköpunum ertu að gera hérna, Anna Elísabet?** Heimildamynd um Önnu Elísabetu Ólafsdóttur, garðyrkjubónda í Tansaníu.
**20.05 EM stofa** (1:5) Í þáttunum er litið á riðlana fjóra á EM í fótbolta í sumar. Lið og leikmenn eru kynnt og spáð í spilin. Umsjónarmaður er Einar Örn Jónsson.
**20.35 Fjórmenningar** (5:6) (The Inbetweeners)
**21.00 Ólöf Arnalds og Skúli Sverrisson á Listahátíð 2011** Upptaka frá tónleikum í Hörpu 20. maí.
**22.15 Einkaspæjarinn – Málavextir - Seinni hluti** (2:6) (Case Histories)
**23.10 Óvinur ríkisins** (Enemy of the State) Bandarísk spennumynd frá 1998. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.20 Wonder Years** (21:23)
**12.45 Gott kvöld** Skemmtilegt barnaleikrit sem var sýnt í Þjóleikhúsinu árið 2008.
**13.35 Next Avengers: Heroes of Tomorrow** Spennandi teiknimyndaævintýri frá Marvel og fjallar um börn ofurhetja sem hafa alist upp í þrettán ár undir verndarvæng Tony Stark, betur þekktur sem Járnmaðurinn.
**14.50 So you think You Can Dance** (11:23)
**15.35 Hank** (7:10)
**16.00 Two and a Half Men** (14:22)
**16.25 Sjáðu**
**16.55 Wipeout USA**
**17.35 The Middle** (11:24)
**18.00 Friends** (5:24)
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Veður**
**19.00 The Simpsons**
**19.25 Malcolm in the Middle** (22:22)
**19.45 Better With You** (18:22)
**20.10 Two and a Half Men** (10:24)
**20.35 The Big Bang Theory** (1:24) Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilega gamanþætti um Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar sem vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.
**21.00 How I Met Your Mother** (4:24)
**21.25 White Collar** (9:16)
**22.10 Burn Notice** (16:20) Spennuþættir um njósnarann Michael Westen.
**22.50 The Daily Show: Global Edition**
**23.20 New Girl** (11:24)
**23.45 Grey's Anatomy** (19:24)
**00.30 Gossip Girl** (12:24)
**01.10 Pushing Daisies** (10:13)
**01.55 Entourage** (1:12)
**02.25 Breaking Bad** (1:13)
**03.10 Damages** (1:13)
**04.00 Damages** (2:13)
**04.45 The Big Bang Theory** (1:24)
**05.05 How I Met Your Mother** (4:24)
**05.30 Two and a Half Men** (10:24)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.25 Spænski boltinn: Real Madrid - Sevilla**
**18.10 Þýski handboltinn: Kiel - Magdeburg** BEINT
**19.50 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**20.20 Iceland Express: Grindavík-Þór**
**22.05 Þýski handboltinn: Kiel - Magdeburg**
**23.30 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 90210** (14:22) (e)
**16.40 Dynasty** (22:22) Ein þekktasta sjónvarpsþáttaröð veraldar. Þættirnir fjalla um olíubaróninn Blake Carrington, konurnar í lífi hans, fjölskylduna og fyrirtækið.
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got to Dance** (9:15) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (12:48) (e)
**19.25 Rules of Engagement** (15:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (22:24) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (4:12) Dani reynir að komast að því hvers vegna grænjaxlinn Randall Boozle skrópar stöðugt á æfingum.
**21.00 The Good Wife** (14:22)
**21.50 Unforgettable** (2:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Hvort sem það eru samræður, andlit eða atburðir, er líf hennar ógleymanlegt.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 In Plain Sight** (1:13) (e)
**00.10 Californication** (10:12) (e)
**00.40 Necessary Roughness** (4:12) (e)
**01.30 The Good Wife** (14:22) (e)
**02.20 Unforgettable** (2:22) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## BBC entertainment

**06.25** Keeping Up Appearances **08.05** Dalziel and Pascoe **09.40** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.45** Come Dine With Me **11.35** QI **12.35** Keeping Up Appearances **13.35** One Foot in the Grave **14.40** Top Gear **15.35** QI **16.35** Come Dine With Me **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.55** Little Britain **21.55** Live at the Apollo **22.40** Top Gear **23.30** Little Britain **00.00** Lee Evans: XL **00.50** The Graham Norton Show **01.45** Little Britain

## BÍÓ

**08.15 Time Traveler's Wife**
**10.00 School of Life**
**12.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**14.00 Time Traveler's Wife**
**16.00 School of Life**
**18.00 Unstable Fables: 3 Pigs & a Baby**
**20.00 Angels & Demons**
**22.15 The Last House on the Left**
**00.05 Wedding Daze**
**02.00 Pride**
**04.00 The Last House on the Left**
**06.00 Valkyrie**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. City - Man. Utd.**
**12.10 Sunderland - Bolton**
**14.00 Swansea - Wolves**
**15.50 Chelsea - QPR**
**17.40 Premier League Review 2011/12**
**18.35 Liverpool - Fulham** BEINT
**20.45 Football League Show**
**21.15 Stoke - Everton**
**23.05 Liverpool - Fulham**
**00.55 Stoke - Everton**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (103:175)
**20.15 Monk** (7:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 How I Met Your Mother** (12:24)
**21.50 Smash** (9:15)
**22.40 Game of Thrones** (5:10)
**23.35 Silent Witness** (1:12)
**00.20 Twin Peaks** (17:22)
**01.10 Better Of Ted** (12:13)
**01.35 Malcolm In the Middle** (22:22)
**02.00 Better With You** (18:22)
**02.25 Monk** (7:16)
**03.10 The Doctors** (103:175)
**03.50 Íslenski listinn**
**04.15 Sjáðu**
**04.40 Fréttir Stöðvar 2**
**05.10 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Zurich Classic 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** LPGA Highlights (7:20) **14.10** Zurich Classic 2012 (2:4) **17.00** The Open Championship Official Film 2011 (1:1) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (16:45) **19.45** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Den svære kærlighed **11.35** Aftenshowet **12.30** Bryllup i Farver **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kommissæren og havet **21.30** OBS **21.35** En chance til

## NRK 1

**06.50** Barn for enhver pris **07.45** Norskekysten **08.25** Herman **10.00** Ut i naturen **10.30** Alzheimers vals **11.30** Folk **12.00** Glimt av Norge **12.15** Litt av et liv **13.20** Pionertida i NRK Fjernsynet **14.20** O'Horten **15.45** 4·4·2 **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **18.00** Fotografen og keiseren **18.30** Min idrett **19.00** NRK nyheter **19.10** Adresse Baku **20.10** Extra-trekning **20.20** 4-4-2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Livvaktene **22.40** Ei rituell verd **23.30** Valdres Teens

## SVT 1

**07.00** Rapport **07.05** Valborg **08.05** Fråga doktorn **08.50** Mästarnas mästare **09.50** Glass tycker jag om **09.55** Rapport **10.00** Ådalen 31 **11.50** Handboll **13.30** Ishockey **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hugo Alfvén 1872-1960 **17.00** Grete Waitz - ett lopp för livet **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Så levde de lyckliga **19.00** Malmöpolisen **20.00** Dox **21.50** Rapport **21.55** Kulturnyheterna **22.00** Försoning **00.00** Rapport **00.05** Skönhetsbubblan **01.05** Rapport

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




# Landsmót hestamanna Reykjavík 2012

**25.06 – 01.07** Athugið að forsölu lýkur 15. maí. Sæti í stúku, miðar á landsmót og hjólhýsastæði – allt bókanlegt á **www.landsmot.is**

## Taktu þátt í forsöluleiknum

Dregið verður 15. maí úr keyptum miðum í forsölu.
Í verðlaun er flug fyrir tvo til Evrópu með Iceland Express.

Minnum á afsláttarkjör félaga í LH og BÍ.
N1 korthafar fá 1.000 kr afslátt.

Iceland Express

Landssamband hestamannafélaga · Landsmót hestamanna · National Horse Show of Iceland

# SUMARIÐ ER KOMIÐ Í OUTLET 10

## Opið í dag frá kl. 11-18




Hlýrabolir: 1195.-




Blómagallabuxur




T shirts og skyrtur í miklu úrvali




Blazer jakkar




Vinsælu joggingbuxurnar
eru komnar aftur

DIESEL, ADIDAS, CHARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM

## Fullt af nýjum vörum




**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

## SUMARFRÍIÐ



*„Við fjölskyldan erum að fara til Tyrklands í byrjun sumars og svo er ég búinn að panta fullt af veiðiferðum. Svo erum við svo heppin að eiga sumarbústað sem við reynum að fara í þegar vinnan er ekki að trufla mig.“*

Jói Fel sjónvarpskokkur og bakari með meiru.

# Ljósmæður gegn útfararstjórum

Ný þáttaröð af spurningaleiknum Popppunkti sem ber yfirskriftina Barátta stéttanna verður sýnd í Sjónvarpinu í sumar.

„Við ætlum að safna saman skemmtilegum liðum með fólki úr hinum og þessum stéttum sem er sæmilega poppfrótt og er tilbúið að keppa. Við sjáum til dæmis fyrir okkur að ljósmæður mæti útfararstjórum,“ segir Felix Bergsson, sem stjórnar þættinum ásamt Dr. Gunna sem situr þessa dagana sveittur við að semja spurningar. „Fólk hefur oft verið að tala um að það langi að vera með og þarna er verið að búa til tækifæri fyrir það,“ bætir hann við.

Popppunktur verður styttri í sumar vegna Evrópumótsins í fótbolta og Ólympíuleikanna en þættirnir verða átta talsins. Aðspurður segir Felix að um eins konar milliseríu sé að ræða. Hefðbundin hljómsveitaþáttaröð mun líklega taka við af henni, enda eiga þeir félagar langt í land með að klára íslenska hljómsveitakvótann. „Það koma alltaf nýjar hljómsveitir og við erum heldur ekki búnir að fá Diktu og Of Monsters and Men. Svo hefur Bubbi aldrei mætt. Við eigum líka mikið eftir af gömlu böndunum.“

Felix býst við að forminu verði eitthvað breytt í nýju þáttaröðinni. „Liður eins og „Hljómsveit spreytir sig“ verður öðruvísi. Við ætlum að leyfa mönnum að undirbúa sig betur og jafnvel velja sér sérsvið,“ segir hann hress og lofar miklu stuði í sumar. **-fb**



**NÝ ÞÁTTARÖÐ Í SUMAR** Felix Bergsson og Dr. Gunni eru umsjónarmenn Popppunkts. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**Í HLJÓÐVERINU** Of Monsters and Men í hljóðverinu ásamt upptökustjórunum Jacquire King (lengst til vinstri) og Aroni Arnarssyni (lengst til hægri) í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ÁSMUNDUR JÓNSSON: ÞAU ERU RÉTT AÐ BYRJA

# Of Monsters hefur selt yfir hundrað þúsund eintök

Of Monsters and Men hefur selt sína fyrstu plötu, My Head Is an Animal, samanlagt í rúmum eitt hundrað þúsund eintökum. Þar af hefur hún selst í 95 þúsund eintökum í Bandaríkjunum og Kanada, samkvæmt upplýsingum frá Nielsen Soundscan sem heldur utan um plötusölu vestanhafs.

Þessar háu tölur koma ekki á óvart því platan fór beint í sjötta sæti bandaríska Billboard-listans sem er besti árangur íslensks flytjanda frá upphafi. Hér heima hefur hún selst í ellefu þúsund eintökum.

Aðspurður telur Ásmundur Jónsson, formaður Félags hljómplötuútgefenda, að töluvert meiri sala á plötunni sé framundan. „Þau eru bara rétt að byrja. Þessi plata á örugglega eftir að seljast helling í viðbót.“

Hann segir góðan árangur Of Monsters and Men í Ameríku rosalega ánægjulegan. „Það hefur verið beðið í svolítinn tíma eftir næsta listamanni frá Íslandi, að hann nái verulegum árangri úti. Það virðast bara vera þau í dag og það er alveg frábært,“ segir hann. „Það sem gerist samhliða svona árangri er að hann skapar athygli og opnar dyr fyrir aðra listamenn frá Íslandi. Það sem skiptir líka máli er að velgengnin hefst í Ameríku en ekki í gegnum Bretland eða Evrópu. Það er eitthvað nýtt í því.“

Útgáfa My Head Is an Animal, sem kom út vestanhafs í byrjun apríl, er örlítið frábrugðin þeirri sem kom út hér á landi í fyrra. Upptökur á endurbættri útgáfu plötunnar fóru fram í Reykjavík með aðstoð upptökustjórans Jacquire King sem hefur unnið með Kings of Leon. Þar eru tvö ný lög sem eru ekki á íslensku útgáfunni en einnig vantar á hana tvö lög sem voru á þeirri íslensku.

Platan hefur fengið góða dóma, þar á meðal þrjár stjörnur í vefútgáfu bandaríska tímaritsins Rolling Stone. Smáskífulagið Little Talks fær einnig fína dóma á vefsíðu Billboard. „Sakleysislegir og grípandi tónarnir segja meira en mörg orð. Undir röddunum hljómar epísk gleði með skemmtilegum blásturhljóðfærum og handaklappi í takt við órafmagnað gítarspil og kraftmikinn trommuleik,“ skrifar gagnrýnandinn. **freyr@frettabladid.is**

# Les hugsanir á töfrasýningu

„Þessi hugsanalestur hefur ekki tíðkast hjá töframönnum á Íslandi,“ segir töframaðurinn Ingó Geirdal.

Hann býður upp á alls konar töfrabrögð á sýningu sinni, allt frá rakvélarblöðum upp í hugsanalestur. „Þetta er eitthvað sem ég hef verið að þróa síðustu árin,“ segir hann um hugsanalesturinn sem hann hefur stúderað síðustu fimm ár. „Þetta er í stíl við Derren Brown og David Blaine. Ég tek þetta upp á annað stig því þetta eru ekki bara sjónhverfingar.“

Allir miðar seldust upp á sýningu Ingós í Salnum í Kópavogi og því verður önnur haldin þar sunnudaginn 13. maí. „Ég kynni þetta sem töfrasýningu sem rokkar því tónlistin sem er spiluð undir er oftar en ekki eftir Dimmu [hljómsveit Ingós]. Ég er líka klæddur í leður þannig að þetta er svolítið sameining á töfrum og tónlistinni.“

Aðspurður segist hann hafa fengið góðar viðtökur við þessari nýju sýningu, sem er ætluð fyrir alla aldurshópa. „Síðan ég byrjaði að koma fram í sömu fötum og þegar ég er að spila tónlist hefur það fengið mjög góðar viðtökur. Þetta hefur gefið svolítinn kraft í sýninguna og ég sé að fólk skynjar að maður er að gera eitthvað frá hjartanu.“ **- fb**



**TÖFRAMAÐUR** Ingó Geirdal les hugsanir og notast við rakvélarblöð á töfrasýningu sinni.

www.dominos.is sími 58·12345

Domino's Pizza®

# PIZZA FÓLKSINS!

## ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

Þú sækir miðstærð af pizzu með
þremur áleggstegundum á 1.000 kr.

PANTAÐU
Á NETINU Í
RÓ OG NÆÐI!



# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



SAFT

KOMDU FRAM VIÐ AÐRA Á NETINU EINS OG ÞÚ VILT LÁTA KOMA FRAM VIÐ ÞIG

Heimili og skóli

www.saft.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spenntur fyrir Íslandi

Ástralski stórleikarinn og Óskarsverðlaunahafinn **Russell Crowe** er á leið til Íslands eins og kunnugt er. Mun Crowe fara með aðalhlutverk í kvikmyndinni Noah í leikstjórn Darren Aronofsky sem verður að hluta tekin upp hér á landi í sumar. Íslenskir aðdáendur kappans eru að öllum líkindum spenntir að fá hann hingað til lands og ef eitthvað er að marka nýja færslu á Twitter-síðu leikarans er áhuginn gagnkvæmur. Þar segist Crowe nefnilega hafa langað að heimsækja Ísland um langa hríð og bætir svo við að hann hafi ætíð fundið fyrir tengingu við landið. Hann segist ekki hafa hugmynd um af hverju en veltir loks fyrir sér hvort fortíð hans sem víkingur hinn mesti kunni að vera ástæðan.



### Nýtt frá poppbræðrum

Popparinn **Jón Jónsson** hefur nýlokið upptökum á fimm lögum í hljóðverinu Hljóðrita í heimabæ sínum Hafnarfirði. Jón ætlar að senda frá sér nýtt efni í sumar en plata mun þó ekki vera á teikniborðinu alveg strax. Fyrsta plata hans, Wait For Fate, fékk góðar viðtökur í fyrra og seldist í um 3.500 eintökum. Jón fetar þar með í fótspor bróður síns **Friðriks Dórs** sem hefur að undanförnu sent frá sér þrjú ný lög af væntanlegri plötu sinni.

**- mþl, afb**



### Mest lesið VÍSIR

1. Mæður sem missa börn fái betri aðstöðu
2. Fjölskylda keypti 150 ára gamla kirkju og flytur brátt inn í hana
3. Kreppan beit mest á hátekjuhópa - áhrifin minni á lágtekjufólk
4. Danir orðnir drykkfelldari en Grænlendingar
5. Sex skipulagsdagar algjört lágmark






# Sofðu vel - heilsunnar vegna




## PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum. Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu" stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum



## MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



**BOAS**
Lyftustóll
Verð
**149.900**
Til í ljósu og dökku leðri

## VORTILBOÐ
### Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

**TAKMARKAÐ MAGN**
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
2x90x200 tilboð kr. **249.900**
2x100x200 tilboð kr. **269.900**



**PROFLEX**

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.



**BOARD** **S-CAPE**
**WALLHUGGER**
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

## IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald




## Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**